

Starfsskýrsla 2013



I MATVÆLASTOFNUN	4
1. Um Matvælastofnun	4
2. Rekstur og fjármál	6
3. Starfsmenn	7
4. Fræðsla	8
5. Gæðastjórnun	10
II STJÓRNSÝSLA OG LÖGFRÆÐI	12
1. Löggjöf	12
2. Evrópumál	13
3. Stjórnsýsluverkefni tengd búvörlögum	14
III MATVÆLAÖRYGGI OG NEYTENDAMÁL	16
1. Um matvælaöryggi og neytendamál	16
2. Framkvæmd eftirlits	17
3. Áburður	18
4. Plöntur	20
5. Fóður	25
6. Egg	27
7. Fiskur og fiskafurðir	28
8. Grænmeti og ávextir	30
9. Kjöt og kjötafurðir	32
10. Mjólk og mjólkurafurðir	34
11. Skelfiskur	34
12. Matvælaeftirlit heilbrigðisnefnda	36
IV HEILBRIGÐI OG VELFERÐ DÝRA	38
1. Um heilbrigði og velferð dýra	38
2. Framkvæmd eftirlits	38
3. Smitsjúkdómar	40
4. Dýravelferð	42
5. Lyfjamál	44
6. Aukaafurðir dýra	45
7. Alifuglar	46
8. Fiskar	47
9. Gæludýr	48
10. Hross	50
11. Loðdýr	52
12. Nautgripir	54
13. Sauðfé og geitur	55
14. Svín	57
V INN- OG ÚTFLUTNINGUR	58
1. Um inn- og útflutning	58
2. Innflutningur áburðar, plantna og fódurs	59
3. Innflutningur matvæla	59
4. Innflutningur dýra	61
5. Útflutningur matvæla	63
6. Útflutningur dýra	65
VI SÚNUR	66
1. Um súnur og súnvalda	66
2. Salmonella	66
3. Kampýlóbakter	71
4. E. coli 0157	73
5. Listeria	74
6. Hvísótt (Q-fever)	74
7. Sýklalyfjaóþol	75
VII VIÐAUKI (1. Starfsmannalisti / 2. Lagabreytingar / 3. Vöktun aðskotaefna / 4. Niðurstöður kjötmats)	76

Gætt að hagsmunum

Matvælastofnun hefur tekið örum breytingum frá því hún hóf störf árið 2008. Þrátt fyrir ungan aldur og stöðuga mótnu með nýjum, fjölbreyttum og viðamiklum verkefnum, hefur stofnunin þegar fengið úttekt af hálfu Ríkisendurskoðunar. Við fögnum því að niðurstaða hennar var jákvæð. Þá eru úttektir Eftirlitsstofnunar EFTA og Matvæla- og dýraheilbrigðisstofnunar ESB margar á undanförunum árum og byggja á EES-löggjöf. Til viðbótar koma úttektir af hálfu systurstofnana í viðskiptaríkjum okkar. Fáar stofnanir eru háðar úttektum af þessari tíðni og af hálfu jafn margra aðila.

Sótt á nýja markaði



Standist Matvælastofnun kröfur og þrói starfsemi sína í samræmi við ráðleggingar úttektaraðila, þá opnast markaðir fyrir íslensk fyrirtæki, þar á meðal frjálst flæði fyrir dýraafurðir á EES. Markaðir utan EES eru ekki síður mikilvægir fyrir íslenskt atvinnulíf. Matvælastofnun vinnur nú að opnun markaða í Asíu fyrir viðskipti með hross og dýraafurðir og stöðugt er unnið að breytingum á vottorðagjöf, skráningu samþykkrtra fyrirtækja á markaði og öðrum samskiptum við eftirlitsaðila og fyrirtæki. Að þessu leyti vinnur stofnunin með fyrirtækjunum í landinu að því að móta og vernda viðskiptahagsmuni þeirra. Fyrirtækin fá starfsleyfi og verða að standast opinbert eftirlit til að uppfylla kröfur. Fríverslunarsamningar sem Ísland gerir eru einnig liður í að auðvelda viðskipti milli ríkja. Viðskipti með lifandi dýr, matvæli og aðrar dýraafurðir geta þó ekki átt sér stað utan EES, nema til komi frekari samningar og viðurkenning á því að Ísland hafi fullnægjandi löggjöf og eftirlit til að framfylgja settum kröfum. Þar gegnir Matvælastofnun lykilhlutverki.

Þekking og öryggi afurða

Hagsmunagæsla Matvælastofnunar beinist einnig að vinnslu, upptöku og framkvæmd EES-löggjafar. Til að ná settum markmiðum á því sviði þarf að fylgjast vel með samningu og túlkun löggjafar sem varðar hagsmuni okkar. Þar hefur því miður þurft að draga saman seglin vegna hagræðingar á undanförunum árum. Vöktun á sviði dýraheilbrigðis og matvælaöryggis liður einnig fyrir skerðingu á fjárframlögum, en þó má þar sjá jákvæða þróun í uppbyggingu rannsóknabúnaðar, sem nýtist fyrirtækjum og eftirlitsaðilum. Þetta er mikilvægt, því sýnatökur og rannsóknir eru grunnur að upplýsingagjöf um öryggi afurða og þar með mikilvægur þáttur í neytendavernd og í að tryggja hagsmuni okkar sem matvælaframleiðendur.

Höldum vöku okkar

Við verðum að halda vöku okkar og gæta þess að hagræðing í opinberri starfsemi leiði ekki til þess að neytendavernd eða viðskiptahagsmunum verði ógnað. Neytendavernd og hagsmunagæsla vegna réttinda neytenda er forgangsmál og meðal annars var „Skráargatið“ innleitt á árinu 2013 til að bæta upplýsingagjöf til neytenda. Matvælafyrirtæki bera ábyrgð á eigin framleiðslu og standa flest vel undir henni og þar með merkingum og annarri upplýsingagjöf. Hlutverk stjórnvalda er síðan að tryggja að farið sé að settum reglum og vakta hagsmuni neytenda. Því er ánægjulegt að viðhorfskannanir meðal almennings árið 2011 og aftur haustið 2013 sýndu að neytendur bera traust til Matvælastofnunar.

Markviss framþróun

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá nóvember 2013 um úttekt á Matvælastofnun kemur fram að „Gera má ráð fyrir að árleg markmiðssetning, reglubundið sjálfsmat og öflugt gæðastjórnunarkerfi þar sem verkferlar og verklagsreglur eru í reglubundinni endurskoðun muni stuðla að því að fagleg og samræmd vinnubrögð stofnunarinnar eflist í komandi framtíð.“ Ennfremur segir þar að „Ríkisendurskoðun hvetur Matvælastofnun til að halda áfram á þeirri uppbyggilegu braut sem hún hefur markað sér um sífelldar umbætur og markvissa framþróun starfseminnar.“ Tekið er undir þessi hvatningarorð um leið og starfsfólki er þakkað fyrir góð störf og mikilvægt framlag við uppbyggingu á starfsemi stofnunarinnar.

Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar

Útgefandi
Matvælastofnun

Ritstjórn, hönnun og umbrot
Hjalti Andrasen

Prentun
Samskipti ehf.

© Matvælastofnun 2014. Heimilt er að birta efni úr ritinu sé getið heimildar.
Starfsskýrslu MAST má einnig nálgast á vef Matvælastofnunar: www.mast.is.

1. Um Matvælastofnun

Matvælastofnun starfar undir yfirstjórn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem sett hefur reglugerð nr. 1/2008 um skipulag og starfsemi MAST. Aðalskrifstofa er á Selfossi, en stofnunin rekur einnig umdæmisskrifstofur víðs vegar um landið og skrifstofu inn- og útflutningsmála í Reykjavík, auk landamærastöðva vegna innflutnings dýraafurða frá ríkjum utan EES.

1.1. Hlutverk

Matvælastofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla.

1.2. Verkefni

Matvælastofnun vinnur að matvælalöggjöf í samvinnu við ráðuneytið og á þetta við um löggjöf í öllu framleiðsluferli matvæla, þ.e. frá frumframleiðslu og heilbrigði og velferð dýra, til heilnæmis búfjár- og sjávarafurða, plöntuheilbrigðis, fódurs og vinnslu og dreifingar þar til matur er borinn á borð neytenda. Stofnunin fer með eftirlit með frumframleiðslu búfjárafurða, sláturhúsum, kjötvinnslum, mjólkurbúum og eggjaframleiðslu, eftirlit með sjávarafurðum og allt inn- og útflutningseftirlit með matvælum. Matvælastofnun fer einnig með yfirumsjón með matvælaeftirliti á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlit með störfum dýralækna sem veita almenna dýralæknaþjónustu og öðrum sem sinna heilbrigðisþjónustu við dýr. Einnig fer stofnunin með fódureftirlit og önnur verkefni eins og sjá má á eftirfarandi lista yfir helstu verkefni MAST:



Aðalskrifstofa MAST er á Selfossi

- Matvælalöggjöf og matvælaeftirlit
- Neytendavernd og fræðslumál
- Heilbrigði og velferð dýra
- Plöntuheilbrigði og sáðvara
- Fóður og áburður
- Sóttvarnir og viðbragðsáætlanir
- Kjötmat
- Inn- og útflutningseftirlit, rekstur landamærastöðva
- Yfirumsjón og eftirlit: Heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisþjónusta við dýr
- Stjórnsýsluverkefni: Löggjöf, alþjóðamál, gæðastýring, beingreiðslur, búfjäreftirlit

1.3. Gildi

Matvælastofnun hefur sett sér eftirfarandi gildi sem starfsmönnum stofnunarinnar ber að hafa að leiðarljósi í störfum sínum:


- **Árvekni:** Árvekni er forsenda þess að stofnunin nái að rækja hlutverk sitt á tímum örra breytinga. Mæta þarf framþróun og nýjum viðfangsefnum með fyrirhyggju, frumkvæði og lausnum sem svara kalli tímans.
- **Framsækni:** Stofnunin skal hafa forystu á sínu starfssviði og vinna að hagræðingu og einföldun á eftirliti og stjórnsýslu. Árangursstjórnun og gæðastjórnun skal hafa að leiðarljósi og leita bestu úrlausnar mála.
- **Traust:** Afgreiðsla erinda á að vera fagleg og þannig að viðskiptavinir beri traust til starfsmanna. Vinnubrögð skulu vera trúverðug, gæta þarf hlutleysis við ákvarðanatöku og sýna ber viðskiptavinum og samstarfsfólki virðingu.
- **Gegnsæi:** Stjórnsýslu- og upplýsingalög skal hafa í heiðri og rökstyðja skal ákvarðanir vel. Nýta ber upplýsingatækni til að leiðbeina viðskiptavinum og tryggja þeim aðgang að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum.

1.4. Framtíðarsýn

Matvælastofnun mun standa vörð um þá auðlind sem felst í heilbrigði plantna og heilbrigði og velferð dýra í ómenguðu umhverfi. Stofnunin mun jafnframt vinna að gæðum og heilnæmi fisk- og landbúnaðarafurða, matvælaöryggi og neytendavernd í síbreytilegu markaðsumhverfi sem leiðir af sér nýsköpun í matvælaframleiðslu og aukin alþjóðaviðskipti.

1.5. Stjórnskipulag og störf

Nýtt skipurit fyrir Matvælastofnun var samþykkt í byrjun ársins 2013. Í innra skipulagi er verkefnum skipt milli tveggja meginfagsviða, sem eru annars vegar *Heilbrigði og velferð dýra* og hins vegar *Matvælaöryggi og neytendamál*. Síðan eru stoðsvið fyrir *Stjórnsýslu og löggjöf* og *Rekstur og mannauð*. Gæðamál heyrja beint undir forstjóra og þá rekur stofnunin *Inn- og útflutningsskrifstofu* og sex *Umdæmisskrifstofur*. Starfsmenn eru nálægt 80 en ársverk heldur fleiri vegna tímabundinna ráðninga og þar sem stofnunin er einnig með verksamninga við aðra aðila. Afla má frekari upplýsinga eða koma með fyrirspurnir á netfangið mast@mast.is.



Mynd 1.1.1: Skipurit Matvælastofnunar

Starfsfólk Matvælastofnunar hefur menntun á ýmsum sérsviðum. Við umdæmisskrifstofur starfa héraðsdýralæknar og eftirlitsdýralæknar og á aðalskrifstofu starfa sérgreinadýralæknar að verkefnum sem tengjast heilbrigði og velferð dýra. Matvælafræðingar og næringarfræðingar starfa við matvælaöryggi og neytendamál, kjötmat og einnig stjórnsýslu í samvinnu við lögfræðinga stofnunarinnar. Þá hefur Matvælastofnun líffræðinga með sérmenntun á sviði plöntuheilbrigðis, sáðvara, fódurmála og áburðareftirlits. Á komandi árum má síðan

gera ráð fyrir að stofnunin hafi aukna þörf fyrir sérmenntað starfsfólk á framangreindum sviðum því að verkefnum Matvælastofnunar fjölgar í takt við auknar kröfur sem gerðar eru á sviði dýra- og plöntuheilbrigðis og sívaxandi áherslu sem lögð er á dýravelferð, matvælaöryggi og neytendavernd.

1.6. Frá heilbrigði til hollustu

Vígurð Matvælastofnunar er „Frá heilbrigði til hollustu“. Vísar það til þess að stofnunin fer með löggjöf og eftirlit sem varðar heilbrigði plantna, heilbrigði og velferð dýra og síðan matvælaöryggi, ýmist með eigin starfsemi eða með eftirliti með heilbrigðisþjónustu við dýr eða samstarfi og samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlitið fer með víðtækt eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla undir yfirumsjón Matvælastofnunar. Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru tíu og um allt land og þar eru samtals um 20 ársverk í matvælaeftirliti.


2. Rekstur og fjármál

Rekstur stofnunarinnar var í nokkuð góðu jafnvægi á árinu 2013 þrátt fyrir 14,5 m.kr. aðhaldskröfu á rekstur stofnunarinnar á árinu en alls nemur uppsöfnuð og uppfyllt hagræðingarkrafa á rekstur stofnunarinnar frá árinu 2009 um 258 m.kr. á verðlagi ársins 2013.

2.1. Rekstrarreikningur

Tafla I.2.1: Rekstrarreikningur árið 2013

Matvælastofnun	2013	2012
Tekjur		
Sértekjur	17.447.959	25.472.175
Ríkistekjur	356.491.116	285.885.623
	<u>373.939.075</u>	<u>311.357.798</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	745.998.321	719.179.742
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	26.825.390	29.035.706
Funda- og ferðakostnaður	72.050.757	56.978.395
Aðkeypt sérfræðipjónusta	202.766.067	198.848.944
Rekstur áhalda og tækja	4.322.668	3.825.090
Annar rekstrarkostnaður	17.148.023	16.218.522
Húsnæðiskostnaður	112.306.907	115.353.541
Bifreiðarekstur	14.755.134	15.012.155
Tilfærslur	913.500	1.102.363
	<u>1.197.086.767</u>	<u>1.155.554.458</u>
Eignakaup	12.887.754	12.668.356
	<u>1.209.974.521</u>	<u>1.168.222.814</u>
Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir hreinar fjármunatekjur	(836.035.446)	(856.865.016)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	1.535.418	1.146.009
Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir ríkisframlag	(834.500.028)	(855.719.007)
Ríkisframlag	853.400.000	831.000.000
Tekjuafgangur (tekjuhali) ársins	<u>18.899.972</u>	<u>(24.719.007)</u>
Höfuðstóll í lok árs	18.821.829	(78.143)



Tekjuafgangur var af rekstri stofnunarinnar á árinu að fjárhæð 18,9 m.kr. samanborið við 24,7 m.kr. tap á árinu 2012. Ríkisframlagið fór úr 831,0 m.kr. árið 2012 í 853,4 m.kr. árið 2013 og hækkaði um 2,7% á milli ára. Uppsafnaður rekstrarafgangur fyrri ára var neikvæður um 78 þús. kr. en í lok árs var hann orðinn jákvæður um 18,8 m.kr. Launakostnaður er stærsti einstaki rekstrarliðurinn með alls um 745 m.kr. eða um 61,7% af heildar rekstrarkostnaði en að baki því liggja alls 75,2 ársverk eða 902 mannmánuðir. Aðkeypt sérfræðipjónusta var annar stærsti rekstrarliðurinn með alls um 202,8 m.kr., þar af voru um 79,8 m.kr. vegna aðkeyptrar dýralæknaþjónustu (t.d. þjónustusamningar vegna dýralæknaþjónustu í dreifðari byggðum), 91,7 m.kr. vegna aðkeyptrar rannsóknar og 17,9 m.kr. vegna hugbúnaðarþróunar. Húsnæðiskostnaður er svo þriðji stærsti rekstrarliðurinn með um 112,3 m.kr., þar af var húsaleiga um 83,5 m.kr.

2.2. Stuðningur við bændur

Hluti af starfsemi Matvælastofnunar er að sinna ákveðinni greiðsluþjónustu, þ.e.a.s greiðslur til sjálfstætt starfandi dýralækna vegna þjónustu við bændur. Skipta má þessum greiðslum í þrennt: dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum, bakvaktaþjónustu dýralækna og akstursjöfnunargjald. Á árinu 2013 námu þessar greiðslur alls 188,1 m.kr. en meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu á milli tegundar þjónustu.

Tafla I.2.2: Stuðningur við bændur

Stuðningur við bændur	m.kr.
Dýralæknar - Bakvaktir	111,9
Dýralæknaþjónusta í dreifðum byggðum	61,4
Akstursjöfnunargjald	14,8
Samtals	188,1

Bakvaktir sjálfstætt starfandi dýralækna eru skipulagðar af héraðsdýralæknum á 13 vaktsvæðum og á árinu 2013 var greitt fyrir 83.460 klst. á öllum vaktsvæðum eða sem nam 111,9 m.kr.


Reglugerð um dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum er ætlað að tryggja dýraeigendum nauðsynlega almenna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu við dýr á landsvæðum þar sem fjöldi dýra er takmarkaður og/eða verkefni dýralækna eru af skornum skammti. Stuðningur þessi nær til alls níu þjónustusvæða og var heildarkostnaður um 61,4 m.kr. á árinu 2013.

Markmiðið með greiðslum á ferða- og aksturskostnaði vegna vitjana dýralækna er að jafna ferða- og aksturskostnað bænda vegna sjúkraitjana dýralækna en kostnaður vegna þessa nam alls um 14,8 m.kr. á árinu 2013. Miðað við núverandi reglur og verðlag þá eru greiddar 192,2 krónur fyrir hvern ekinn km. umfram 80 km í hverri vitjun eða sem nemur allt að 100 þús. km. akstri á hverju ári.

3. Starfsmenn

Óverulegar breytingar urðu í starfsmannamálum árið 2013, en áhrif fækkunar umdæma héraðsdýralækna voru að fullu komin fram á árinu 2012. Eins og síðustu tvö ár var ráðist í sérstakt átak yfir sumarmánuðina vegna eftirlits með löndunaraðstöðu, nú á tveimur svæðum á landinu í stað þriggja árið áður. Að venju var nokkuð um tímabundnar ráðningar í tengslum við afleysingar og skammtímaverkefni. Ellefu erlendir dýralæknar voru ráðnir til eftirlitsstarfa í sláturhúsum við sauðfjárslátrun og nokkrir starfsmenn til viðhalds varnargirðinga. Gengu öll þessi árstíðabundnu verkefni samkvæmt áætlun.


Mynd I.3.1: Kynjahlutfall starfsmanna



Í heild voru unnin 75,2 ársverk hjá stofnuninni samanborið við 77,4 árið áður. Í upphafi árs voru starfsmenn 71 talsins en 75 í árslok og stöðugildi 72 en voru 70 árið áður. Starfsmannavelta var 8% sem er svipað hlutfall og árið áður. Háskólamenntaðir starfsmenn stofnunarinnar eru um 86% og konur eru nokkuð fleiri en karlar, eða 52% á móti 48% karla og er það breyting frá síðasta ári þannig að konum fjölgað aðeins.

Myndin hér fyrir neðan sýnir dreifingu og kynjaskiptingu starfsmanna á milli sviða. Fjölmennstu sviðin eru umdæmisskrifstofur héraðsdýralækna (18) og matvælaöryggi og neytendamál (17). Á sviði rekstrar og mannauðs eru 11* starfsmenn og 10 starfsmenn á sviði heilbrigðis og velferðar dýra, 10 starfa á stjórnsýslusviði og á skrifstofu inn- og útflutningsmála starfa 8 manns.


Mynd I.3.2: Dreifing starfsmanna milli sviða og skrifstofa*



* Forstjóri og gæðastjóri eru sjálfstæðar einingar skv. skipuriti en eru hér flokkaðir undir Rekstrar- og mannauðssviði

Meðalaldur starfsmanna er 48,9 ár sem er lítilsháttar lækkun frá fyrra ári. Aldursdreifingin er á bilinu 26 til 70 ár. Karlar eru í meirihluta í aldurshópnum frá 51-70 ár en konur eru mun fjölmennari í yngri aldurshópnum frá 26 til 45 ár. Jöfn kynjaskipting er í aldurshópnum 46 til 50 ár.

Mynd 1.3.3: Aldursdreifing starfsmanna




4. Fræðsla

Matvælastofnun leggur kapp á að upplýsa neytendur um rétta meðhöndlun matvæla og þær hættur sem af þeim kunna að stafa sem og að veita upplýsingar um dýrasjúkdóma og dýravelferð. Stofnunin veitir jafnframt framleiðendum matvæla leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti og öflugt innra eftirlit með það að markmiði að tryggja heilnæmi afurða. Upplýsingum er miðlað til markhópa með ýmsum leiðum, t.a.m. með fréttaflytningi og fræðslupistlum á vefsíðu stofnunarinnar, útgáfu á bæklingum, límmiðum og veggspjöldum, námskeiðum, reglulegum greinaskrifum í prentmiðlum og með fræðslufundum.

4.1. Vefsíða

Fjöldi heimsóknna á vef Matvælastofnunar hefur aukist með hverju ári frá því að hún hóf starfsemi 1. janúar 2008 og hélt sú þróun áfram árið 2013. Fjöldi birtra fréttanna á vef minnkaði úr 168 í 134 milli ára. Árið 2013 heimsóttu 1.686 mismunandi notendur vefinn í hverri viku að meðaltali eða 19% fleiri en árið 2012 (1.416). Þar af voru 18% heimsóknna erlendis frá.

Mynd 1.4.1: Fjöldi heimsóknna og fréttabirtinga á vef Matvælastofnunar




* Þá Landbúnaðarstofnun

** Atvinnuauklýsingar ekki teknar með

Ný heimasíða var útbúin fyrir norræna hollustumerkið, Skráargatið, á slóðinni www.skraargat.is. Vefurinn vísar annars vegar á fræðslu fyrir matvælaframleiðendur á vef Matvælastofnunar og hins vegar á fræðslu fyrir neytendur á vef Embættis landlæknis.

Gerð var úttekt á opinberum vefjum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga haustið 2013. Þetta var í fimmta sinn sem slík úttekt hefur verið gerð. Vefur Matvælastofnunar lenti í 14-19. sæti af 265 opinberum vefjum með 90 stig af 100. Á næstu mynd má sjá framfarir vefs Matvælastofnunar á síðustu árum og samanburð við aðra opinbera vefi.

Mynd 1.4.2: „Hvað er spunníð í opinbera vefi 2005-2013“ – Heildarskor vefs MAST og meðalskor allra opinberra vefja



Tafla 1.4.1: Mest skoðuðu síður á forsiðu mast.is og mest skoðuðu fréttir á vef MAST á árinu 2013 (pageviews)

Sæti	Vefsíða	Fjöldi flettinga (%)	Sæti	Frétt	Fjöldi flettinga (%)
1.	Matvælastofnun	14,693 (3.49%)	1.	Ekkert kjöt í nautaböku	2,857 (0.68%)
2.	Matvæli	10,250 (2.43%)	2.	Dínítrófenól í megrunarvörum	2,474 (0.59%)
3.	Leit	9,329 (2.22%)	3.	Sætuefnið aspartam öruggt til neyslu	1,933 (0.46%)
4.	Eyðublöð	8,885 (2.11%)	4.	Sjóðið frosin ber	1,717 (0.41%)
5.	Lög og reglur	8,569 (2.03%)	5.	Ofneysla á kanil á jólnum	1,142 (0.27%)
6.	Inn- og útflutningur	7,481 (1.78%)	6.	Týndur köttur	1,089 (0.26%)
7.	Dýraheilbrigði	5,672 (1.35%)	7.	Ráðleggingar vegna arsens í matvælum	1,043 (0.25%)
8.	Starfsfólk	5,051 (1.20%)	8.	Ráðning sérfræðinga vegna velferðar dýra	1,042 (0.25%)
9.	Allar fréttir	3,392 (0.81%)	9.	MAST kannar hreinleika íslensks nautahakks	804 (0.19%)
10.	Innfl. gæludýra	3,016 (0.72%)	10.	Minni hætta af frosnum berjum	796 (0.19%)

4.2. Útgáfa

Í tilfelli af innleiðingu Skráargatsins á Íslandi fengust fjárheimildir fyrir útgáfu kynningarefnis um norræna hollustumerkið. Matvælastofnun og Embætti landlæknis létu útbúa bækling, einblöðunga og renninga um Skráargatið á árinu. Einblöðungurinn, *Innflutningur dýraafurða frá ríkjum utan EES*, um þau skilyrði sem innflytjendur þurfa að uppfylla til að flytja inn dýraafurðir frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) var gefinn út á árinu.

4.3. Fjölmíðlar

Mikil fjölmíðlaumræða hófst í lok febrúar í kjölfar birtingu niðurstaðna rannsóknar Matvælastofnunar á kjötinnihaldi í matvörum sem sýndu að ekkert kjöt var að finna í nautaböku sem sögð var innihalda 30% nautahakk í fyllingu. Þá olli kötturinn Nuk miklum þeytingi þegar hann slapp úr einkapotu í millilendingu á Reykjavíkurlflugvelli í lok september. Ekki er heimilt að flytja inn lifandi dýr til Íslands vegna sjúkdómahættu en eftir nokkra leit tókst að hafa hendur í hári kattarins og var eiganda heimilað að taka köttinn með sér úr landi. Heit umræða hófst í fjölmíðlum og á spjallþráðum þegar Matvælastofnun birti frétt þar sem tamningaraðferð þekktis erlends tamningarsérfræðings var harkalega gagnrýnd af stofnuninni. Í Evrópu var fjölmíðlaumræðan um lifrabólgu A faraldurs sem rakinn var til neyslu frosinna berja áberandi á árinu og varaði Matvælastofnun í kjölfarið við neyslu frosinna berja hérlendis.

Dregið hefur úr samstarfi við prentmiðla vegna reglulegra greinaskrifa um málefni stofnunarinnar undanfarin ár. Á sama tíma hefur verið lögð aukin áhersla á virkan fréttaflokkning á vef stofnunarinnar sem er vel vaktaður af fjölmíðlum og skilar sér vel til eftirlitsþega og almennings í gegnum þá. Greinar Matvælastofnunar eru aðgengilegar sem fyrr á vef stofnunarinnar undir *Útgáfa*.

4.4. Fundir og ráðstefnur

Samráðsþing MAST var haldið í fjórða sinn þriðjudaginn 30. apríl á Hótel Reykjavík Natura. Þingið hefur það að markmiði að styrkja samskipti Matvælastofnunar við eftirlitsþega og neytendur með erindum frá helstu hagsmunahópum og gagnvirkum pallborðsumræðum.

Fræðslufundur MAST héldu áfram göngu sinni árið 2013. Nálgast má upptökur af fundunum á vef Matvælastofnunar undir *Útgáfa*, ásamt glærum. Mikil aðsókn var á námskeið Matvælastofnunar um merkingu matvæla en bæta þurfti við aukanámskeiði sem alls urðu fjögur: þrjú í Reykjavík í samstarfi við Samtök iðnaðarins og eitt á Akureyri. Hinn 12. nóvember var Skráargatið innleitt á Íslandi þegar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra undirritaði reglugerð um Skráargatið á kynningarfundi Matvælastofnunar og Embættis landlæknis um norræna hollustumerkið sem haldinn var í Sjávarútvegshúsinu.

Meðal fræðsluviðburða á árinu voru:

- Námskeið um merkingu matvæla - 13. mars og 19.-21. mars 2013
- Kynningarfundur um tannheilsu hrossa - 11. apríl 2013
- Kynningarfundur um innflutning dýraafurða - 11. apríl 2013
- Málþing um lög um dýravelferð (í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið) - 16. maí 2013
- Kynningarfundur fyrir sláturleyfishafa - 20. ágúst 2013
- Hádegisfundur um Skráargatið (í samstarfi við Embætti landlæknis) - 12. nóvember 2013

Matvælastofnun naut áframhaldandi aðstoðar TAIEX á árinu við skipulagningu fræðslu fyrir starfsmenn stofnunarinnar. Fjöldi starfsmanna sótti námskeið í Evrópu á vegum Better Training for Safer Food (BTSF).

5. Gæðastjórnun

5.1. Gæðahandbók

Vinna við gæðahandbókina hélt áfram á árinu, ný skjöl gefin út og önnur endurútgefin. Alls hafa 306 skjöl verið samþykkt og gefin út en 145 skjöl eru í vinnslu. Almennur gildistími skjala í gæðahandbókinni er 36 mánuðir. Við árslok var fjöldi skjala í gæðahandbókinni samkvæmt *Töflu 1.5.1* eftirfarandi:

Tafla 1.5.1: Útgáfa skjala í gæðahandbók Matvælastofnunar 2013

Tegund skjals	Í vinnslu	% Í vinnslu	Útgefið	% Útg.	Alls
Stefnuskjal (SSK)	1	8%	12	92%	13
Verklagsregla (VLR)	15	44%	19	56%	34
Vinnulýsing (VLY)	47	48%	50	52%	97
Gátlisti (GAT)	10	27%	27	73%	37
Leiðbeiningar (LBE)	30	23%	98	77%	128
Listar (LST)	20	51%	19	49%	39
Eyðublöð (EBL)	22	21%	81	79%	103
Samtals	145	32%	306	68%	451


5.2. Innri úttektir

Matvælastofnun lauk á árinu við tillögu að úttektakerfi á opinberu eftirliti með framleiðslu matvæla. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið staðfesti kerfið, sem mun nýtast við úttektir á gæðakerfi Matvælastofnunar og opinberu eftirliti hennar, auk innri úttekta á heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og aðila sem annast opinberar rannsóknir á matvælum eða tiltekin eftirlitsverkefni. Úttektakerfið byggir á ákvæðum matvælalaga nr. 93/1995 og reglugerðum sem settar hafa verið og þar sem gerðar eru kröfur um innri úttektir vegna opinbers eftirlits. Úttektir munu einnig ná til fódureftirlits og eftirlits með dýraheilbrigði og dýravelferð. Gert er ráð fyrir að úttektir skv. nýju úttektakerfi hefjist á árinu 2014.


5.3. Fyrirspurnir, ábendingar og kvartanir

Stofnunin skráir og heldur utan um allar kvartanir, ábendingar og fyrirspurnir. Fjöldi ábendinga margfaldaðist milli ára. Alls bárust stofnuninni 443 **ábendingar** á árinu 2013 borið saman við 80 á árinu 2012 sem er 550% aukning. Efnislega skiptingu ábendinga má sjá á *Mynd 1.5.2*. Jafnframt bárust fjölmargar **fyrirspurnir** á árinu og fjölgaði þeim úr 618 í 778 (25%) milli ára. Efnislega skiptingu fyrirspurna má sjá á *Mynd 1.5.1*. Ljóst að fólk nýtir sér nýja takkann, „Senda ábendingu“, á heimasíðunni í miklum mæli og þakkar Matvælastofnun því fyrir sitt framlag.

Mynd 1.5.1: Fyrirspurnir flokkaðar eftir efni og fjölda



Mynd 1.5.2: Ábendingar flokkaðar eftir efni og fjölda



1. Löggjöf

1.1. Sett lög

Á árinu voru samþykkt á Alþingi lög nr. 38/2013 um búfjárhald og lög nr. 55/2013 um velferð dýra. Með þessari nýju heildstæðu löggjöf er Matvælastofnun falið eftirlit með velferð dýra og öflun hagtalna, samhliða voru störf búfjárefirlitsmanna flutt frá sveitarfélögum til Matvælastofnunar.

Með lögum nr. 55/2013 eru valdmörk í dýravelferðarmálum skýrð og eftirlit treyst. Gert er ráð fyrir miklum breytingum á úrræðum sem Matvælastofnun standa til boða til að þvinga fram úrlausnir þegar velferð dýra er stefnt í voða. Þvingunarúrræðum er þannig fjölgað og beiting þeirra einfölduð. Þá ná löggin nú til allra dýra og er löggjöfin þannig í senn einfaldari og beittari í framkvæmd. Heimilt verður að beita dagsektum, stjórnvaldssektum eða stöðva starfsemi. Þá verður stofnuninni heimilt að framkvæma vörsluviptingu, leggja tímabundið bann við dýrahaldi eða fara fram á að dýraeigandi verði sviptur með dómi heimild til að hafa dýr í umsjá sinni hafi hann gerst sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögnum.

Fjölmargar aðrar nýjungar eru að finna í lögnum bæði varðandi almenn ákvæði um meðferð dýra og meðhöndlun þeirra og um aðbúnað og umhverfi dýra, og þannig aukið við velferð dýra. Löggin eiga að tryggja að dýr séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáníngu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt. Þá eru fjölmörg nýmæli í lögnum og má þar nefna að grasbítum verður tryggð beit, réttur dýra til að fá lækningu eða líkn er tryggður, kynferðismök við dýr verða bönnuð, bannað verður að nota lifandi dýr sem fóður og dýraat verður bannað, svo eitthvað sé nefnt.

Samkvæmt lögum nr. 38/2013 mun Matvælastofnun annast öflun hagtalna og eftirlit með merkingu búfjár. Þetta er viðbót við það eftirlit sem stofnunin hefur haft með starfsemi bænda og því skapast með lögnum möguleikar á fækkun eftirlitsferða og aukið hagræði fyrir búfjáreigendur.

Þá er rétt að geta laga nr. 143/2013 sem gera ákveðnar breytingar á lögum, nr. 93/1995 um matvæli, varðandi eftirlit með efnum og hlutum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli. Með breytingunni er kveðið skýrt á um að Matvælastofnun sinni eftirliti með innflutningi umræddra efna og hluta, en jafnframt er nú kveðið skýrt á um að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna sé ætlað að sinna eftirliti með aðilum sem framleiða og dreifa þessum vörum. Þá er eftirlitsaðilum nú heimilt að taka gjald fyrir eftirlitið og þá kom inn nýtt ákvæði um að skylt sé að tilkynna starfsemi til eftirlitsaðila áður en hún hefst.

1.2. Stjórnsýslufyrirmæli

Setning reglugerða og upptaka í íslenskan rétt er í höndum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Á árinu voru birt 58 stjórnsýslufyrirmæli (reglugerðir og auglýsingar) sem varða starfsemi Matvælastofnunar. Hluti þeirra var til innleiðingar á 113 EB-gerðum. Sjá einnig viðauka VII.2.

Með reglugerð nr. 999/2013 um notkun skráargatsins við markaðssetningu matvæla var tekið upp héraendis regluverk varðandi opinbert samnorrænt merki sem finna má á umbúðum matvæla sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi hollustu. Notkun merkisins er frjálst þeim framleiðendum sem uppfylla skilyrði reglugerðinnar. Auk þess að vera upplýsandi fyrir neytendur hvetur merkið matvælaframleiðendur til að þróa hollari vörur og stuðlar þannig að auknu úrvali af hollum matvælum á markaði. Reglugerðin getur því stuðlað að heilsusamlegu mataræði. Héraendis standa Matvælastofnun og Embætti landlæknis á bak við Skráargatið og Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sjá um að farið sé eftir reglum um notkun merkisins.


Ný reglugerð nr. 1160/2013 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu var sett á árinu, ýmis nýmæli er að finna í reglugerðinni, s.s. varðandi skýrsluskil bænda, umhverfisþætti framleiðslu, heimild til að tilnefna umsjónarmann, landnýtingu og landbótaáætlun, o.s.frv.

2. Evrópumál

2.1. Upptaka gerða Evrópusambandsins (ESB) í EES-samninginn

Á hverju ári fær stofnunin fjölda svokallaðra staðalskjala (e. *Standard sheet*) til umsagnar vegna upptöku EB-gerða í Samninginn um evrópska efnahagssvæðið (EES). Slíkar umsagnir eru sendar til EFTA-skrifstofunnar og fyrir þær gerðir sem teknar eru upp í samninginn fara einnig sérstök upplýsingablöð til utanríkisráðuneytisins. Eitt staðalskjal berst fyrir hverja gerð sem gefin er út hjá EB og taka skal til skoðunar. Sérfræðingar á fagsviðum MAST meta þær EB-gerðir sem heyra undir þeirra svið með tilliti til þess hvort þær skuli teknar upp í EES-samninginn (eru EES-tækar) og ef svo er hvort aðlögunar eða undanþágu er þörf af Íslands hálfu. Heildarfjöldi staðalskjala sem metinn var á árinu 2013 var um 170. Stærstur hluti gerða er yfirleitt talinn EES-tækar og fremur sjaldgæft að talin sé þörf á að óska eftir aðlögunartexta eða annarri undanþágu en þó eru nokkur slík tilvik á ári hverju. Algengast er að slíkt sé gert í samráði við Norðmenn og er sameiginleg undanþágubeiðni þá fullunnin af hálfu EFTA-skrifstofunnar. Þar sem Ísland tók einnig upp Viðauka I við EES samninginn þann 1. nóvember 2011 fækkaði nokkuð þeim gerðum sem varða dýrasjúkdóma og lifandi dýr sem ekki voru taldar EES-tækar og voru þær aðeins 9 á árinu eða um 5%.

Mynd II.2.1: Skipting gerða milli málaflokka



2.2. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

ESA hefur eftirlit með því að skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum séu efndar og framkvæmd eftirlits hér á landi sé í samræmi við löggjöf þar að lútandi. Af því tilefni kemur stofnunin í árlegar eftirlitsheimsóknir til landsins og tekur út eftirlit á afmörkuðu sviði í hvert sinn. Á árinu kom ESA í 4 hefðbundnar eftirlitsferðir og eina heimsókn vegnar gerðar landsskýrslu (Country Profile) um fyrirkomulag eftirlits á Íslandi á sviði matvælaöryggis, dýraheilbrigðis og –velferðar, plöntuheilbrigðis og fóðurs. Lokaskýrslur ESA má finna á vefslóðinni:

<http://www.eftasurv.int/internal-market-affairs/areas-of-competence/food-safety/veterinary-inspections/>

Eftirlitsferðir ESA árið 2013:

- Neysluvatn 21. - 25. janúar
- Fiskheilsa 11. – 20. mars
- Aukaafurðir dýra 9. – 13. september
- Alifuglar og afurðir þeirra 4. – 8. nóvember
- Landsskýrsla 2. - 5. desember

2.3. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA)

Með innleiðingu á reglugerð ESB nr. 178/2002 varð Ísland fullgildur aðili að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (European Food Safety Authority, EFSA). Með þessari reglugerð, sem innleidd var með reglugerð nr. 102/2010, er kveðið á um stofnun EFSA, hlutverk, uppbyggingu og starfsemi hennar (III. kafli). Matvælastofnun er tengiliður við EFSA á Íslandi og tekur beinan þátt í starfsemi stofnunarinnar með setu í svokölluðu tengiliðaneti (Focal Point Network) og í Ráðgjafanefnd (Advisory Forum). Í báðum þessum hópum á sæti einn aðili frá hverju aðildarríki EFSA (ESB ríki auk EES-EFTA ríkja). Matvælastofnun tekur virkan þátt í þessu samstarfi og hefur nýtt vel þá möguleika sem bjóðast á þessum vettvangi. Meginhlutverk EFSA er ráðgjöf og álitgjöf til framkvæmdastjórnarinnar auk áhættumats á sviði matvæla, dýraheilbrigðis, fóðurs og plöntuheilbrigðis. Þetta starf byggir einkum á samstarfi vísindamanna, sérfræðinga og rannsóknastofnana í aðildarríkjunum. Það er hlutverk tengiliða í ríkjunum að hvetja slíka aðila og stofnanir í sínu landi til samstarfs við EFSA og halda utan um upplýsingagjöf og samskipti milli aðila. Haldin er sérstök skrá yfir slíkar samstarfsstofnanir sem kallast „Art36 Database“ með tilvísan í 36. grein reglugerðar EB nr. 178/2002. Þegar hafa 4 stofnanir á Íslandi skráð sig í þennan gagnagrunn og lýst sig þannig reiðubúnar til samstarfs við EFSA á ákveðnum

sérsviðum. Einnig heldur EFSA úti sérstökum gagnagrunni yfir þá sérfræðinga sem reiðubúnir eru til samstarfs sem óháðir einstaklingar, hver á sínu sviði (Expert Database). Margvísleg gögn og skýrslur varðandi áhættumat og ýmis önnur mál er að finna á vef EFSA (www.efsa.europa.eu) og er það meðal annars hlutverk „Focal Point“ tengiliða að kynna slíkt og dreifa til allra sem málið kann að varða.

3. Stjórnsýsluverkefni tengd búvörulögum nr. 99/1993

3.1. Greiðslumark og beingreiðslur

Með breytingu á lögum nr. 99/1993 var Matvælastofnun falið hlutverk umsjónaraðila með skráningu réttthafa greiðslumarks og beingreiðslna. Þessar skrár eru sá grunnur sem ríkissjóður notar til greiðslu til bænda hvort heldur um er að ræða greiðslur vegna framleiðslu mjólkur- eða sauðfjárafurða. Fyrir breytingu laganna hafði umsjón þessara verkefna verið á hendi Framkvæmdanefndar búvörusamnings, en dagleg umsýsla skráninga verið unnin af Bændasamtökum Íslands. Matvælastofnun samdi í upphafi árs 2006 við Bændasamtökin um að annast áfram þann hluta sem lýtur að uppfærslu skráa og verkefna sem því tengjast. Það samkomulag hefur síðan verið endurnýjað árlega.

Athygli er vakin á að þær tölur sem birtar eru innan sviga eru frá árinu 2012.

Með ofangreindum lögum og nýrri reglugerð nr. 11/2008 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum 2008 - 2013, er Matvælastofnun falið að vera umsjónaraðili með greiðsluskram til bænda og eru stofnuninni ætluð eftirfarandi verkefni:

- Að halda skrá yfir réttthafa greiðslumarks lögbýla. Á árinu var fjöldi lögbýla með skráð greiðslumark sauðfjár 1.808 (1.846). Lögbýli skráð með greiðslumark mjólkur voru 672 (686).
- Að halda skrá yfir innlagnir á greiðslumarki lögbýla. Tveir framleiðendur lögðu inn greiðslumark sitt á árinu til geymslu (2).
- Að halda skrá yfir handhafa beingreiðslna. Handhafar beingreiðslna á árinu voru vegna mjólkurframleiðslu 659 (698) og 1738 (1809) vegna sauðfjárframleiðslu.
- Að staðfesta breytingar á handhöfum beingreiðslna. Samtals voru staðfestar 95 (86) breytingar handhafa beingreiðslna, þar af 27 (22) vegna mjólkurframleiðslu og 68 (64) vegna sauðfjárframleiðslu.

Á árinu voru beingreiðslur samtals 7.700 m.kr. (7.486), þar af 5.298 m.kr. (5.151) vegna mjólkurframleiðslu og 2.402 m.kr. (2.335) vegna sauðfjárframleiðslu.

Auk nefndra verkþátta hefur Matvælastofnun það verkefni að skera úr ágreiningsmálum sem kunna að rísa um greiðslumark eða réttindi til beingreiðslna.

3.2. Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla

Með reglugerð nr. 10/2008 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu er Matvælastofnun falin framkvæmd hennar. Með setningu reglugerðarinnar var umsjón með framkvæmd gæðastýringar færð frá Framkvæmdanefnd búvörusamnings til Matvælastofnunar. Samstarfsaðilar stofnunarinnar við framkvæmd gæðastýringarinnar eru Bændasamtök Íslands og Landgræðsla ríkisins. Ný reglugerð nr. 1160/2013 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu tók gildi í lok ársins og er Matvælastofnun með henni m.a. ætlað að sjá um umsjón, útgáfu og dreifingu gæðahandbókar frá 1. janúar 2015.

Helstu verkefni Matvælastofnunar samkvæmt fyrirmælum reglugerðarinnar eru að:

- Að halda skrá yfir réttthafa álagsgreiðslna vegna gæðastýringar. Réttthafar til álagsgreiðslna voru á árinu 1.606 (1.689).
- Að staðfesta breytingar á handhöfum álagsgreiðslna vegna gæðastýringar. Breytingar vegna aðilaskipta í gæðastýringu voru á árinu 98 (123), fjöldi skriflegra athugasemda vegna framkvæmdar gæðastýringar á árinu voru 59 (64).
- Að annast uppgjör við réttthafa álagsgreiðslna. Heildargreiðslur vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt á árinu voru 1.256 m.kr. (1.221).
- Að annast eftirlit með gæðastýringu í sauðfjárframleiðslu.

3.3. Gripagreiðslur í nautgriparækt

Með reglugerð nr. 567/2006 um gripagreiðslur á lögbýlum var Matvælastofnun falið tiltekið hlutverk við framkvæmd reglugerðarinnar. Segja má að með setningu reglugerðar um gripagreiðslur á árinu 2006 hafi ríkið komið til móts við framleiðendur nautakjöts sem fram að því höfðu ekki notið framleiðslustyrkja. Helsta verkefni stofnunarinnar er að ákveða hvaða eigendur nautgripa uppfylla skilyrði um rétt til gripagreiðslna skv. fyrirmælum reglugerðarinnar, auk eftirtalinnna verka:

- Að halda skrá yfir réttthafa gripagreiðslna. Fjöldi bænda sem fengu gripagreiðslur á árinu voru 769 (781) og voru gerðar 34 (24) breytingar á handhöfum gripagreiðslna á árinu.
- Að ákveða upphæð greiðslna til réttthafa, en samtals voru greiddar krónur 627 m.kr. (609) vegna gripagreiðslna á árinu.
- Að hafa eftirlit með skráningum gripa og fjölda búfjár.


3.4. Tilboðsmarkaður með greiðslumark mjólkur

Þann 1. desember 2010 hófust viðskipti með greiðslumark mjólkur á svokölluðum kvótamarkaði. Um nýtt fyrirkomulag slíkra viðskipta er að ræða. Viðskipti með greiðslumark mjólkur eiga sér stað á uppboðsmarkaði sem Matvælastofnun er falið að annast skv. reglugerð nr. 190/2011 um markaðsfyrirkomulag við aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur á lögbýlum. Á uppboðsmarkaði mætast kaupendur og seljendur og verð á greiðslumarki hvers uppboðsmarkaðar ákvarðast.


Greiðslumark mjólkur er ákveðið magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði. Kaup og sala á greiðslumarki mjólkur eru því í raun viðskipti með framleiðslurétt og þar með réttindi til að njóta beingreiðslna úr ríkissjóði. Kvótamarkaðir með greiðslumark mjólkur skulu haldnir tvisvar á ári, þann 1. apríl og 1. nóvember. Eigendur greiðslumarks mjólkur sem hug hafa á að selja frá sér, eða afla sér frekara greiðslumarks, gera skrifleg tilboð þar sem fram kemur ósk viðkomandi um verð og magn. Verð sem myndast á kvótamarkaði kallast jafnvægisverð. Öll viðskipti á tilteknum kvótamarkaði fara fram á því verði sem uppboðið skilaði.

- Á uppboðsmarkaði þann 1. apríl 2013 bárust 67 (59) tilboð um kaup og sölu.
- Á uppboðsmarkaði þann 1. nóvember 2013 bárust 61 (61) tilboð um kaup og sölu.
- Alls urðu viðskipti á árinu með 1.807.520 (1.594.495) lítra mjólkur.
- Til sölu voru á árinu boðnir 1.807.520 lítrar (1.594.495) en tilboð bárust um kaup á 4.104.976 lítrum (3.003.084).

Mynd II.3.1: Niðurstöður tilboðsmarkaðar 1. apríl 2013



Mynd II.3.2: Niðurstöður tilboðsmarkaðar 1. nóvember 2013



1. Um matvælaöryggi og neytendamál

Mikil áhersla var lögð á samræmingu eftirlits og þjálfun starfsfólks í úttektum í fódur- og matvælafyrirtækjum, samræmdri skýrslugerð í gagnagrunni og eftirfylgni vegna frávika í samræmi við skoðunarhandbækur. Gefnar voru út skoðunarhandbækur fyrir daglegt eftirlit við slátrun á sauðfé, svínunum og stórgripum og fyrir daglegt eftirlit við slátrun alifugla. Áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi fyrir fódur- og matvælaeftirlit var endurskoðað og uppfært.

Starfsfólk sviðsins vann áfram að þróun og innleiðingu áhættuflokkunar matvælafyrirtækja sem eru undir eftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Áhættuflokkun er til að ákvarða eftirlitstíma í mismunandi starfsgreinum og fyrirtækjum. Jafnframt var unnið að gerð skoðunarhandbókar fyrir matvælaeftirlit heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga í samvinnu við fulltrúa svæðanna. Heilbrigðisnefndum sveitarfélaga var seint á árinu gert tilboð um aðstoð við innleiðingu á áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi fyrir matvælaeftirlit þeirra og jafnframt voru þeim boðin afnot af ÍsLeyfi, en svo nefnist gagnagrunnur Matvælastofnunar fyrir áhættumiðað fódur- og matvælaeftirlit stofnunarinnar.

Stofnunin gerði áttak til þess að fá matjurtaframleiðendur til að skrá starfsemi sína hjá stofnuninni og skilaði það góðum árangri.

Á árinu greindist salmonella í tilbúnu alifuglafóðri. Fódurfyrirtækið innkallaði fóðrið og í framhaldi af því greip það til umfangsmikilla aðgerða til að hreinsa og sótthreinsa fódurverksmiðjuna. Síðla sumars greindist aftur salmonella í sömu verksmiðju en nú í sekkjuðu alifuglafóðri og einnig í opinberu sýni sem Matvælastofnun tók samkvæmt sýnatökuáætlun sinni. Fyrirtækið innkallaði fóðrið, framleiðsla og dreifing fódurs var stöðvuð tímabundið meðan mjög ítarleg þrif og sótthreinsun var gerð á fódurverksmiðjunni. Salmonellusmit í nokkrum alifuglabúum var rakið til fódurverksmiðjunnar og í öllum tilvikum var um að ræða *S. Worthington*.

Í nokkrum löndum Evrópu komst upp um tegundasvindl þar sem hrossakjöt var notað sem nautakjöt. Matvælastofnun lét rannsaka íslenskar matvörur á markaði til að kanna hvort þær innihéldu hrossakjöt án þess að þess væri getið á umbúðum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að hrossakjöti hafði ekki verið blandað í vörurnar, en aftur á móti greindist ekkert kjöt í nautaböku sem átti að innihalda nautakjöt.

Snemma ársins drapst mikið magn af síld í Kolgrafarfirði. Matvælastofnun gaf út leiðbeiningar um mögulega nýtingu á síldinni sem beitu og sem fódur og sérfræðingur stofnunarinnar var tilnefndur í viðbragðshóp nokkurra stofnana og ráðuneyta sem fékk það verkefni að útbúa áætlun um viðbrögð ef þess konar hamfarir endurtækju sig.

Kadmíum greindist yfir leyfilegum mörkum í áburði frá einu fyrirtæki og innkallaði það áburðinn strax og mistökin uppgötvuðust. Innkallaður áburður og það sem til var af honum í birgðum var endursendur.

Faraldur af lifrabólgu A herjaði í nágrennalöndum fyrrihluta ársins og var hann rakinn til neyslu á frystum berjum sem notuð voru í drykki, eftirrétti og kökur. Matvælastofnun gaf í samvinnu við Sóttvarmalækni og í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur út tilmæli um að sjóða fryst ber áður en þau voru notuð. Tilmælin voru svo afturkölluð þegar tekist hafði að greina og uppræta uppruna smitsins.

Þrjár tilkynningar bárust stofnuninni um grun um matarsýkingar. Í einu tilviki var staðfest að matareitrunin orsakaðist af *Staphylococcus aureus*, en ekki tókst að staðfesta orsök sýkinganna í tveimur tilvikum.

Ríkisendurskoðun birti skýrslu um úttekt sína á Matvælastofnun og staðfesti hún að Matvælastofnun hefur réttar áherslur í starfi sínu.

Meginþunginn í starfsemi sviðsins er eftirlit með áburði, fóðri og matvælum og vísast til skýrslna viðkomandi fagssviðstjóra fyrir hverju sviði.



2. Framkvæmd eftirlits

Árið 2013 er fyrsta heila árið sem reglubundið eftirlit byggt á áhættuflokkun er framkvæmt í fiskvinnslum, afurðastöðvum búværu og fódurfyrirtækjum. Allar niðurstöður eftirlits eru færðar í eftirlitsgagnagrunn Matvælastofnunar, ÍsLeyf.

2.1. Áhættumiðað eftirlit

Í reglubundnu eftirliti leggjast mismargir eftirlitstímar á starfsstöðvar eftir eðli og áhættu starfseminnar. Áhættuflokkun fyrirtækja byggir á eftirfarandi atriðum:

1. Hversu umfangsmikil starfsemin er
2. Hversu áhættusöm starfsemin er
3. Hver frammistaða fyrirtækisins hefur verið fram til þessa

Með þessari aðferð er kröftum eftirlitsins beint til þeirrar framleiðslu sem neytendum (og dýrum) stafar mest hættu af.

2.2. Frammistöðuflokkun fyrirtækja

Fyrirtæki eru frammistöðuflokkuð í 3 flokka: A, B og C. Öll fyrirtæki byrja í flokki B. Fyrirtæki sem koma vel út úr skoðunum færast upp í frammistöðuflokk A og við það fækkar eftirlitstímum um helming. Fyrirtæki sem koma illa út úr skoðunum og lækka úr frammistöðuflokki B í C fá tvöfalt fleiri eftirlitstíma. Með þessu er góður árangur verðlaunaður með færri eftirlitstímum og þar með minni kostnaði í eftirlitsgjöld. Á sama tíma er eftirlitinu beint þangað sem þörfin er mest.

2.3. Skipting eftirlits


Í lok árs 2013 voru 543 starfsstöðvar með leyfi sem fiskvinnslur (fiskur, skeldýr), búvörur (kjöt, mjólk, egg) og fódurfyrirtæki. Einnig voru 26 umsóknir óafgreiddar.

Skipting fjölda eftirlitstíma eftir tegund starfsgreina má sjá á *Mynd III.2.1*. Hér er átt við fjölda eftirlitstíma í öllum eftirlitsheimsóknum þar sem gerð er úttekt á starfsstöðvum. Tölfræðin nær ekki til daglegs eftirlits opinberra dýralækna við heilbrigðis skoðun í slátruhúsum. Myndin sýnir að 69% af reglubundnu eftirliti er í fiskvinnslum, þ.m.t. frysti- og vinnsluskip.

2.4. Niðurstöður eftirlits

Á árinu 2013 voru gerðar 1139 skýrslur úr jafnmörgum eftirlitsheimsóknum, sjá *Töflu III.2.1*. Meðalfjöldi skoðunaratriða í hverri starfsstöð er 81. Í eftirliti skoða skoðunarmenn starfsstöðvar með hliðsjón af skoðunarhandbók og þeim skoðunaratriðum sem þar eru sett fram. Í þeim 1.139 eftirlitsheimsóknum sem farið var í á síðastliðnu ári voru að meðaltali skoðuð 45 skoðunaratriði. Samtals var farið yfir og tekin afstaða til skoðunaratriða 43.881 sinni. Fram komu 14 andmæli frá eftirlitsþegum við þeim 1.139 skýrslum sem gerðar voru árið 2013 og var meðaltíðni andmæla eftir hverja eftirlitsheimsókn 1,2%.

Mynd III.2.1: Skipting eftirlits eftir fjölda eftirlitstíma hjá framleiðendum



Tafla III.2.1: Fjöldi framleiðenda og niðurstöður eftirlits 2013

Framleiðsla	Starfsleyfi			Úttekt skv. skoðunarhandbók		Eftirlitsheimsóknir		
	Í gildi	Skilyrt	Í umsókn	Fj. skoðunaratriða	% í lagi	Fj. skýrslna	Fj. andmæla	% andmæla
Fiskur	351	21	11	37.933	85%	885	4	0,5%
Búvörur	52	10	13	6.506	70%	190	7	3,7%
Fódur	102	7	2	4.246	76%	94	3	3,2%
Samtals	505	38	26	48.685	82%	1.169	14	1,2%

Gæðamarkmið Matvælastofnunar fyrir skýrsluskil fyrir árið 2013 var að ljúka við og senda skýrslur til eftirlitsþega innan 7 daga frá því eftirlit fór fram í 90% tilfella. Niðurstaðan fyrir árið 2013 er að í 91,9% tilfella tókst að ljúka og senda skýrslu til eftirlitsþega innan þessara marka.

2.5. Eftirlitsverkefni

Matvælastofnun skipuleggur árlega eftirlitsverkefni í samráði við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Til viðbótar var skipulagt af sérstöku tilefni verkefni þar sem skoðað var hvort hrossakjöt væri í nautakjötsafurðum. Verkefni árið 2013 voru:

- Merking erfðabreyttra matvæla
- Salmonella í svínhakki
- Upprunamerking matjurta

3. Áburður

Áburðareftirlit Matvælastofnunar fer eftir lögum nr. 22/1994 um eftirlit með áburði, fódri og sáðvöru, reglugerðum nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni og nr. 630/2007 um ólífrænan áburð. Auk þess reglugerð 291/2010 um birtingu niðurstaðna vegna eftirlits með áburði.

Áburðareftirlitið felur í sér:

- Skráningu áburðarfyrirtækja: Öll fyrirtæki sem framleiða eða flytja inn áburð eða jarðvegsbætandi efni skulu vera skráð hjá Matvælastofnun.
- Skráning áburðartegunda: Allar áburðartegundir skulu vera skráðar hjá Matvælastofnun.
- Úttekt á áburðarfyrirtækjum: Fylgjast með aðstöðu fyrirtækjanna til að framleiða og geyma áburð.
- Vöruskoðun: Skoða hvort umbúðir og merkingar séu samkvæmt gildandi reglum. Einnig eru tekin sýni af áburði og þau send í efnagreiningu. Áburðarsýnin eru efnagreind hjá LUFÁ í Þýskalandi. Niðurstöður eru bornar saman við skráð gildi á áburðinum og einnig merkingar á umbúðunum. Samkvæmt reglugerðum má innihald næringarefna ekki fara niður fyrir ákveðin vikmörk.
- Í lok hvers árs eru niðurstöður eftirlits gefnar út í sérstakri skýrslu.

Hérlendis er fyrst og fremst notaður ólífrænn innfluttur áburður. Þessi áburður er ýmist einkorna eða fjölkorna. Í einkorna áburði inniheldur sérhvert áburðarkorn öll næringarefni í þeim hlutföllum sem gefin eru upp í áburðinum. Í fjölkorna áburði er áburðarkornin með mismunandi næringarefni sem er blandað saman í ákveðnum hlutföllum eftir áburðartegundum.

Ólífræna innflutta áburðinum er skipt í EB-áburð og ekki EB-áburð. Á merkingum þarf að koma skýrt fram hvort áburðurinn sé EB-áburður.

Lífrænn áburður er framleiddur hérlendis. Hráefni í hann eru ýmis lífræn efni, bæði af dýrum og jurtum. Um er að ræða kjötmjöl, fiskimjöl, moltu, þangmjöl og skeljasand.

Árið 2013 voru flutt inn 48.837 tonn af jarðræktaráburði. Til samanburðar voru 49.086 tonn af jarðræktaráburði flutt inn árið 2012, sjá meðfylgjandi töflur.

Tafla III.3.1: Innfluttur áburður og næringarefni 2013 í kílógrömmum (2012)

Áburður	Alls	Köfnunarefni	Fosfór	Kalí
Jarðræktaráburður	48.837.226 (49.085.600)	11.525.133 (11.807.799)	1.561.442 (1.446.797)	2.541.509 (2.134.504)
Kalk	268.190 (85.800)	-	-	-
Áburður á íþróttavelli	75.363 (59.382)	9.088 (6.427)	1.781 (1.479)	6.870 (5.020)
Áburður til garðyrkju/ylræktar	750.466 (246.5151)	76.549 (298.798)	21.707 (108.387)	106.813 (300.696)
Blómaáburður	14.417 (14.179)	406	362	701
Samtals	49.945.662 (51710112)	11.611.177 (12.113.024)	1.585.292 (1.556.663)	2.655.893 (2.440.220)

3.1. Leyfisveitingar

3.1.1. Innfluttur áburður

Alls fluttu 26 fyrirtæki inn áburð árið 2013. Innflutningi má skipta í 5 flokka (ath. sum fyrirtæki flytja inn fleiri en einn flokk):

- Tún- og jarðræktaráburður: 5 fyrirtæki.
- Áburður til garðyrkju og ylæktar: 8 fyrirtæki
- Áburður á íþróttavelli: 3 fyrirtæki
- Blómaáburður til heimilisnota: 11 fyrirtæki
- Köfnunarefnisbindandi rótarbakteríur: 3 fyrirtæki

3.1.2. Innlend framleiðsla

Enginn efnaáburður (tilbúinn áburður) er framleiddur á Íslandi. Nokkur fyrirtæki vinna áburð úr lífrænum efnum eða blanda ólífrænan áburð í vökva. Um er að ræða framleiðslu á kjötmjöli, moltu, kalki, aukaafurðum úr fiski og þörungamjöl. Blómaáburður er ýmist framleiddur með því að blanda efnaáburð í vökva eða þörungamjöl í vökva. Alls eru 14 fyrirtæki skráð sem framleiða innlandan áburð eða jarðvegsbætandi efni.

Skráðir framleiðendur á áburði í landinu eru:

- Orkugerðin ehf. í Flóahreppi framleiðir kjötmjöl (kjötmjöl má nota sem áburð sé það ekki unnið úr áhættuvefjum dýra).
- Molta ehf. í Eyjafirði framleiðir moltu m.a. úr aukaafurðum frá sláturhúsum og kjötvinnslum.
- Íslenska Gámafélagið í Gufunesi, sem vinnur moltu úr heimilisúrgangi.
- Gámaþjónustan í Hafnarfirði
- Sorpa, sem vinnur einnig moltu úr heimilisúrgangi, garðaúrgangi og fleiru.
- Skinney – Þinganes framleiðir 3 gerðir áburðar og jarvegsbætandi efna úr sjávarfangi.
- Haustak hf. framleiðir áburð úr sjávarfangi.
- NorðurBragð framleiðir fiskmeltur og selur undir heitinu vallaslóg
- Íslenska Kalkþörungafélagið ehf á Bíldudal, framleiðir m.a. áburðarkalk úr kalkþörungum.
- Þörungamjöl m.a. til áburðar er framleitt í Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum.
- Spretta ehf þurrkar og pakkar hæsnaskít til áburðar.
- Þrjú íslensk fyrirtæki framleiða blómaáburð fyrir stofublóm, þau eru Guðjón D Gunnarsson, Ylfur ehf og Þórduna ehf.

3.2. Eftirlit

3.2.1. Innfluttur áburður

Vísad er til eftirlitsskýrslu um áburðareftirlit 2013 sem birt er á heimasíðu Matvælastofnunar.

Á undanförunum árum hefur skipulögð vöruskoðun og sýnataka verið fyrst og fremst á innfluttum tún- og jarðræktaráburði. Á árinu 2013 voru tekin 48 eftirlitssýni af 46 áburðartegundum hjá 6 fyrirtækjum. Efnagreiningar á þessum 48 eftirlitssýnum gáfu þær niðurstöður að 4 sýni voru með efnainnihald fyrir neðan leyfileg vikmörk (8,3%) og 13 áburðartegundir reyndust innihalda meira kadmíum (Cd) en leyfilegt er. Ekki var heimilt að dreifa þessum áburðartegundum til notenda fyrr en að sýnt hafði verið fram á með sýnatökum og efnagreiningum að efnainnihald áburðarins var ofan við leyfð vikmörk og að kadmíum var minna en heimilt hámark.

Merkingar hafa batnað verulega frá fyrri árum, en þó voru gerðar athugasemdir við nokkrar áburðartegundir.

3.2.2. Innlend framleiðsla

Matvælastofnun annast eftirlit með innlendri framleiðslu á áburði í samstarfi við héraðsdýralækna og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Þar sem hráefni í þessari framleiðslu er að verulegu leyti lífrænt m.a. dýraafurðir snýr það eftirlit fyrst og fremst að framleiðsluháttum og heilnæmi hráefna.

4. Plöntur

Undir þennan verkþátt falla verkefni er lúta að plöntuheilbrigði, gæðum sáðvöru og að með plöntuafurðum komi ekki dýrasjúkdómar. Af vöruflokkum má nefna plöntur og plöntuafurðir s.s. afskorin blóm og greinar, jólatré, blómlauka, græðlinga, smáplöntur, pottaplöntur, garðplöntur, útsæðis- og matarkartöflur, trjávið og viðarumbúðir, mold til ræktunar og fræ. Auk þess er fylgst með innflutningi smádyra til lífrænna varna í garðyrkju og sveppapráða til framhaldsræktunar (í *Töflu III.4.1* undir „lífrænar varnir“).

4.1. Leyfisveitingar

4.1.1. Stofnræktarleyfi

Matvælastofnun veitir leyfi til stofnræktunar á kartöfluútsæði sbr. reglugerð nr. 455/2006 um kartöfluútsæði. Árið 2011 voru 3 kartöflubændur með slíkt leyfi, tveir í Eyjafirði og einn á Hornafirði. Auk þess hefur Landbúnaðarháskóli Íslands leyfi til ræktunar úrvals- og eðalstofna samkvæmt reglugerðinni. Samband garðyrkjubænda hefur leyfi til ræktunar úrvals- og eðalstofna í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands.

4.1.2. Útsæðisleyfi

Stofnunin veitir kartöflubændum leyfi til að selja útsæði til almennrar dreifingar. Forsendur fyrir leyfi eru m.a. eftirfarandi: hnúðormur má ekki finnast í garðlandi ræktanda, hringrot má ekki finnast í uppskeru og ræktandi verður að endurnýja reglulega með stofnútsæði. Vorið 2011 var 21 ræktandi með útsæðisleyfi auk áðurnefndra stofnræktenda. Af þeim voru 10 á Suðurlandi, 6 í Eyjafirði, 1 á Héraði og 4 á Hornafirði.

4.1.3. Vottun viðarumbúða

Stofnunin annast framkvæmd reglugerðar nr. 343/2004 um viðarumbúðir vara við útflutning. Í því felst m.a. að veita fyrirtækjum sem smíða viðarumbúðir, s.s. vörubretti og trékassa, vottun til að smíða og merkja umbúðirnar með alþjóðlegu merki því til staðfestingar að umbúðirnar uppfylli skilyrði hins alþjóðlega staðals ISPM 15. Hér á landi er viðurinn hitaður til að ná markinu. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að plöntuskaðvaldar geti borist með umbúðunum. Í lok ársins 2010 voru 7 fyrirtæki með vottun til að útvega forhitaðan trjávið til umbúðagerðar og tæplega 50 fyrirtæki með vottun til að hita umbúðir eða smíða umbúðir úr forhitaðum viði og merkja. Þessi fyrirtæki dreifast um allt land.

4.2. Eftirlit

4.2.1. Kartöfluútsæði

Fylgst er með því að heilbriggt kartöfluútsæði sé á markaði. Farnar eru tvær skoðunarferðir á ári til stofnræktenda, annars vegar í ágústmánuði þegar ræktunin er skoðuð og hins vegar í febrúar-mars þegar útsæðið er skoðað í geymslum. Samanlagt eru ræktuð tæp 100 tonn af stofnútsæði hjá þremur stofnræktarbændum af yrkjunum: *Gullauga*, *Helgu*, *Premiere* og *Rauðum Íslenskum*.

Minnst þriðja hvert ár eru tekin kartöflusýni hjá öllum ræktendum með útsæðisleyfi og leitað að hringrotssmiti og minnst fjórða hvert ár eru tekin jarðvegssýni hjá þeim og leitað að hnúðormi. Hnúðormur fannst ekki hjá kartöflubændum en hann má víða finna í heimilisgörðum og garðlöndum.

4.2.2. Innflutningur plantna og plöntuafurða

Í *Töflu III.4.1* er yfirlit yfir nokkra vöruflokkka, en alls voru vottaðar 1118 innflutningstilkynningar, þar af 634 þar sem heilbrigðisvottorðs er krafist. Þegar fluttar eru inn plöntur og plöntuafurðir og krafist er heilbrigðisvottorðs er toll afhending ekki heimil fyrr en framvísað er áritun frá Matvælastofnun.

Tafla III.4.1: Fjöldi áritaðra vottorða vegna innflutnings plantna og plöntuafurða árin 2008-2013

Mismunandi vöruflokkar þar sem áritun vottorða er áskilin	Vottorð 2008	Vottorð 2009	Vottorð 2010	Vottorð 2011	Vottorð 2012	Vottorð 2013
Afskorin blóm og greinar	243	145	121	115	103	150
Arinviður	-	4	8	8	4	7
Blómlaukar og rótarhnýði	76	54	52	55	39	69
Garðplöntur, tré og runnar	56	61	62	86	59	51
Græðlingar og smáplöntur	177	139	154	165	172	160
Jólatré og barrgreinar	29	30	28	28	37	26
Lífrænar varnir	109	104	104	106	123	169
Matar- og verksmiðjukartöflur	183	147	153	120	195	142
Mold	61	40	48	52	61	53
Pottaplöntur	54	28	39	22	64	55
Útsæðiskartöflur	7	4	11	5	6	7
Ýmislegt	-	-	-	-	-	229
Samtals	995	756	780	762	863	1118

Næsta tafla sýnir magntölur fyrir innflutning nokkurra vöruflokkka fyrir árin 2008–2013. Vöruflokkarnir eru: matar- og verksmiðjukartöflur, útsæðiskartöflur, gróðurmold og jólatré.

Tafla III.4.2: Innflutt magn matar- og verksmiðjukartaflna, gróðurmoldar og jólatrjáa árin 2008-2013

Vöruflokkar	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Matar- og verksmiðjukartöflur (tonn)	2.843,8	2.683,8	2.869,3	2.869,3	3.346,3	2.520,8
Útsæðiskartöflur (tonn)	102,3	43	68,3	71,9	109,6	158
Gróðurmold* (tonn)	1.276,7	827,4	930,3	930,3	1.289	1.342,3
Jólatré** (stykki)	19.569	20.401	17.970	18.525	18.803	26.558

* Almenn er innflutningur á mold bannaður en þó er heimilt að flytja inn mold sem að meginhluta samanstendur af mosa (*Sphagnum*) og hefur aldrei verið notuð til ræktunar og inniheldur hvorki óunninn trjábörk eða húsdýraáburð.

** Nær allur innflutningur á jólatrjám er af tegundinni norðmannsþin (*Abies nordmanniana*) en einnig er lítilsháttar innflutningur á eðalþin (*Abies procera*) og rauðgreni (*Picea abies*). Innflutningur á greniættkvíslinni (*Picea*) er bannaður samkvæmt reglugerð nr. 189/1990, en árlega er veitt undanþága fyrir nokkrum rauðgrenitrjám sem gefin eru af vinabæjum til sveitarfélaga hér á landi.

4.2.3. Innflutningur fræja

Allt fræ sem flutt er til landsins er skráð hjá Matvælastofnunar sem gefur út innflutningsheimild fyrir sérhverri sendingu. Ef fræið er ætlað til sölu í landbúnaði þurfa að fylgja með upplýsingar um frægæði og er þá stuðst við alþjóðlegar reglur. Alls voru flutt inn 1561,5 tonn af gæðavottuðu fræi í 58 sendingum. Helstu upplýsingar um þetta fræ eru í *Töflum III.4.3-5* Að auki er nokkur innflutningur af fræi í smáum skömmtum sem er ætlað til tilrauna eða einkanota. Smáar sendingar af trjáfræi voru t.d. 22, alls 65,5 kg. Einnig er nokkur innflutningur af matjurtafræi og fræi til sáninga í gróðurhúsum. Undir flokknum, *Ýmislegt* í *Töflu III.4.1* eru t.d. 124 smáir skammtar af fræi þar sem ekki var krafist gæðavottorða.

Alls var á árinu gefið út 201 innflutningsheimild. Upplýsingar um innflutning tegunda og yrkja til landbúnaðar má sjá í *Töflum III.4.3-5*. Í töflunum er innflutningur síðustu fjögurra ára sýndur.

Tafla III.4.3: Innflutningur á sáðkorni árin 2010–2013

Tegund	Yrki	Innflutt magn (kg)				
		2010	2011	2012	2013	
Bygg 2 raða (<i>Hordeum vulgare</i>)	Barbro (SW Barbro)	20.000	10.200	29.900	72.600	
	Filippa	164.700	116.015	191.500	101.600	
	Golden Promise	0	2.000	0	0	
	Kría (IsKría)	264.025	195.375	109.425	120.680	
	Luhkas	0	0	4.800	7.000	
	Minttu	39.960	38.880	0	0	
	Mitja (SW Mitja)	0	0	10.000	0	
	Tamtam	0	1.000	0	0	
	Samtals:		508.685	423.470	345.625	301.880
Bygg 6 raða (<i>Hordeum vulgare</i>)	Aukusti	0	0	1.080	83.130	
	Brage	0	0	42.360	0	
	Einar	0	0	0	3.500	
	Elmeri	0	20.000	30.000	30000	
	Erkki	50.000	0	0	0	
	Lómur (IsLómur)	158.100	75.550	0	0	
	Skúmur (IsSkúmur)	0	31.350	0	0	
	Judit (SW Judit)	70.000	90.000	100.600	186.200	
	Jyvå	30.240	22.680	0	0	
	Kunnari	20.000	60.000	60.000	0	
	Olavi	10.000	20.000	0	0	
	Olsok	101.520	14.040	0	0	
	Pilvi	24.720	24.600	30.000	25.200	
	Tiril	72.360	30.240	70.320	71.280	
	Ven	16.200	6.480	0	0	
	Voitto	0	0	16.860	30.000	
	Wolmari	0	0	30.000	70200	
Samtals:		533.140	334.940	381.220	499.510	
Hafrar (<i>Avena sativa</i>)	Akseli	0	0	5.400	12.950	
	Belinda	18.000	39.150	39.100	114.600	
	Cilla	9.050	18.450	26.300	12200	
	Dominik	0	0	7.000	22.000	
	Rajtar	0	4.455	0	0	
	Samtals:		27.050	62.055	77.800	161.750
Hveiti (<i>Triticum aestivum</i>) - vorhv.	Anniina	7.800	4.000	5.000	0	
	vetrarhv.	Arktika	0	5.000	6.000	5000
	vetrarhv.	Bjørke	0	1.000	1.000	0
	vetrarhv.	Mjølner	0	0	993	0
	vetrarhv.	Stava	15.400	7.700	0	0
	vetrarhv.	Wappu	0	0	0	5600
	vetrarhv.	Urho	7.800	2.000	6.000	0
Samtals:		31.000	19.700	18.993	10600	
Rúgur (vetrar) (<i>Secale cereale</i>)	Reetta	1.200	3.000	7.000	10000	
	Riíhi	1.200	3.000	0		
	Samtals:	2.400	6.000	7.000	10000	

Tafla III.4.4: Innflutningur á grasfræi árin 2010–2013

Tegund	Yrki	Innflutt magn (kg)			
		2010	2011	2012	2013
<i>Agrostis capillaris</i> - Hálingresi	Highland	0	0	100	100
<i>Agrostis stolonifera</i> - Skriðlingresi	Bengal	0	0	10	0
<i>Dactylis glomerata</i> - Axhnoðapuntur	SW Luxor	0	0	1005	2040
<i>Festuca arundinaceae</i> - Tágavingull	Swaj	1000	500	0	0
<i>Festuca ovina</i> - Sauðvingull	Crystal	1.500	1.090	0	0
	Quatro	0	0	60	100
<i>Festuca trachyphylla</i> - Skrápvingull	Nordic	0	0	500	0
<i>Festuca pratensis</i> - Hávingull	Kasper	500	2.520	900	0
	Mituva	0	0	0	3000
	Pradel	0	500	0	0
<i>Festuca rubra</i> - Túnvingull	Aniset	0	0	80	0
	Bargreen	0	0	100	0
	Calliope	0	0	640	0
	Gondolin	7.038	7.394	9.016	6.982
	Lovisa	5.000	9.900	0	0
	Maxima 1	0	0	80	200
	Rubin	5.000	1.990	0	5.490
Samtals túnvingull:		17.038	19.284	9.916	12.672
<i>Lolium multiflorum</i> - Einært rýgresi					
- sumaryrki (var. westerwoldicum), ssp. alternativum	Barspectra	18.050	30.000	28.200	15.500
	Bartigra	9.850	0	0	8.675
	Botrus	0	0	0	0
	Jivet	0	0	1.000	0
	Swale	8.000	25.000	0	12.750
Samtals sumarrýgresi:		35.900	55.000	29.200	36.925
- vetraryrki (var. italicum), ssp. non-alternativum	Barmultra	5.000	13.175	19.975	38.750
	Danergo	9.650	7.425	0	0
	EF 486 Dasas	0	5.050	0	200
	Fredrik	10.000	0	0	0
	Jeanne	0	0	3.275	0
	Meroa	0	15.000	4.000	17.920
	Turgo Pajbjerg	0	0	2.925	0
Samtals vetrarrýgresi:		24.650	40.650	30.175	56.870
<i>Lolium perenne</i> - Vallarrýgresi					
	Bargala	1.000	975	0	0
	Calibra	0	3.975	3.500	4.555
	Greenfair	0	0	20	10
	Malta	0	0	500	0
	SW Birger	4.000	4.000	4.110	9.040
	Tetramax	2.020	0	0	0
Samtals vallarrýgresi:		7.020	8.950	8.130	13605
<i>Phleum pratense</i> - Vallarfoxgras					
	Engmo	19.525	40.000	39.900	19.750
	Grindstad	8.000	4.400	4.000	3.000
	Jonatan	2.560	4.260	2.700	4.000
	Korpa	2.500	2.000	0	0
	Snorri	5.000	27.360	22.865	2.000
	Switch	0	1.000	3.100	4.000
	Tuukka	0	8.000	4.850	3.900
	Vega	28.000	1.000	0	2.000
Samtals vallarfoxgras:		66.085	88.020	77.415	38650
<i>Poa pratensis</i> - Vallarsveifgras					
	Balin	5.475	5.500	2.500	3.000
	Conni	0	0	140	100
	Limousine	0	0	40	
	Kupol	10.000	0	0	
	Sobra	12.300	10.500	14.000	15.500
Samtals vallarsveifgras:		27.775	16.000	16.680	18.600
Grasblöndur (m.a. fyrir íþróttavelli og grasflatir)	Margar tegundir og yrki	51.671	80.308	51.511	97.106

Tafla IV.4.5: Innflutningur á fræi árin 2010–2013 – Ýmsar tegundir

Tegund	Yrki	Innflutt magn (kg)			
		2010	2011	2012	2013
<i>Brassica napus</i> var. napobrassica - Gulrófa	Vige	37	17	13	15,6
<i>Brassica napus</i> – Fódurrepja	Barcoli	2.850	17.325	16.900	9.450
	Barsica	5.000	2.025	0	0
	Delta	5.000	6.110	1.000	6.090
	Hobson	23.000	13.000	10.000	25.000
	Galileo	500	1.000	500	0
	Goya	500	0	0	0
	Marie	0	0	100	100
	Pluto	0	1.000	300	500
	Vision	0	630	0	0
	Samtals:	36.850	41.090	28.800	41.140
<i>Brassica oleracea</i> - Fódurmergkál	Grüner Angeliter	0	0	0	100
	Juliet	0	0	200	160
	Samtals:	0	0	200	260
<i>Brassica rapa</i> var. silvestris - Fódurnepja	Cordelia	0	200	900	750
	Largo	0	1.000	700	0
	Samson	0	250	0	2.350
	SW Petita	0	120	100	0
	Valo	0	40	0	0
	Samtals:	0	1.610	1.700	3.100
<i>Medicago sativa</i> – Refasmári	Live	0	10	0	450
<i>Pisum sativum</i> – Grænfóðurertur	Bohatyr	4.400	0	0	0
	Javlo	9.600	0	0	200
	Nitouche	0	0	3.000	0
	Tinker	5.000	7.000	0	0
	Samtals:	19.000	7.000	3.000	200
<i>Trifolium pratense</i> – Rauðsmári	Betty	0	200	493	0
	Bjursele	500	0	500	0
	Rajah	0	200	0	0
	Suez	0	0	0	200
	SW Ares	500	600	0	700
	SW Yngve	0	500	0	1.000
	Samtals:	1.000	1.500	993	1900
<i>Trifolium repens</i> – Hvítmári	Rivendel	0	200	200	0
	Norstar	0	0	0	10
	Undrom	500	1160	1600	1500
	Riesling	0	0	0	100
	Pipolina	0	0	20	0
	Samtals:	500	1.360	1.820	1610
<i>Vicia sativa</i> – Fódurflækja	Nitra	0	0	0	100

4.2.4. Útflutningur plantna og plöntuafurða

Plöntueftirlit Matvælastofnunar er sá opinberi aðili hér á landi sem getur gefið út heilbrigðisvottorð vegna plöntuheilbrigðis í samræmi við alþjóðasamning um plöntuheilbrigði (IPPC). Árið 2013 voru gefin út 19 slík vottorð, flest með vörubrettum úr trjáviði sem fylgdi ýmsum varningi, einkum sjávarafurðum.

4.2.5. Útflutningur fræs

Eini útflutningur héðan á fræi er á vegum Landgræðslu ríkisins. Matvælastofnun annast sýnatöku og hefur fram að þessu sent sýnin til tilraunastöðvarinnar á Möðruvöllum í Hörgárdal þar sem fræið er spírunarprófað. Þegar þær niðurstöður liggja fyrir getur Matvælastofnun gefið úr gæðavottorð í samræmi við kröfur ISTA (International Seed Testing Association). Árið 2013 voru gefin út tvö frævottorð með tegundunum alaskalúpínu og beringspunti.

5. Fóður

Markmið eftirlits með fóðri er að tryggja svo sem kostur er öryggi og heilnæmi fóðurs. Fóðureftirlit fer fram samkvæmt lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, ásamt með síðari breytingum og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Á árinu tóku gildi tvær reglugerðir um lyfjablandað fóður, byggðar á tilskipun EB nr. 90/167, það eru reglugerð nr. 607/2013 um framleiðslu og dreifingu lyfjablandaðs fóðurs handa dýrum og nr. 608/2013 um framleiðslu og dreifingu lyfjablandaðs fóðurs handa fiski, krabbadýrum og lindýrum. Einnig eru ákvæði varðandi fóður í öðrum lögum og reglugerðum sem fjalla um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og um meðferð sláturúrgangs.

5.1 Leyfisveitingar

Í lok árs 2013 voru 136 fóðurfyrirtæki á skrá hjá Matvælastofnun. Innflytjendur fóðurs voru 68 og í árslok voru 102 fóðurframleiðendur með leyfi, 7 voru með skilyrt leyfi til þriggja mánaða og tvær umsóknir um leyfi voru í vinnslu. Af þessum 109 fóðurframleiðendum höfðu 28 fyrirtæki samþykki MAST til að kaupa og/eða nota aukefni við fóðurframleiðslu skv. 10. gr. reglugerðar ESB nr. 183/2005 um kröfur er varða hollustu fóðurs. Þar af eru þrjár fóðurverksmiðjur sem framleiða heilfóður og fóðurbæti fyrir flestar tegundir búfjár. Ein verksmiðja framleiðir heilfóður fyrir fisk og 3 framleiða heilfóður fyrir loðdýr. Fjórðán starfsstöðvar svínabúa og 3 loðdýrabú framleiða fóður til eigin nota. Auk þess eru starfandi nokkur fyrirtæki hér á landi sem flytja inn og selja aukefni eða forblöndur aukefna í fóðurgerð. 47 fyrirtæki eru samþykkt vegna framleiðslu fóðurs úr afurðum dýra skv. reglugerð ESB nr. 1774/2002 um meðferð og notkun afurða úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, þ.a. eru 11 fiskimjòls- og lýsisframleiðendur.

5.2 Eftirlit

Eftirlit með fóðri felst m.a. í skráningu allra nýrra fóðurtegunda, bæði innfluttra og framleiddra hér á landi. Við skráningu er innihaldslýsing og notkunarleiðbeiningar skoðaðar með tilliti til skilyrða í reglugerðum um notkun hinna ýmsu efna. Við innflutning ber fyrirtækjum að tilkynna komu fóðurs svo starfsfólki Matvælastofnunar gefist tækifæri til að skoða og taka sýni af vörunni. Innlend fóðurfyrirtæki eru heimsótt, innra eftirlit fyrirtækja sannreynt og sýni tekið með slembiúrtaki af framleiðslu til greiningar. Í sýnum eru fyrst og fremst greind ýmis óæskileg efni, þungmálmur og aukefni, sem sett hafa verið mörk á hversu mikið megi vera af í fóðri.

Áfram var haldið með eftirlit með fóðurframleiðslu og fóðrun hjá bændum sem ala dýr til matvælaframleiðslu. Lokið var við eftirlit á Suðurlandi, í Skagafirði, Eyjafirði og byrjað á Þingeyjasýslum. Alls voru 467 býli heimsótt. Helstu athugasemdir voru gerðar við meindýravarnir og skort á skráningum hjá bændum.

5.2.1 Niðurstöður eftirlits

Á árinu bárust 1268 tilkynningar um innflutning á 93.106 tonnum af fóðri. Hefur tilkynningum um innflutning fjölgað lítillega frá síðasta ári, en hafði fjölgað árin þar á undan, voru 1244 árið 2011, 1139 árið 2010 og 953 árið 2009. Innflutt fóður í tonnum talið hefur minnkað nokkuð var 83.400 árið 2011 en 86.400 tonn árið 2010.

Fyrirtæki fengu 202 nýjar fóðurtegundir skráðar á árinu, sem er aukning frá síðustu árum.

Tafla III.5.1: Innflutningur og innlend framleiðsla eftir dýrategundum 2013 (2012)

Dýrategund	Fjöldi tilkynninga um innfl.	Heildarinnfl. á fóðri (tonn)	Innlend framleiðsla (tonn)
Jórturdýr	571 (501)	8.107 (7.674)	27.256 (28.283)
Alifuglar	225 (160)	3.272 (1.941)	27.817 (26.869)
Svín	266 (241)	1.157 (1.081)	30.650 (17.652)
Fiskar	122 (92)	5.467 (2.873)	9.963 (10.165)
Loðdýr	37 (35)	632 (537)	4881 (- ¹)
Hross	130 (105)	369 (188)	193 (236)
Gæludýr	554 (562)	2.542 (2.511)	325 (- ¹)
Óskilgreint	337 (296)	71.559 (65.227) ²	2.073 (209.653) ³

¹ Tölur fyrir 2012 liggja ekki fyrir.

² Undir óskilgreint fellur innflutningur á maís og sojamjöli og öðrum skipsförmum af kornvöru sem fer í fóður fyrir margskonar dýrategundir.

³ Innlend framleiðsla á fiskimjöli, lýsi, korni, þörungamjöli og fleiri fóðurefnum sem notuð eru í fóður fyrir margskonar dýrategundir.

Á árinu voru 67 (44 árið 2012) starfsstöðvar fóðurfyrirtækja heimsóttar, teknar út og skoðaðar. Nokkrar af þeim þurfti að heimsækja oftar en einu sinni og urðu eftirlitsheimsóknir því 94 (54 árið 2012).

79 sýni af fóðri voru tekin, á móti 68 sýnum árið 2012 og 22 sýni árið 2011. Af þessum 79 sýnum voru 9 sýni af þurrkuðu byggi sem greind voru með tilliti til sveppaeiturs (9) og pláguvarnarefna (3). Sveppaeitur greindist í einu sýni en undir leyfilegum mörkum. 11 sýni voru tekin af fiskimjöli, arsen var greint í öllum sýnunum, kvikasilfur í 5 sýnum, ekki díoxínílk PCB í öllum sýnunum, díoxín og díoxínílk PCB í kjótmjöli í 8 sýnum. Allar mælingar sem gerðar voru á fiskimjöli voru undir leyfðum mörkum. Tvö sýni voru tekin af lýsi, annað sýnið var yfir mörkum fyrir díoxíni og var því lýsi eytt, en um mjög lítið magn var að ræða af fyrsta farmi af kolmunna, hitt sýnið var undir mörkum fyrir óæskileg efni. Tekin voru 6 önnur sýni af innfluttum fóðurhráefnum og voru þau öll innan hámarksgilda fyrir þau efni sem mæld voru.

Fimm sýni voru tekin af síld úr Kolgrafarfirði sem hafði verið safnað í loðdýrafóður og voru þau send í örverugreiningu og TVN mælingu. Reyndust þau uppfylla kröfur til fóðurgerðar fyrir loðdýr.

Níttján sýni voru tekin af tilbúnu fóðri, reyndist eitt sýni af alikálfafóðri vera yfir mörkum fyrir hníslalyf, en þau eiga ekki að finnast í slíku fóðri, en hætta er á víxlmengun hjá verksmiðjum sem framleiða fóður fyrir kjúklinga. Önnur sýni voru undir leyfðum mörkum fyrir óæskileg efni.

Tvö sýni voru tekin af forblöndum og reyndust þau bæði vera í lagi.

Tuttugu og fimm sýni voru tekin til salmonellugreininga. Salmonella greindist í einu þessara sýna og við frekari rannsóknir greindist salmonella víðar í sama fyrirtæki. Fyrirtækið gerði ítarleg þrif bæði á ytri búnaði, húsnæði og vinnslurás og gerði sömu leiðis salmonellurannsóknir í kjölfarið. Salmonella hefur ekki greinst í sýnum fyrirtækisins eftir þessi þrif.



6. Egg

Neysluegg til dreifingar eru framleidd á 12 varphænsnabúum í samtals 41 varphúsi. Í 14 þessara húsa eru hænurnar haldnar á gólfi, eða 20% allra varphæna. 80% varphæna eru haldnar í hefðbundnum búrum. Langmesta framleiðsla neyslueggja fer fram í Suðvesturumdæmi, en þar eru haldnar 82% hæna sem verpa neyslueggjum til dreifingar.

Á öllum varphænsnabúum eru eggin vigtuð og pökkuð í neytendaumbúðir á staðnum, en ekki tíðkast hérlandis að pakka eggjum í eggjapökkunarstöðvum sem taka við eggjum frá mörgum eggjaframleiðendum.

6.1. Leyfisveitingar

Frumframleiðsla neyslueggja er leyfis skyld vegna hollustuhátta matvæla. Það er meðal annars skylda eggjaframleiðenda að vakta hvort salmonella finnist í varphænsnahópum sínum. Vöktunin fer fram með sama hætti og í öðrum löndum Evrópusambandsins og EFTA, skv. innleiddum reglugerðum.

Síðan er eggjapökkun og vinnsla eggja starfsleyfis skyld. Á þeim stöðum þar sem egg eru þvegin ber eggjapökkunarstöðvum að fylgja sérstökum reglum um eggjapvott. Egg eru þvegin í langflestum eggjapökkunarstöðvum. Hérlandis eru starfrækar tólf eggjapökkunarstöðvar á tólf varphænsnabúum. Eitt fyrirtæki er með leyfi til vinnslu á eggjum.

Til viðbótar eru gerðar sérstakar kröfur ef egg eru brotin til framleiðslu á fjótandi eggjamassa. Slík starfsemi er leyfis skyld.

6.2. Eftirlit

Eggjapökkun er starfsemi þar sem egg eru vaktuð og pökkuð. Héraðsdýralæknar hafa eftirlit með eggjapökkunarstöðum í sínum umdæmum, skv. reglugerðum nr. 103/2010 um hollustuhætti sem varða matvæli og skv. reglugerð nr. 104/2010 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu. Meðferð eggja á flestum starfsstöðvum er í samræmi við löggjöfina, en í einni eggjapökkunarstöð komu fram alvarleg frávík vegna hollustuhátta matvæla.

6.3. Rannsóknir

Lyfjaleifar voru mældar í eggjum skv. aðskotaefnaáætlun 2013. Skimað var fyrir ólöglega lyfinu klórámfeníól, sýklalyfjum í flokkum tetrasýklína og súlfónamíða, hníslalyfjum og aðskotaefnum í eggjum af flestum eggjabúum á landinu. Alls voru 150 sýni tekin og voru þau öll undir viðmiðunarmörkum. Nánari upplýsingar um vöktun aðskotaefna er að finna í Viðauka 3 (kafla VII.3).



7. Fiskur og fiskafurðir

Eftirlit með meðferð, vinnslu og dreifingu fisks og fiskafurða var fært undir Matvælastofnun við stofnun hennar 1.1.2008 en hafði verið á hendi Fiskistofu frá 1993. Í núgildandi reglugerðum eru þessar afurðir nefndar „lagarafurðir“ en vinnsla ferskvatnsfisks fellur að miklu leyti undir sömu reglur og annar fiskur. Um þær gilda lög nr. 93/1995 um matvæli en að auki gilda sérilög um sjávarafurðir nr. 55/1998.

Fiskur og fóður hafa frá og með samþykkt EES samningsins lottið evrópskum kröfum. Má því með nokkurri vissu segja að þessar greinar hafi verið vel undirbúnar þeim breytingum sem urðu með innleiðingu nýju eftirlits- og hollustuháttareglna ESB sem tóku gildi 1.mars 2010 gagnvart lagarafurðum.

7.1. Leyfisveitingar

7.1.1 Leyfisendurskoðun

Innleiðingu nýrrar löggjafar ESB var fylgt eftir með endurskoðun allra gildandi leyfa í vinnslu lagarafurða og voru leyfin uppfærð m.v. þá uppsetningu sem fyrirskipuð er.

Þar sem fiskvinnslufyrirtæki sem voru starfandi fyrir 1. mars 2010 fengu leyfi sín framlengd /endurútfarin án sérstakrar úttektar á grundvelli hinna nýju reglna Evrópusambandsins sem tóku gildi þann dag fyrir fisk og fiskafurðir, var ákveðið að heildarskoðun færi fram í fyrirtækjunum þar sem tekið væri út skv. hinum nýju kröfum, sem settar eru fram í skoðunarhandbók Matvælastofnunar. Sú vinna hófst um mitt ár 2011 og lauk formlega um miðjan maí 2013 með útgáfu nýrra leyfisskírteina.

7.1.2 Leyfisumsóknir

Á árinu bárust 78 umsóknir um starfsleyfi í fiskvinnslum. Er þar meðtaldar umsóknir vegna viðbótarleyfa og breyttra leyfa auk umsókna um ný leyfi. Hefur aldrei fyrr verið svona mikill fjöldi umsókna á einu ári. Ástæðuna má að nokkru leyti rekja til endurskoðunarinnar á leyfum því bæði höfðu leyfin verið endurskilgreind og í nokkrum tilvikum hafði framleiðslan þróast á annan hátt en fyrra leyfi sagði til um. Skoðunarmenn eyddu ríflega 400 klst. í fyrirtækjum vegna úttekta í tengslum við þessar umsóknir.

7.2 Eftirlit

7.2.1 Eftirlit á vettvangi

Áhættumat er lagt til grundvallar því umfangi sem hvert fyrirtæki (starfsstöð) fær af reglubundnu eftirliti. Landinu hefur síðan verið skipt upp í eftirlitseiningar og hefur hver eftirlitsmaður umsjón með tilteknum einingum. Alls eru það 5 eftirlitsmenn sem annast eftirlit með lagarafurðum.

Auk reglubundins eftirlits koma tilfallandi eftirlitsheimsóknir vegna eftirfylgni með úrbótum sem krafist er að gerðar séu án tafa. Fagsviðsstjóri annast síðan leyfisveitingar og hefur ábyrgð á framkvæmd og skipulagi eftirlitsins. Auk þess koma að eftirlitinu forstöðumaður sem og aðrir fagsviðsstjórar og sérfræðingar Matvælaöryggis- og neytendamálasviðs og Stjórnarsýslusviðs.

Heildartímafjöldi við eftirlit á vettvangi var um 2550 klst. í fiskvinnslum, vinnslu- og heilfrystiskipum.

7.2.2 Samræmi í skoðunum

Samræmi í störfum eftirlitsmanna er meðal þess sem Matvælastofnun leggur höfuðáherslu á og í því skyni hefur stofnunin gefið út fjölda leiðbeininga sem finna má á vef stofnunarinnar <http://www.mast.is/matvaelastofnun/innra-efirlit>. Skoðanir eru gerðar í samræmi við lýsingu sem er að finna í skoðunarhandbók sem gildir fyrir öll matvæli úr dýraríkinu.

7.2.3 Eftirlit um borð í heilfrysti- og vinnsluskipum


Matvælastofnun hafði samvinnu við Veiðistjórnarsvið Fiskistofu sem hefur sent til Matvælastofnunar ábendingar um frávik sem hefur ekki verið sinnt og/eða geta skert öryggi afurða sem meðhöndlaðar eru um borð, verði þau ekki lagfærð innan skamms tíma. Þessum ábendingum skila veiðieftirlitsmenn í sérstakri skýrslu ásamt greinargerð um stöðu úrbóta sem krafist var í síðustu úttekt Matvælastofnunar.

7.2.4 Sérstök eftirlitsverkefni

Sumarið 2013 réði Matvælastofnun til sín tvo starfsmenn til eftirlits á höfnum. Störfuðu þeir í júní og júlí á höfnum á Vesturlandi, Suðurlandi og Norðurlandi. Verkefni þeirra var, auk hitastigsmælinga á lönduðum aflu, að kanna meðferð aflu og löndunaraðstæður almennt á höfnum.

Fylgst var með aflameðferð við löndun, kannað hvort landað væri í hrein kör og kannað hvort afli væri varinn fyrir mengun, um borð í bátum og eftir löndun. Aðstæður á fiskmörkuðum voru skoðaðar, sem og aðstæður við flutning á markað og/eða til kaupanda. Þá var gerð sérstök úttekt á körum sem landað er í, sé fiskurinn seldur á uppboðsmarkaði. Hitastigsmælingar voru gerðar á lönduðum aflu um land allt og tóku eftirlitsmenn Fiskistofu þátt í þeim mælingum með Matvælastofnun. Gerðar voru 1900 mælingar en sumarið 2012 voru þær 1200.

Mynd III.7.1: Dreifing hitastigs landaðs aflu í júní og júlí 2012 og 2013



*Svigi tákna neikvæð gildi.

Stólparnir sýna hlutfall mælinga innan hvers hitastigsbils. Ljósbláir stólpur sýna mælingar ársins 2012 en dökkbláir ársins í ár. Rauð lína er dregin við 4°C, en afli skal vera undir fjórum gráðum við löndun eða fjórum klukkustundum eftir að hann er dreginn um borð.

Þegar litið er á kælingu aflu má sjá jákvæða þróun í átt til bættrar aflameðferðar milli árána 2012 og 2013. Í ár sýndu 76% mælinga hitastig undir 4°C og meðalhitastigið var 2,8°C, en árið áður hafði hlutfall mælinga undir 4°C verið 65% og meðalhitastigið 3,6°C. Sjá *Mynd III.7.1*. Í ljósi þess að hér eru teknar saman allar mælingar án tillits til þess hvort um nýveiddan aflu sé að ræða (yngri en fjögurra tíma) eður ei, má í raun gera ráð fyrir að hlutfall aflu sem stenst kröfur reglugerðar sé nokkuð hærra.

Niðurstöður þessa eftirlits má nálgast á heimasíðu Matvælastofnunar undir *Eftirlitsniðurstöður*.

7.2.5 Fjölfosföt leyfð í blautverkaðan saltfisk

Á árinu voru gerðar breytingar á reglugerð Evrópusambandsins um aukefni í matvælum, sem fela í sér rýmkun á notkun fosfata í saltfiski (Reglugerð (EB) nr. 1068/2013 um breytingu á reglum um notkun fosfata í saltfiski).

Framleiðsla á fosfatblönduðum saltfiski mátti hefjast við lok ársins 2013. Samkvæmt nýju reglunum verður heimilt að nota tvífosföt (Diphosphates E450), þrífosföt (Triphosphates E451) og fjölfosföt (Polyphosphates E452) við framleiðslu á blautsöltuðum saltfiski. Notkunin er háð ýmsum skilyrðum. Til að tryggja aðgang að þurrverkuðum saltfiski fyrir Portúgalsmarkað án fosfata, hyggst framkvæmdastjórnin fylgjast með notkun fosfata í saltfiskframleiðslu í helstu saltfiskframleiðslulöndum, þ.á.m. á Íslandi.

7.2.6 Skoðanir Matvælastofnunar í umboði rússneskra matvælayfirvalda

Matvælastofnun hefur síðan 2008 annast úttektir hjá íslenskum fiskframleiðendum og vinnsluskipum sem óska eftir að gerast framleiðendur fyrir rússneskan markað. Samkomulag um þetta var gert í tveimur áföngum, þ.e. á árunum 2008 og 2009. Á árinu 2013 drógu Rússar til baka þessa heimild, að því er virðist hjá öllum sem gert höfðu slíkt samkomulag. Fyrirtæki sem voru inni á lista fyrir breytinguna, halda þeirri stöðu. Óvíst er um framhald þessa máls, en það virðist vera ljóst að þátttaka Rússa mun verða meiri í úttektum en verið hefur. Þessar breytingar má að einhverju leyti tengja stofnun Customs Union en í því tolla- og landamærasamstarfi eru auk Rússlands, Hvítarússland og Khasakstan. Um svipað leyti fékk Rússland fulla aðild að WTO – World Trade Organization.

7.2.7 Skráningar framleiðslufyrirtækja í löndum utan EES

Nokkur ríki utan EES hafa óskað eftir milligöngu Matvælastofnunar við samþykki á fyrirtækjum og vörum þess. Það hefur færst í aukana að ríki utan EES óski sérstakrar skráningar framleiðslufyrirtækja sem framleiða vörur inn á þeirra markaði. Má þar nefna Brasilíu, Kóreu og Vietnam. Kína bættist svo í hóp þessara landa á árinu 2013.

7.2.8 Eftirlitsheimsókn Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)

ESA kom í heimsókn í desember varðandi gerð landsáætlunar og var hún m.a. eftirfylgni vegna heimsóknar þeirra frá nóvember 2010. Úrbótum vegna athugasemda sem þar komu fram er að heita lokið.

8. Grænmeti og ávextir

Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fara með eftirlit með varnarefnaleifum í ávöxtum og grænmeti. Eftirlitið er í samræmi við reglugerð nr. 672/2008 um varnarefnaleifar í matvælum og fóðri og reglugerð nr. 736/2003 um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum. Að auki setur reglugerð nr. 912/2012 um samræmda eftirlitsáætlun Evrópubandalagsins fyrir árin 2012, 2013 og 2014 með varnarefnaleifum nánar upp hvaða áherslur skuli setja í eftirlitinu á hverju ári.

8.1. Leyfisveitingar

Eftirlit með matvælafyrirtækjum sem dreifa grænmeti og ávöxtum er í höndum Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Matvælastofnun veitir leyfi til stofnræktunar á kartöfluútsæði sbr. reglugerð nr. 455/2006 um kartöfluútsæði og veitir kartöflubændum leyfi til að selja útsæði til almennrar dreifingar (sjá kafla III.4.2).

8.2. Eftirlit

Árið 2013 voru tekin 242 sýni af ávöxtum og grænmeti, bæði af innfluttu og innlendri framleiðslu, til eftirlits með leifum varnarefna. 4 sýni að auki voru tekin til mælinga eftir að varnarefnaleifar greindust yfir hámarksgildum, samtals 246 sýni. Engin sýni voru tekin fyrstu mánuði ársins vegna flutninga á mælingunum frá Akureyri til Reykjavíkur. Sýnatökur dreifðust því á tímabilið frá byrjun maí fram í miðjan desember. 105 sýni voru tekin af ávöxtum og 137 af grænmeti, þar af voru 38 sýni af grænmeti og 3 berjasýni af íslenskri framleiðslu en önnur sýni komu frá 28 mismunandi löndum, flest frá Hollandi (60) og Spáni (37).

Flest fyrirtæki sem flytja inn ávexti og grænmeti eru staðsett á eftirlitssvæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Matvælasvið Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tók sýni tvisvar til fjórum sinnum í mánuði hjá innflutningsaðilum og dreifingaraðilum á höfuðborgarsvæðinu, um 17 sýni í hverri sýnatökuferð.

8.3 Rannsóknir

Matvælastofnun gerði samning við Matís ohf. um mælingar á varnarefnaleifum í ávöxtum og grænmeti. Varnarefnaleifar voru mældar á rannsóknastofu Matís ohf í Reykjavík þar sem skimað var fyrir leifum 61 varnarefnis.

Af sýnunum 242 mældust 134 (55%) án þeirra varnarefnaleifa sem skimað var fyrir. Önnur sýni innihéldu leifar eins eða fleiri efna, en 9 sýni reyndust innihalda leifar fjögurra mismunandi efna og eitt innihélt leifar fimm efna en öll efnin voru innan hámarksgildis. Efnin sem oftast greindust voru þiabendasól 32 sýni (13%), ímasalil 30 sýni (12%), ortófenýlfenól 25 sýni (10%) sýpródíníl 16 sýni (7%), tvífenýlamín 12 sýni (5%), pírimíkarb 10 sýni (4%), tebúkónasól 10 sýni (4%). Af þessum sex efnum sem oftast greindust er eitt skordýraeitur, Pírimíkarb, en tvífenýlamín er sterkur andoxari og er notaður til að koma í veg fyrir brúna flekki á hýði sumra ávaxta. Hin fjögur efnin eru sveppaeyðar/sveppaeitur.

Í fjórum erlendum sýnum (1,6%) og einu innlendu (0,4%) greindust leifar varnarefna yfir hámarksgildum. Í tilfelli innfuttu varanna var frekari dreifing vörunnar stöðvuð og fylgst með næstu tveimur sendingum frá sama framleiðanda, ef flutt var meira inn frá honum. Í tilfelli innlenda framleiðandans var frekari dreifing stöðvuð ásamt því að plöntum úr einu gróðurhúsi var fargað.

Af framangreindu má vera ljóst að ástand ávaxta og grænmetis á markaði hérlendis er gott. Þó er brýn þörf á að fjölga þeim efnum sem skimað er fyrir. Krafa þar að lútandi kemur einnig fram í reglugerð nr. 1137/2013 um samræmda eftirlitsáætlun fyrir árin 2013, 2014 og 2015 vegna hámarksgilda varnarefnaleifa og mats á þeim áhrifum sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (EB gerð nr. 788/2012). Þar er einnig krafa um að skimað verði fyrir varnarefnaleifum í kornvöru og dýraafurðum. Ísland fékk frest sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 1137/2016 til loka árs 2015 til að uppfylla kröfur um mælingar sem fram koma í Evrópugerðinni, en stefnt er á að efnunum sem skimað er fyrir fjölgi mikið á árunum 2014 og 2015.

Tafla III.8.1: Sýnafjöldi eftir flokkum ávaxta og grænmetis

Sýnategund	Fjöldi
Aldingrænmeti	41
Rótarávextir	32
Sítrusávextir	28
Kjarnaávextir (epli, perur)	28
Kál	25
Blaðgrænmeti (spínat kryddjurtir)	22
Ber	19
Ýmis aldin (bananar, kíví, ananas)	18
Steinaldin (ferskjur, plómur)	12
Stöngulgrænmeti (sellerý, blaðlaukur)	8
Laukur	5
Sveppir	4
Samtals:	242

Tafla III.8.2: Upprunalönd sýna í varnarefnaeftirliti

Sýnategund	Fjöldi
Holland	60
Ísland	41
Spánn	37
Bandaríkin	18
Brasilía	12
Zambia	11
Chíle	10
Ítalía	9
Þýskaland	5
Önnur lönd	39
Samtals:	242

9. Kjöt og kjötafurðir

Sláturhús með starfsemi á árinu voru 15, þar af þrjú sem slátra eingöngu alifuglum, eitt sem slátrar eingöngu svínunum auk eins sem slátrar eingöngu sauðfé. Önnur slátra öll fleiri en einni dýrategund.

Tafla III.9.1: Magn og skipting slátrunar hjá sláturleyfishöfum 2013

Sláturleyfishafi	Hross		Nautgripir		Sauðfé		Svín		Alifuglar	
	stk.	kg.	stk.	kg.	stk.	kg.	stk.	kg.	stk.	kg.
Sláturfélag Suðurlands	3.996	577.155	5.868	1.093.997	106.330	1.745.859	9.377	785.261	0	0
Sláturhús KVH ehf	892	116.595	1.306	274.865	91.189	1.537.671	0	0	0	0
SAH Afurðir ehf	2.562	276.941	1.769	342.774	102.394	1.718.363	0	0	0	0
Kaupfélag Skagfirðinga	1.041	159.515	1.206	210.535	114.849	1.905.246	0	0	0	0
Norðlenska/Norðl. Höfn	81	11.433	4.664	858.533	114.216	1.944.396	12.637	1.022.094	0	0
B. Jensen ehf	371	61.550	1.457	275.234	0	0	6.309	522.810	0	0
Sláturhúsið Hellu hf	799	87.092	4.840	964.512	0	0	0	0	0	0
Sláturfélag Vopnfirðinga	16	2.838	273	61.167	30.768	520.018	0	0	0	0
Fjallalamb	0	0	0	0	30.911	520.122	0	0	0	0
Stjörnugrís h/f	0	0	0	0	0	0	48.364	4.008.337	0	0
Ísfugl	0	0	0	0	0	0	0	0	782.836	1.276.021
Matfugl ehf	0	0	0	0	0	0	0	0	2.048.133	3.191.749
Reykjagarður hf	0	0	0	0	0	0	0	0	2.126.301	3.429.588
Samtals	9.758	1.293.119	21.383	4.081.617	590.657	9.891.675	76.687	6.338.502	4.957.270	7.897.358

9.1. Leyfisveitingar

Ekki voru veitt ný starfsleyfi til sláturhúsa á árinu. Sláturhús KVH á Hvammstanga fékk leyfi til að slátra eldiskaninum.

9.2. Eftirlit

Daglegt eftirlit er á höndum héraðsdýralækna. Sérgræinadýralæknir fór einnig í húsin mismunandi oft eftir eðli og umfangi starfsemi. Framkvæmdar voru úttektir á innra eftirliti og á störfum héraðs- og eftirlitsdýralækna. Mikil þróun er í afurðanýtingu sláturhúsa, sem kallar á breytingar á innra skipulagi eldra húsnæðis og nýbyggingar. Framkvæmd eftirlits með sláturhúsum og kjötvinnslum var með hliðstæðum hætti og áður. Við úttektir var notuð skoðunarhandbók Matvælastofnunar um matvæli úr dýraríkinu.

Hefðbundin heilbrigðisskoðun á sláturgripum var ýmist í höndum fastráðinna eftirlitsdýralækna, eða dýralækna sem voru ráðnir tímabundið, sérstaklega á þetta við um sauðfjárslátrun. Mikil þörf er fyrir samræmingu á eftirlitinu, ekki síst vegna tímabundinna ráðninga eftirlitsdýralækna í sauðfjárslátrun. Skoðunarhandbækur og gátlistar um daglegt eftirlit dýralækna í sláturhúsum voru því endurskoðuð bæði fyrir búfé og alifugla.

Öll sláturhús, kjötvinnslur og mjólkurstöðvar hafa fengið skilyrt eða fullnaðarleyfi - sjá lista yfir samþykktar starfsstöðvar: <https://skyrslur.mast.is/establishment>

Tvær úttektarheimsóknir áttu sér stað á sviði kjötafurða á árinu, önnur frá ESA um slátrun og vinnslu alifuglaafurða og hin frá Hong Kong vegna leyfa til að flytja búfjárafurðir inn á þann markað. Þessar heimsóknir gengu vel, en nokkrar athugasemdir komu fram sem unnið verður úr af íslenskum stjórnvöldum.

Síðla árs hófst mikil umræða um upprunamerkingar á alifuglakjöti. Sagt var að innflutt kjöt væri selt uppþitt í verslunum en einungis er leyfilegt að flytja inn frosið kjöt. Ekki er skylt að upprunamerkja slíka vöru, nema ef merkingar gefa villandi upplýsingar um uppruna. Án upprunamerkingar gæti neytandi dregið þá ályktun að kjötið væri íslenskt og vakti fréttafutningur um málið viðbrögð frá Neytendasamtökunum og framleiðendum. Nýjar reglur um upprunamerkingar á kjöti taka gildi 1. apríl 2015. Þar með verður skylt að upprunamerkja kælt og fryst svínakjöt, kinda- og geitakjöt og alifuglakjöt. Í gildi eru reglur um að upprunamerkja skuli nautgripakjöt. Stuttu síðar hófst umræða um upprunamerkingu á ostum unnum úr innfluttu írsku smjöri.

9.2.1. Yfirkjötmát

Yfirkjötmát Matvælastofnunar nær til kinda-, stórgripa- og svínakjöts og er fjórþætt:

- Mótun reglna um kjötmát
 - Hafa forystu um mótun á reglum um gæðamat og flokkun á kjöti og fylgjast með nýjungum.
- Skipun kjötmatsmanna og fræðsla
 - Skipuleggja námskeið fyrir kjötmatsmenn sláturhúsa.
 - Meta hæfni þeirra.
 - Leiðbeina þeim og samræma störf þeirra með reglubundnum hætti.
- Yfirmat
 - Skera úr ágreiningi um kjötmát og störf kjötmatsmanna.
- Söfnun upplýsinga
 - Sjá til þess að safnað sé upplýsingum um gæðamat á kjöti og að þær séu til reiðu á aðgengilegu formi.

Árið 2013 var haft eftirlit með kjötmati í 12 sláturhúsum á vegum 10 sláturleyfishafa. Stórgripum var slátrað í 9 þeirra, svínunum í 4 og sauðfé í 8 sláturhúsum. Í þessum húsum eru alls 36 kjötmatsmenn skráðir með réttindi. Sláturhúsin voru heimsótt, kjötmatið tekið út og kjötmatsmönnum leiðbeint. Framkvæmd kjötmatsins var með eðlilegum hætti en í nokkrum ágreiningsmálum fór fram yfirmat.

Við upphaf sauðfjárslátrunar í ágúst voru haldin samræmingarnámskeið fyrir kjötmatsmenn sem störfuðu í sláturtíðinni. Námskeið fyrir matsmenn stórgripakjöts var haldið í febrúar. Þá var einnig haldið símenntunarnámskeið um kjötmát fyrir kjötiðnaðarmenn í samvinnu við IÐUNA fræðslusetur.

Fundur yfirkjötmatsmanna á Norðurlöndunum var haldinn í Danmörku 28.-30. maí. Slíkur fundur er haldinn annað hvert ár til að ræða það sem efst er á baugi hverju sinni og samræma kjötmát og snyrtingu kjötskrokka milli landanna með heimsóknum í sláturhús.

Samráðshópur Matvælastofnunar, bænda og sláturleyfishafa um kindakjötmát var skipaður og tók til starfa 2013.

Helstu niðurstöður kjötmatsins á árinu voru eftirfarandi:

- Árið 2013 var meðalvigt sláturlamba 15,98 kg, 0,30 kg lægri en metárið 2012. Árið 2011 var meðalvigtin 15,78 kg en 15,94 kg árið 2010. Framleiðsla lambakjöts nam 8.660 tonnum og var 89,3 tonnum (1,0%) minni en 2012.
- Holdfyllingarmat var áfram að meðaltali mjög gott. Hlutfall skrokka í tveimur bestu flokkunum (E og U) 2013 var 24,5%, aðeins lægra en 2012 (26,8%). Fitustig var talsvert lægra en árið áður. Hlutfall feitustu flokkanna (fitufl. 3+, 4 og 5) fór úr 11,2% í 8,8% og hlutfall í fituflokki 2 hækkaði úr 44,6% í 49,5%.
- Innlagðir skokkar af fullorönu fé árið 2013 voru 48.764 (1.231.655 kg).
- Framleiðsla á nautgripakjöti var 4.081,6 tonn, 31,2 tonnum (0,8%) minni en 2012, þó var aukning um 25,9 tonn (1,1%) í ungneytakjöti. Skipting í matsflokka var svipuð og árið áður.
- Árið 2013 fóru 9,9% ungneytaskrokka í úrvalsflokk en 10,7% árið 2012.
- Framleiðsla grísakjöts nam 6.102,7 tonnum og jókst um 463,0 tonn (8,2%) milli ára eftir samdrátt síðustu ár. Ársframleiðslan 2013 er svipuð og 2009. Meðalvigt grísaskrokka hefur farið vaxandi og var 81,6 kg árið 2013.
- Hrossslátrun var mun minni árið 2013 en 2012 þegar hún náði hámarki. Alls var slátrað 9.758 hrossum árið 2013, innvegið hrossakjöt var 1.293,1 tonn samanborett við 1.503,4 tonn árið 2012 (-14,0%).

Nánari upplýsingar um skiptingu kjöttegunda í matsflokka eru birtar í töflum í Viðauka 4 (kafla VII.4).

9.3. Rannsóknir

Lyfjaleifar og aðskotaefni voru mæld í búfé og búfjárafurðum skv. aðskotaefnaáætlun 2013. Skimað var fyrir ólöglegum lyfjum, vaxtarhvetjandi og klóramfenikól, minnst 30 sýklalyfjum, hnísla- og sníklalyfjum og öðrum lyfjum í sauðfé (293 sýni), nautgripum (89 sýni), hrossum (83 sýni), svínunum (40 sýni), alifuglum (118 sýni) og hreindýrum (5 sýni), alls 628 sýni. Öll sýnin mældust undir hámarksgildum (MRL) en þau voru greind hjá viðurkenndum rannsóknarstofum bæði héraðslækna (Matis og Keldur) og erlendis. Einnig voru tekin vatnssýni til eftirlits í sláturhúsunum og vinnslusölum þeirra. Þær niðurstöður voru í flestum tilfellum fullnægjandi og alltaf eftir rannsókn á aukasýni eftir að úrbætur höfðu verið gerðar. Nánari upplýsingar um vöktun aðskotaefna er að finna í Viðauka 3 (kafla VII.3).

10. Mjólk og mjólkúrafurðir

Mjólkurstöðvar með starfsemi á árinu voru 8. Mjólkurstöðvarnar Mjólka ehf., Mjólkubúið Kú ehf. og Biobú ehf., kaupa mjólk frá MS í sína framleiðslu. Auk þessa voru nokkrir smáframleiðendur (ísgerðir og ostavinnslur) með samtals um 50 þúsund lítra innvigtun. Innvigtun minnkaði milli ára um 2,143 milljón lítra og framleiðendum fækkaði um 9.

Tafla III.10.1: Mjólkurstöðvar sem taka á móti hrámjólki

Mjólkurstöð	Fjöldi kúabænda	Innvigtun (L)
MS Egilsstaðir	36	7.163.193
MS Selfoss	321	61.482.953
MS Búðardalur	39	4.475.457
MS Akureyri	209	37.595.716
KS Sauðárkróki	53	12.196.642
Samtals	658	122.913.961

10.1. Leyfisveitingar

Skipulagsbreytingum er að mestu lokið hjá stærstu stöðvunum, en stöðug þróun og breytingar á framleiðsluþáttum og tækjabúnaði eiga sér stað. Nýjar minni stöðvar eru að skjóta rótum á markaði sem er í mikilli þróun, en markaðshlutdeild þeirra er óveruleg.

10.2. Eftirlit

Eftirlit er á höndum héraðsdýralækna og starfsmanna þeirra, en sérfræðingur hefur einnig komið að nokkrum heimsóknunum. Byrjað var á árinu 2010 að styðjast við nýjan gátlista en skoðunarhandbók Matvælastofnunar um matvæli úr dýraríkinu, sem byrjað var að nota á seinni hluta árs 2011, hefur reynst vel á árinu 2013. Niðurstöður eftirlits eru yfirleitt viðunandi og staða greinarinnar góð.

10.3. Rannsóknir

Lyfjaleifar voru mældar í mjólk skv. aðskotaefnaáætlun 2013. Skimað var fyrir ólöglega lyfinu klórámfenikól, sýklalyfjum í flokkum tetrasýklína, beta-laktama, makrólíða, kínólóna, súlfónamíða, hníslalyfjum, bólgueyðandi og öðrum lyfjum og aðskotaefnum í mjólk sem tekin var á kúabúum um allt land. Alls voru 385 sýni tekin og voru þau öll undir viðmiðunarmörkum. Nánari upplýsingar um vöktun aðskotaefna er að finna í Viðauka 3 (kafla VII.3).

11. Skelfiskur

Skelfiskeftirlit tekur til veiða, ræktunar og framleiðslu lifandi samloka, skrápdyra, möttuldýra og sæsnigla eða kræklinga, kúfiskelja, ígulker, beitukóns og sæbjúgna. Eftirlitið nær til veiði- og ræktunarsvæða með könnun á hugsanlegum mengunarvöldum með heilnæmiskönnun og til reglubundins eftirlits á eitruðum þörungum í sjó og örverum og þörungaeitri í skelfiski á svæðum sem hafa verið opnuð til uppskeru.

Tafla III.11.1: Flokkun framleiðslusvæða og framleiðsla á lifandi skeldýrum 2013

Framleiðslu svæði	Flokkun svæðis	Tegund	Framleiðsla lifandi samloka		Athugasemdir
			2013	2012	
Breiðafjörður	A	Bláskel	11.000	22.000	Ræktun
Eyjafjörður	A	Bláskel	150	8.934	Ræktun
Faxaflói	A/B	Bláskel	12.500	50	Ræktun
Hvalfjörður	A	Bláskel	115.000	0	Veiðar
Mjóifjörður	A	Bláskel	50	130	Ræktun
Steingrímsfjörður	A	Bláskel	24.136	31.921	Ræktun
Þistilfjörður	A	Kúfiskel	20.156	8.675	Veiðar
		Samtals:	182.992	71.710	
Breiðafjörður	A	Ígulker	129.470	135.097	Veiðar
Breiðafjörður	A	Beitukóngur	88.620	374.812	Veiðar
Faxaflói	A	Sæbjúgu	1.424.190	1.414.784	Veiðar
		Samtals:	1.642.280	1.924.693	

Heildar magn lifandi samloka hefur aukist verulega á milli ára og stafar það fyrst og fremst af auknum veiðum á kræklingi í Hvalfirði. Stærstur hluti þessa kræklinga er soðinn og fystur. Veiðar á beitukóngi hefur dregist saman, en magn sæbjúgna og ígulkerá helst svipað milli ára.

11.1. Leyfisveitingar

Matvælastofnun annast leyfisveitingar til skelræktenda samkvæmt lögum nr. 90/2011. Leyfisveiting Matvælastofnunar til skelræktenda er tvíþætt, annars vegar tilraunaleyfi sem eru veitt til 3 ára og hins vegar ræktunaleyfi sem veitt eru til 10 ára. Matvælastofnun veitir jafnframt leyfi fyrir starfsemi afgreiðslustöðvar vegna framleiðslu á lifandi skelfiski.

11.1.1. Uppskeruheimild

Matvælastofnun veitir heimild til uppskeru eða nýtingar á skelfiski og skyldum tegundum. Forsenda uppskeruleyfis er heilnæmiskönnun á veiði- eða ræktunarsvæðum þar sem mengunarvaldar eru kannaðir. Að henni lokinni eru svæðin flokkuð í A,B,C eftir örverumengun. Sjá *Töflu III.11.1.*

11.2. Eftirlit

Eftirlit með eiturþörungum var viðhaft á 7 svæðum (sjá *Töflu III.11.2.*) við landið í samvinnu Matvælastofnunar og Hafrannsóknarstofnunarinnar. Matvælastofnun og Hafrannsóknarstofnunin hafa einnig eftirlit með þörungum í sjó á svæðum eins og Hvalfirði sem eru nýtt af almenningi til skelfisktekju.

Eiturþörungur fundust á öllum svæðum í sumar, en í litlu magni og þörungaeitur í krækling yfir viðmiðunarmörkum greindist eingöngu í Hvalfirði. Hins vegar var ekkert eftirlit haft við norðanvert landið yfir sumarið þar sem kræklingarækt lagðist af í Eyjafirði fljótlega eftir áramót.

Tafla III.11.2: Eftirlitsniðurstöður 2013

Svæði	Greiningar á eiturþörungum og þörungaeitri	Lokað v. eitrunar		
		Heildarfj. sýna	Jákvæð sýni	Yfir viðmiðunarmörkum
Breiðafjörður	Eiturþörungur	18	11	3
	Þörungaeitur	7	0	0
Eyjafjörður	Eiturþörungur	3	1	0
	Þörungaeitur	3	1	0
Faxaflói	Eiturþörungur	21	10	1
	Þörungaeitur	9	5	0
Hvalfjörður	Eiturþörungur	18	15	2
	Þörungaeitur	6	5	1
Mjóifjörður	Eiturþörungur	5	2	1
	Þörungaeitur	1	0	0
Steingrímsfjörður	Eiturþörungur	3	3	0
	Þörungaeitur	3	2	0
Þistilfjörður	Eiturþörungur	6	1	0
	Þörungaeitur	5	3	0
Fjöldi sýna:		108	59	8



12. Matvælaeftirlit heilbrigðisnefnda

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa opinbert eftirlit með matvælum á markaði og framleiðslu matvæla sem ekki eru unnin úr dýraafurðum undir yfirumsjón Matvælastofnunar, skv. lögum um matvæli nr. 93/1995. Á vegum heilbrigðisnefnda starfar heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) og er landinu skipt upp í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði.

Eftirlit á vegum heilbrigðisnefnda er afar viðamikl og tekur á mörgum þáttum. Heildarfjöldi eftirlitsskyldra aðila hjá heilbrigðiseftirlitssvæðum var 4348 á árinu 2013 (sjá *Töflu III.12.2*) og eftirliti sinnu 30 starfsmenn í 23 stöðugildum. Auk fjölda eftirlitsþega verður einnig að horfa til stærðar heilbrigðiseftirlitssvæðanna en þau spanna sum gríðarlega víðfeðm svæði sem mörg hver geta verið erfið yfirferðar stóran hluta ársins.

Tafla III.12.1: Heilbrigðiseftirlitssvæði

Skammstöfun	Heilbrigðiseftirlitssvæði
HHK	Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
HER	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar
HKJ	Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
HVL	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
HVF	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
HNV	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
HNE	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
HAUST	Heilbrigðiseftirlit Austurlands
HSL	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
HSN	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

HHK annast einnig eftirlit í Garðabæ og Álftanesi.
HKJ annast eftirlit í Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi og í Kjós.

Tafla III.12.2: Fjöldi eftirlitsskyldra aðila og skipting milli heilbrigðiseftirlitssvæða

Svæði	Vatnsveitur	Framleiðsla og pökkun	Heildsala, innflutningur og flutningur	Smásalar	Stórelldhús	Aðrir eftirlitsþegar	Samtals
HHK	7	36	30	107	273	63	516
HER	1	43	104	314	820	0	1282
HKJ	11	7	4	14	36	8	80
HVL	90	15	5	26	136	81	353
HVF	36	10	6	28	136	103	319
HNV	105	13	7	26	97	78	326
HNE	165	43	6	66	185	0	465
HAUST	119	25	9	39	131	37	360
HSL	138	75	12	100	310	125	760
HSN	8	18	5	33	108	0	172
Samtals	680	285	188	753	2232	495	4348

12.1. Vatnsveitur

Heilbrigðissvæði hafa eftirlit með öllum neysluvatnsveitum á landinu að undanskildum þeim sem þjóna færri en 50 manns eða minna en 20 íbúðum eða sumarbústöðum. Allar vatnsveitur sem þjóna matvælafyrirtækjum eru undir eftirliti heilbrigðiseftirlitssvæða. Þannig eru t.d. allar vatnsveitur sem þjóna býlum sem framleiða afurðir til manneldis undir eftirliti, enda slík býli skilgreind sem matvælafyrirtæki.

12.2. Framleiðsla og pökkun

Fyrirtæki sem falla undir þennan flokk framleiða og/eða pakka m.a. grænmeti og ávöxtum, drykkjarvörum, brauði og kókum, sælgæti, kryddi, aukefnum og bragðefnum, salati og samlokum, sósum, sultum og grautum.

12.3. Heildsala, innflutningur og flutningur

Til þessa flokks teljast m.a. vörugeymslur, vöruhótel og vöruflutningamiðstöðvar. Vert er að benda á að sum fyrirtæki í þessum flokki eru með starfstöðvar á fleiri en einum stað á landinu, en hver starfsstöð er undir eftirliti á því heilbrigðiseftirlitssvæði sem hún tilheyrir.

12.4. Smásalar

Til smásala teljast meðal annars allar matvöruverslanir og stórmarkaðir með og án vinnslu matvæla, söluturnar með eða án meðhöndlunar á óvörðum matvælum, matsöluvagnar, fiskbúðir með og án vinnslu matvæla, brauðbúðir með og án bakaría sem og önnur smásala á matvöru og drykkjum í sérvöruverslunum, lyfjabúðum, heilsuræktarstöðvum og bensínstöðvum.

12.5. Stórelldhús

Stórelldhús teljast vera allir matsölustaðir, skyndibitastaðir, mótuneyti og móttökuelldhús (s.s. hótél, dvalarheimili, skólar, leikskólar, sjúkrahús og vinnustaðir), mótuneyti með útseldan mat, sala á tilbúnum mat, krár og kaffihús með matsölu.

12.6. Aðrir eftirlitsþegar

Önnur fyrirtæki sem falla undir matvælaeftirlit heilbrigðiseftirlitssvæða eru t.d. fyrirtæki með tímabundna starfsemi, s.s. bændagisting, félagsheimili, samkomusalir og önnur starfsemi þar sem matvælum er dreift hvort sem er í ábataskyni eður ei.

12.7. Samræming eftirlits

Í yfirumsjónarhlutverki Matvælastofnunar felst m.a. samræming matvælaeftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu og að Matvælastofnun vinnur í nánú samstarfi við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði matvælaeftirlits.

Á síðasta ári var mikil vinna lögð í gerð nýrrar skoðunarhandbókar fyrir matvælaeftirlit heilbrigðiseftirlitssvæða sem fela mun í sér ákveðnar breytingar á verklagi við eftirlit. Ný skoðunarhandbók er unnin í samræmi við kröfur hollustuháttalöggjafar og er gert ráð fyrir að hún verði tekin til notkunar á árinu 2014 að loknum prófunum. Matvælastofnun lagði fram drög að handbókinni en hún var svo fullunnin af samstarfshópi Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæða.

Á síðustu árum hefur einnig verið unnið að nýju kerfi til að meta eftirlitsþörf fyrirtækja sem falla undir eftirlit heilbrigðiseftirlitssvæða út frá áhættu og frammistöðu í eftirliti. Með nýju kerfi er leitast við að auka samræmi og gagnsæi í eftirliti og tryggja að tíðni eftirlits sé regluleg og í réttu hlutfalli við áhættuna, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti. Á árinu 2013 var mikil vinna lögð í að áhættuflokka fyrirtæki samkvæmt nýju kerfi og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á árinu 2014. Hópur skipaður fulltrúum frá hverju heilbrigðiseftirlitssvæðanna auk fulltrúa frá Matvælastofnun hefur á þessum tíma unnið að lokafrágangi kerfisins og flokkun samkvæmt því. Þá hefur fagsviðsstjóri samræmingar á eftirliti hjá Matvælastofnun einnig veitt heilbrigðiseftirlitssvæðum aðstoð við flokkun.

Á síðasta ári bauð Matvælastofnun einnig heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga aðgang að eftirlitsgagnagrunni sínum ÍsLeyfi til þess að halda utan um eftirlit sitt með matvælum. Þrjú heilbrigðiseftirlitssvæði munu innleiða kerfið hjá sér á árinu 2014 til reynslu undir handleiðslu Matvælastofnunar.

12.8. Þjálfun

Á árinu 2013 tók Matvælastofnun í samstarfi við Matís þátt í að koma á tvíhliða samningi milli þýskra og íslenskra stjórnvalda um að efla þekkingu og rannsóknargetu vegna rannsókna á matvælum á Íslandi. Í lok árs var skrifað undir samning milli Matvælastofnunar, Matís, áhættumatsstofnunar Þýskalands og neytendaverndar- og matvælastofnunar Nyrðra-Saxlands (LAVES) um samstarfsverkefni sem ber yfirskriftina *Örugg matvæli*. Sem hluti af þessu verkefni fá Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga á árinu 2014 þjálfun í áhættumati, eftirlitsslöggjöf EES, gerð sýnatökuáætla, sýnatökum og eftirfylgni vegna aðskotaefna í matvælum og fóðri og erfðabreyttra matvæla og fóðurs. Vonast Matvælastofnun til þess að verkefnið muni efla og auka þekkingu, samræmi og samstarf Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á þessum sviðum.

1. Um heilbrigði og velferð dýra

Nýr yfirdýralæknir, Sigurborg Daðadóttir, tók við starfi þann 1. febrúar 2013 og er fráfarandi yfirdýralækni til 15 ára, Halldóri Runólfssyni, þakkað fyrir vel unnin störf. Dýravelferðarmál settu svip sinn á starfsemi sviðsins á árinu, málaflökkin færðist frá Umhverfisstofnun til Matvælastofnunar í byrjun ársins og ný lög um velferð dýra og ný lög um búfjárhald voru samþykkt á Alþingi á vordögum. Vinna sviðsins á árinu þessu tengdu eru gerð skil í kaflanum um velferð dýra. Nokkrar breytingar voru gerðar á skipulagi Matvælastofnunar sem tengdust sviðinu, yfirumsjón súna var flutt á sviðið og felld undir sérgreinadýralækni svínasjúkdóma. Lyfjamál og yfirumsjón aukaafurða dýra var falið einum starfsmanni, lyfjafræðingi að mennt. Nýr sérgreinadýralæknir gæludýra tók til starfa á miðju ári og hefur hann að auki yfirumsjón með dýravelferð og verður starfsmaður fagraðs um dýravelferð. Undir lok árs var ákveðið að yfirdýralæknir yrði næsti yfirmaður héraðsdýralækna. Í lok ársins var gefin út fyrsta Landsáætlunin um varnir og viðbrögð við salmonellu í alifuglum.

Engir alvarlegir smitsjúkdómar komu upp á árinu, en garnaveiki í sauðfé á N-Austurlandi skaut þó upp kollinum, á svæði þar sem ekki hafði verið bólusettt gegn veikinni til margra ára. Í kjölfarið hófu bændur á svæðinu að bólusetja fé sitt að nýju. Matvælastofnun studdi við lokaverkefni dýralæknanna sem rannsakar sýkingar í öndunarfærum sauðfjár og vonir standa til að hægt verði að þróa sértækt bóluefni gegn slíkum sýkingum.

Sviðið fer með stjórnáslu og yfirumsjón allra mála sem tengjast heilbrigði og velferð dýra, s.s. stjórnáslulega ráðgjöf til ráðuneytis og annarra stofnana, túlkun laga og reglugerða, samskipti við erlendar stofnarnir, vöktun dýrasjúkdóma og skipulag eftirlits með heilbrigði og velferð dýra. Sviðið er í nánú samstarfi við svið matvælaöryggis og neytendaverndar, við inn- og útflutningsskrifstofuna í Reykjavík og síðast en ekki síst við allar umdæmaskrifstofur stofnunarinnar.


2. Framkvæmd eftirlits

2.1. Hlutverk/verkefni sérgreinadýralækna/sérfræðinga

Sérgreinadýralæknar og sérfræðingar hafa starfsaðstöðu á aðalskrifstofu nema dýralæknir hrossasjúkdóma sem er með skrifstofu á Hólum í Hjaltadal. Þeir vinna við stjórnáslu, skipulag og úrvinnslu vöktunar dýrasjúkdóma og súna, samræmingu og úrvinnslu eftirlits í frumframleiðslu auk eftirlitsstarfa og framkvæmd sýnatöku. Þessu eru gerð skil í köflum hverrar dýrategundar, dýrasjúkdóma, dýravelferðar, lyfja, aukaafurða dýra og súna.

2.2. Hlutverk/verkefni umdæmaskrifstofa

Landinu er skipt í sex umdæmi, í hverju umdæmi starfar héraðsdýralæknir ásamt eftirlitsdýralæknum, en í Vestur- og Austurumdæmi eru þó aðeins starfandi héraðsdýralæknir, þ.e. án aðstoðarmanns. Umdæmin eru misjöfn að stærð, bæði landfræðilega og með tilliti til fjölda dýra og annarrar starfsemi sem fellur undir starfssvið stofnunarinnar. Á *Mynd IV.2.1* má sjá landfræðilega skiptingu umdæmanna og í *Töflu IV.2.1* er gefinn upp fjöldi dýra annars vegar og magn eldisfisks hins vegar. *Mynd IV.2.2* sýnir þróun fjölda nautgripa, sauðfjár, hrossa og minka.



Mynd IV.2.1: Umdæmi Matvælastofnunar


Tafla IV.2.1: Fjöldi dýra í umdæmum og á landsvísi árið 2012-2013

Umdæmi	Nautgripir	Sauðfé	Geitfé	Hross	Svín ¹	Loðdýr	Alifuglar ²	Eldisfiskur ³
Suðvesturumdæmi	1.260	4.854	35	8.978	5.785	2.573	431.890	2.089
Vesturumdæmi	10.770	118.271	310	10.725	11.682	11	197.421	2.507
Norðvesturumdæmi	10.853	114.274	162	18.674	905	16.376	32.260	193
Norðausturumdæmi	16.315	76.543	154	7.470	4.974	2.211	75.303	1.653
Austurumdæmi	4.638	79.311	117	3.240	91	2.294	4.330	101
Suðurumdæmi	27.677	82.329	79	28.313	5.546	16.974	394.301	344
Samtals á landsvísi	71.513	475.582	857	77.400	28.983	40.439	1.135.505	6.887

¹ Gyltur, geltir og eldisgrísir ² Fjöldi fuglastæða ³ Framleidd tonn

Verkefni umdæmaskrifstofa eru fjölbætt, meginþungi starfa héraðs- og eftirlitsdýralækna er framkvæmd eftirlits með öllu sem við kemur „frá haga til maga“. Það tekur til skoðunar starfsemi og sýnatökur er varða dýraheilbrigði, dýravelferð og framleiðslu afurða úr dýraríkinu. Yfirlit yfir eftirlitsheimsóknir í frumframleiðslu má sjá í *Töflu IV.2.2*. Umdæmaskrifstofurnar annast varnir vegna smitsjúkdóma, viðbrögð við grun um alvarlega dýrasjúkdóma, afgreiðslu tilkynninga um illa meðferð á dýrum ofl. og má sjá yfirlit yfir margþætt verkefni þeirra í *Töflu IV.2.3*.

Mynd IV.2.1: Fjöldi hrossa, nautgripa, sauðfjár og minka 1981-2012



Tafla IV.2.2: Eftirlitsheimsóknir í frumframleiðslu 2013*

Umdæmi	Fjöldi staða heimsóttir
Suðvesturumdæmi	68
Vesturumdæmi	44
Norðvesturumdæmi	55
Norðausturumdæmi	95
Austurumdæmi	48
Suðurumdæmi	145
Á landsvísi	455

* á búum þar sem dýr eru alin til manneldis

Tafla IV.2.3: Umfang ýmissa verkefna umdæmaskrifstofa 2013

Verkefni	Umdæmi:	SV	V	NV	NA	A	S	Alls
Inn- og útflutningur								
Hross í útflutningsskoðun		1.227	0	0	0	16	0	1.243
Hundar útskrifaðir úr einangrun		153	0	0	10	0	0	163
Kettir útskrifaðir úr einangrun		37	0	0	4	0	0	41
Önnur gæludýr - hópar útskrifaðir úr einangrun		3	0	0	0	0	0	3
Loðdýr - hópar útskrifaðir úr einangrun		0	0	1	0	0	0	1
Úttekt á notuðum landbúnaðarvélum/-tækjum		22	0	0	0	1	11	34
Sjúkdómavarnir								
Riða - fjöldi kinda í niðurskurði		0	0	0	0	0	0	0
Salmonella - fjöldi aflífaðra fugla		17.400	18.100	0	36.700	0	46.230	118.430
Línubríótar - fjöldi slátraðra kinda		0	0	184	-	18	98	300
Garnaveiki - fjöldi bólusettra lamba		883	16.262	17.677	9.484	5.938	8.830	59.074
Leyfi útgefin v/sölu líflamba		0	388	0	133	112	0	633
Leyfi útgefin v/kaupa líflamba		5	61	133	69	60	58	386
Leyfi til flutnings nautgripa á milli varnarhólfa		0	2	4	4	5	12	27
Leyfi til flutnings heyja á milli varnarhólfa		0	3	5	3	7	3	21
Leyfi til flutnings landbúnaðarvéla á milli varnarhólfa		3	0	1	-	2	12	18

2.3. Dýralæknþjónusta

Í því skyni að tryggja velferð dýra og dreifðum byggðum reglubundna dýralæknþjónustu svo og bráðþjónustu setur ráðherra reglugerð um hvernig tryggja skal starfsaðstöðu og greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita slíka þjónustu. Alls eru níu þjónustuvæði skilgreind í reglugerð nr. 846/2011 um dýralæknþjónustu í dreifðum byggðum og lög nr. 66/1998 skipta landinu í 13 vaktsvæði. Héraðsdýralæknar hafa samskipti við starfandi dýralækna hver í hverju héraði, þeir annast framkvæmd þjónustusamninga dýralækna og skipuleggja bakvaktir. Í *Töflu IV.2.4* má sjá hvernig þjónustu- og vaktsvæði skiptist niður eftir umdæmum og áætlaður fjöldi starfandi dýralækna í hverju umdæmi.

Tafla IV.2.4: Fjöldi þjónustuvæða, vaktsvæða og starfandi dýralækna milli umdæma

Umdæmi	Þjónustuvæði	Vaktsvæði	Fjöldi starfandi dýralækna
Suðvesturumdæmi	0	1	35
Vesturumdæmi	3	4	6
Norðvesturumdæmi	1	1	4
Norðausturumdæmi	1	2	7
Austurumdæmi	3	3	5
Suðurumdæmi	1	2	12
Á landsvísi	9	13	69

3. Smitsjúkdómar

3.1. Varnir

Einn liður í vörnum gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins er að fylgjast með stöðu varðandi smitsjúkdóma í heiminum. Þegar upp koma alvarlegir smitsjúkdómar í öðrum löndum fær Matvælastofnun tilkynningu um þá á margvíslegan hátt, m.a. í gegnum tengslanet yfirdýralækna, frá Evrópusambandinu og Alþjóða dýraheilbrigðisstofnuninni (OIE). Þegar slíkar tilkynningar berast er fylgst betur með innflutningi og hann jafnvel stöðvaður ef þurfa þykir. Upplýsingar um sjúkdómastöðu í öllum aðildarlöndum OIE má nálgast á vefslóðinni:

<http://web.oie.int/wahis/public.php?page=home>.

3.2. Vöktun

Smitsjúkdómar eru flokkaðir í þrjá flokka A, B og C, samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993. Flokkunin byggir á alvarleika sjúkdómanna. Eftirliti með sjúkdómunum má skipta í tvær gerðir. Annars vegar er um að ræða vakandi augu dýraeigenda, dýralækna og annarra sem umgangast dýr. Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993 ber hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lögin ná yfir, eða áður óþekktan sjúkdóm, að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Þessi gerð vöktunar byggir á því að sjúkdómseinkenni komi fram, sem er ekki alltaf raunin og þá reynir á hina gerð vöktunar, sem eru sýnatök. Matvælastofnun skimar fyrir þeim sjúkdómum sem ástæða þykir til að vakta með sýnatökum. Við ákvörðun um hvaða sjúkdóma þarf að vakta með þessum hætti er m.a. tekið mið af reglum Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar, kröfum viðskiptalanda, mögulegum smitleiðum og sjúkdómastöðu í nágrannalöndum og viðskiptalöndum. Í *Töflu IV.3.1* má sjá fjölda skimunarsýna og niðurstöður rannsókna á þeim á árinu 2013. Yfirlit yfir sýnatök og niðurstöður rannsókna undanfarinna ára er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar undir yfirskriftinni *Eftirlitsniðurstöður*.

Tafla IV.3.1: Yfirlit yfir skimun vegna smitsjúkdóma í búfé 2013

Dýrategund	Sjúkdómur	Gerð sýna	Fjöldi sýna			
			í heild	neikvæð	jákvæð	
Nautgripir	Smitandi hvítblæði (EBL)	Mjólk	70 bú	70	0	
	Smitandi barkabólga/ smitandi fósturlát (IBR/IPV)	Blóð	36 (7 bú)	36	0	
	Salmonella Dublin	Mjólk	70 bú	70	0	
	Q-hitasótt	Mjólk	70 bú	70	0	
	Smitandi fósturlát (Bovine Brucellosis)	Blóð	36 (7 bú)	36	0	
	Kúariða (BSE)	Heili	77 (38 bú)	77	0	
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Blóð	117 (2 bú)	104	1 bú ¹	
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Garnir	69 (1 bú)	69	0	
	Sauðfé	Riða (Scrapie)	Heili	3.664 (155 bú)	3.662	2 Nor98
Svín	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Blóð	509 (5 bú)	491	1 bú	
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Garnir	95 (15 bú)	83	1 bú	
	PRRS-veiki	Blóð	226 (4 bú)	226	0	
	Smitandi maga- og garnabólga (TGE)	Blóð	226 (4 bú)	226	0	
Hross	Svínainflúensa H3N2	Blóð	226 (4 bú)	226	0	
	Svínainflúensa H1N1	Blóð	226 (4 bú)	224	2 ²	
	Smitandi blóðleysi (EIA)	Blóð	50 (50 staðir)	50	0	
	Hestainflúensa (EI)	Blóð	50 (50 staðir)	50	0	
	Smitandi háls og lungnakvef /fósturlát (EHV-1)	Blóð	49 (49 staðir)	48	1	
	Smitandi slagæðabólga (EAV)	Blóð	48 (48 staðir)	48	0	
	Alifuglar	Newcastle veiki (ND)	Blóð	90 (3 bú)	90	0
	Smitandi kverka- og barkabólga	Blóð	20 (1 bú)	20	0	
	Fuglakregða (Mycoplasma gallisepticum)	Blóð	100 (1 bú)	100	0	
Loðdýr	Fuglaflensa (AI)	Blóð	90 (3 bú)	90	0	
	Plasmacytósa	Blóð	4.486 (27 bú)	4.486	0	
	Fiskar	Veirublæði (VHS)	Líffæri	362 (10 stöðvar)	362	0
	Iðradrep (IHN)	Líffæri	362 (10 stöðvar)	362	0	
	Brisdrep (IPN)	Líffæri	694 (10 stöðvar)	694	0	
	Blóðporri (ISA)	Líffæri	10.777 (2 stöðvar)	10.777	118 ³	
	Brisveiki (PD)	Líffæri	8.506 (2 stöðvar)	8.506	0	
	Hjartarof (CMS/PMCV)	Líffæri	902 (3 stöðvar)	902	0	
	Nýrnaveiki (BKD)	Líffæri	1.316 (10 stöðvar)	1.316	0	
Villtur lax	Nýrnaveiki (BKD)	Líffæri	664 (29 ár)	641	23	

¹ 13 jákvæðir gripir voru neikvæðir við gamasýnarannsókn, sjá kafla IV.12.

² Jákvæð mótefnasvörun. Engin klínísk einkenni.

³ Stofn ISA veirunnar með litla/enga meinvirkni (HPR0)

Í flokki A eru þeir sjúkdómar sem hafa alvarlegar afleiðingar fyrir dýrin sem sýkjast, eigendur þeirra og í sumum tilvikum fyrir þjóðfélagið allt. Þegar A- sjúkdómar koma upp er oftast reynt að útrýma þeim með niðurskurði á öllum sýktum dýrum og jafnvel heilbrigðum móttækilegum dýrum í nágrenni sýktra dýra, til að stöðva dreifingu smitefnisins. Eini landlægi A-sjúkdómurinn hér á landi er riðuveiki en hún greindist síðast í sýnum sem tekin voru haustið 2011. Á árinu 2013 greindist óhefðbundin riðuveiki (NOR98) í tveimur kindum. Það afbrigði er ekki talið smitandi og viðbrögð við því eru því önnur en við hefðbundinni riðuveiki. Margir af sjúkdómum í flokki B gætu haft alvarlegar afleiðingar í för með sér kæmu þeir upp hér á landi, þar sem dýrin hafa ekki komist í kynni við þá áður og hafa því ekki myndað mótstöðu gegn þeim. Flestir sjúkdómar í þessum flokki hafa aldrei greinst hér en nokkrir sjást af og til og örfáir eru landlægir, s.s. garnaveiki og veiruskita. Flestir af sjúkdómunum í flokki C eru landlægir en tíðni þeirra er þó mismikil. Þeim má flestum halda í skefjum með smitvörnum, góðum aðbúnaði og í sumum tilvikum bólusetningum. *Tafla IV.3.2* sýnir hvaða sjúkdómar greindust eða sterkur grunur var um árið 2013, eftir umdæmum.

Tafla IV.3.2: Greining eða sterkur grunur um tilkynningar- og skráningarskylda sjúkdóma 2013

Flokkur	Sjúkdómur	SV	V	NV	NA	A	S
A	NOR98 riðuveiki			x		x	
B	Garnaveiki (Mycobacterium avium paratuberculosis)	x			x	x	
	Veiruskita		x	x	x	x	x
	Fótakláði (Chorioptes ovis)			x			
	Hvanneyrarveiki (Listeria monocytogenes)		x	x	x	x	x
C	Smitandi munnangur (Poxviridae)		x	x	x	x	
	Lungnapest (Pasteurella multocida/ P. haemolytica)		x	x		x	x
	Tannlos (Broken mouth)				x	x	
	Hníslasótt (Eimeria spp/Isopora spp)		x	x	x	x	x
	Clostridiumskýking		x	x		x	x
	Eyrnamaur (Otodectes cynotis)	x	x			x	
	Húðsveppur (Trichophyton equinum/ T. mentagrophytes)			x			

3.3 Viðbrögð

Matvælastofnun vinnur eftir sérstakri viðbragðsáætlun þegar alvarlegir smitsjúkdómar koma upp. Í áætluninni er að finna skilgreiningu á boðleiðum, gátlista fyrir þá sem stjórna aðgerðum, ýmis eyðublöð, leiðbeiningar, upplýsingar um nokkra sjúkdóma, almennt yfirlit yfir viðbrögðin o.fl. Hluta viðbragðsáætlunarinnar er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar. Áætlunin er í stöðugri endurskoðun og vinnslu.

4. Dýravelferð

4.1. Ný lög og nýjar reglugerðir, og framkvæmd þeirra

Á sviði dýravelferðar var árið viðburðaríkt. Strax um áramót færðist málaflokkurinn dýravelferð frá Umhverfisstofnun til Matvælastofnunar. Á vordögum voru svo samþykkt ný lög um dýravelferð, ásamt nýjum lögum um búfjárhald. Þar sem eftirlit með lögunum hefur verið flutt frá Umhverfisstofnun og sveitarfélögum til Matvælastofnunar er nú eftirlit með dýravelferð komið á hendur einnar stofnunar, sem gerir málsmeðferð einfaldari og skilvirkari. Í kjölfar nýrra laga hefur mikil vinna og tími starfsmanna á árinu 2013 farið í að endurskoða aðbúnaðarreglugerðir sem eru átta talsins auk annarra reglugerða er varða dýravelferð svo sem reglugerð fyrir flutninga á búfé. Vinnuhópar hvernar dýrategundar voru skipaðir fulltrúum hagsmunaaðila en formenn hópanna voru sérgreinadýralæknar Matvælastofnunar. Nær allir hóparnir skiluðu tillögu að reglugerð um velferð hvernar dýrategundar til ráðuneytisins á árinu.

Með auknum áherslum á velferð dýra hefur slátrunarferlið einnig verið í mikilli endurskoðun í Evrópu. Í janúar 2013 var innleidd reglugerð hér á landi sem fjallar um „vernd dýra við aflifun“ og hefur Matvælastofnun eftirlit með að henni sé framfylgt. Á árinu efndi Matvælastofnun til sérstakar kynningar á reglugerðinni meðal sláturleyfishafa. Reglugerðin fjallar ekki aðeins um aflifun dýra á breiðum grundvelli heldur ekki síður um helstu áherslur á meðferð dýra við slátrun í sláturhúsum. Reglugerðin gerir auknar kröfur til sláturleyfishafa frá því sem verið hefur. Mun meiri kröfur eru t.d. gerðar til innra eftirlits og skráninga. Sláturleyfishöfum ber einnig að útnefna sérstakan dýravelferðarfulltrúa meðal eigin starfsmanna, sem ber sérstaka ábyrgð á öllu er gæti varðað velferð dýra í sláturferlinu. Reglugerðin gerir að auki kröfur um hæfnámskeið fyrir lykilmenn í sláturferlinu. Matvælastofnun ber ábyrgð á að slík námskeið um meðferð dýra og aflifun séu haldin, og gefur út hæfisskírteini þeim til handa sem standast próf. Hæfisskírteina er einnig krafist fyrir þá sem aflífa minka á minkabúum.

4.2. Skipulag eftirlits með dýravelferð

Með flutningi málaflokksins frá Umhverfisstofnun til Matvælastofnunar í upphafi ársins var ráðinn sérgreinadýralæknir gæludýra og dýravelferðar, sem hóf störf í ágúst 2013. Þessi starfsmaður fer með yfirumsjón mála er varða dýravelferð auk þess sem hann verður starfsmaður fagráðs um velferð dýra sem fjallar m.a. um allar umsóknir um dýratilraunir.

Á árinu var unnið að ráðningu 6 nýrra starfsmanna sem munu starfa við dýraeftirlit, einn í hvert umdæmi. Dýraeftirlitsmenn munu ásamt eftirlits- og héraðsdýralæknum annast eftirlit með dýravelferð og frumframleiðslu. Auk þess var unnið að ráðningu lögfræðings í hlutastarf.

Á árinu hófst einnig undirbúningur fyrir áhættuflokkun eftirlits með frumframleiðslu en stór þáttur í því eftirliti varðar velferð dýra. Miðað er við að dýraeftirlit í framtíðinni byggist að mestu á áhættuflokkun þannig að megin þyngd eftirlits beinist þangað sem þörfin er mest.

4.3. Tilkynningar um illa meðferð á dýrum

Ný dýravelferðarlög fela í sér að þeim sem verða varir við að dýr sé sjúkt, sært, bjargarlaust eða að aðbúnaður sé ekki fullnægjandi ber að tilkynna slíkt til umráðamanna eða lögreglu. Á vefsíðu Matvælastofnunar www.mast.is hefur verið settur upp sérstakur ábendingahnappur, þar getur almenningur sent inn ábendingar undir nafni eða nafnlaust. Öllum ábendingum er fylgt eftir og kannað hvort ábending um illa meðferð eigi við rök að styðjast. Mikil aukning var á ábendingum sem bárust Matvælastofnun á árinu, þeim fjölgaði úr 49 ábendingum árið 2012 í 376 ábendingar á árinu. Eflaust má skýra þessa miklu aukningu til bættar skráningar ábendinga og að almenningi hafi verið gert auðveldara fyrir að tilkynna um þegar grunur leikur á illri meðferð á dýrum. Skiptingu ábendinga eftir dýrategundum má sjá í [Töflu IV.4.1](#).

4.4. Hvalreki

Lög um dýravelferð nr. 55/2013 tóku gildi 1. janúar 2014. Í þeim felast ákveðnar breytingar á aðkomu og verklagi opinberra aðila og almennings við hvalreka, þ.e. þegar lifandi hvali (eða önnur villt sjávarspendýr) koma á land og teljast í neyð. Í 7. grein laganna er skýrt tekið fram hverjir beri kostnað af aðgerðum til björgunar eða aflifunar og að sveitarfélögum sé skylt að sjá til þess að gripið sé til aðgerða. Það er þó á ábyrgð Matvælastofnunar að úrskurða hvað eigi að gera, hvernig og að hafa eftirlit með því að björgunar- eða aflifunaraðgerðir séu viðunandi út frá velferð dýrsins.

Árið 2013 var nokkuð sérstakt á Íslandi í þessu tilliti því tvö atvik komu upp um vorið og haustið þar sem lifandi hvali bar að landi. Annars vegar háhyrningafjölskylda á Langanesi í Norðausturumdæmi og hins vegar grindhvalavaða á Rifi á Snæfellsnesi í Vesturumdæmi.

Í september sótti fulltrúi Matvælastofnunar fund á vegum Alþjóða hvalveiðiráðsins (IWC) hjá London Zoological Society þar sem umræðuefnið var aðferðir og ákvarðanatöku við neyðaraflifun á strönduðum hvólum. Á fundinn mættu hvalasérfræðingar frá öllum heiminum - Japan, Noregi, Ástralíu, Nýja Sjálandi, Suður Afríku, Brasilíu, Argentínu, Bandaríkjunum, Bretlandi, Írlandi, Þýskalandi og víðar. Farið var yfir reynslu fundarmanna af neyðaraflifun og björgun hvala. Japanir, Norðmenn og Íslendingar voru einu hvalveiðipjóðirnar með fulltrúa og þónokkur reynsla komin af notkun skotvopna og sprengiefnis (sprengiskutlar) í neyðaraflifun meðal þeirra, á meðan Bandaríkjamenn og Suður Ameríkumenn hafa meiri reynslu af notkun lyfja. Mátti greina andstöðu meðal nokkurra fulltrúa við að nota veiðiaðferðir til neyðaraflifunar, en mikilvægast er þó að taka tillit til velferðar hvalsins og umhverfisáhrifa. Flutt var stutt erindi um nýliðin atvik á Íslandi og sagt frá aðferðum sem voru notaðar í hvoru tilviki fyrir sig, en sem dæmi voru viðbrögð almennings með ólíkum hætti og dýravelferðinni misvel sinnt. Drög að skýrslu eftir fundinn eru komin til umsagnar fundarfulltrúa, þar sem rannsóknaniðurstöðum og reynslusögum er safnað saman í nokkurs konar leiðbeiningar um hvernig beri að taka ákvarðanir um björgun eða aflifun. Skýrslan verður svo notuð í vinnu sem hefst á árinu 2014 við breytingar á viðbragðsáætlun við hvalreka.

Matvælastofnun hvetur dýravini til að tilkynna stofnuninni um illa meðferð á dýrum með því að smella á nýjan takka á vef stofnunarinnar www.mast.is



Tafla IV.4.1: Fjöldi ábendinga um illa meðferð á dýrum árið 2013

Dýr	Dýrategund	Fjöldi
Búfé		
	Nautgripir	17
	Sauðfé	40
	Hross	122
	Svín	2
	Loðdýr	2
	Alifuglar	11
	Búfé almennt	22
	Búfé samtals:	216
Gæludýr		
	Hundar	118
	Kettir	21
	Önnur gæludýr	21
	Gæludýr samtals:	160
	Ábendingar alls:	376

5. Lyfjamál

Vegna mannbreytinga var lítil starfssemi við málaflokkinn fyrri hluta ársins en í júní hóf nýr starfsmaður störf og er það í fyrsta sinn sem lyfjafræðingur sinnir lyfjamálum hjá stofnuninni.

5.1. Gagnagrunnar

Þróunarvinnu við gagnagrunninn Heilsu, sem heldur utan um sjúkdóma- og lyfjaskráningar og bólusetningar búfjár, var haldið áfram á árinu. Haldnir voru fundir með Tölvudeild Bændasamtaka Íslands, sem sjá um forritun á kerfinu, þar sem útfærðir voru nýir eiginleikar kerfisins ásamt því að bæta úr göllum sem hafa fundist. Á vormánuðum 2013 var komið á tengingu milli gagnagrunnanna Heilsu og „LAMB“, sem er skýrsluhaldskerfi sauðfjárræktar.

Samhliða þessari tengingu geta dýralæknar nú skráð sjúkdóma og lyfjagjafir sauðfjár í Heilsu. Síðla árs var opnað fyrir sauðfjorbændur þannig að nú geta þeir skráð í LAMB þær lyfjameðhöndlunir sem þeir framkvæma sjálfir og birtast þær skráningar í Heilsu ásamt skráningum dýralækna. Önnur verkefni í þróun Heilsu eru úrbætur á vefþjónustu Heilsu í samvinnu við umsjónarmann tölvukerfisins Dagfinns, upplýsingar um lyf á lyfjalista í Heilsu voru samræmdar við upplýsingar frá Lyfjagreiðslunefnd. Auk þess var opnað fyrir dýralækna þannig að nú geta þeir skráð vitjun beint á auðkenni hrossa.

5.2. Lyfjaleifar í búfjárafurðum

Lyfjaleifar voru mældar í búfé og búfjárafurðum skv. aðskotaefnaáætlun 2013. Skimað var fyrir ólöglegum lyfjum, vaxtarhvetjandi og klóramfenikól, minnst 30 sýklalyfjum, hnísla- og sníklalyfjum og öðrum lyfjum í sauðfé, nautgripum, hrossum, svínum, kjúklingi, hreindýrum, eldisfiski, mjólk og eggjum. Alls voru lyfjaleifar mældar í 1067 sýnum á viðurkenndum rannsóknastofum hérlendis og erlendis og voru þau öll undir viðmiðunarmörkum. Nánari upplýsingar er að finna í Viðauka 3 (kafla VII.3).

5.3. Samstarf við Lyfjastofnun

Á árinu veitti Matvælastofnun umsógn til Lyfjastofnunar vegna þriggja markaðsleyfa fyrir dýralyf og vegna 17 undanþágubeiðna dýralækna fyrir óskráðum dýralyfjum. Við gerð sýnatökuáætlunar fyrir lyfjaleifar á árinu 2013 var leitað álits Lyfjastofnunar, en þetta samstarf komst á í kjölfar úttektar ESA í desember 2011 vegna aðskotaefna og dýralyfja og hefur reynst vel.

5.4. Eftirlitsheimsóknir eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)

Undir lok ársins kom ESA í heimsókn í tengslum við gerð landsskýrslu fyrir Ísland. Þar var meðal annars farið yfir stöðu á úrbótaáætlun sem hafði verið gerð í kjölfar eftirlits ESA vegna aðskotaefna og dýralyfja í desember 2011. Niðurstaða heimsóknarinnar var að af þeim 14 athugasemdum sem upphaflega voru gerðar við úttektina 2011 var ein athugasemd sem ekki hafði verið brugðist við og varðaði sú athugasemd útnefningu landsbundinnar tilvísunarrannsóknastofu. Þrjár athugasemdir voru í vinnslu og 10 athugasemdir var lokið.


6. Aukaafurðir dýra

Um mitt árið hóf starfsmaður í hlutastarfi störf við stofnunina sem ætlað er yfirumsjón með málaflokknum „aukaafurða dýra“ (ABP = Animal By-Products). Aukaafurðir dýra koma inn á starfssvið margra annarra starfsmanna stofnunarinnar, s.s. fódureftirlits, dýralæknis heilbrigðiseftirlits, sóttvarnadýralæknis, héraðs- og eftirlitsdýralækna auk yfirdýralæknis, en einn starfsmaður hefur núna heildaryfirsýn yfir málaflokkinn.

Aukaafurðir dýra eru hlutar dýra eða afurðir úr dýraríkinu sem ekki eru ætlaðar til manneldis, hvort heldur vegna eðlis þeirra eða vegna ákvörðunar þess rekstraraðila sem framleiðir aukaafurðirnar. Meðferð aukaafurða dýra skal vera eftir settum reglum á öllum stigum meðhöndlunar, vinnslu og förgunar til að koma í veg fyrir dreifingu hugsanlegra smitefna, í þeim tilgangi að tryggja lýðheilsu og heilbrigði dýra. Matvælastofnun hefur eftirlit með rekstraraðilum þar sem aukaafurðir dýra verða til, t.d. í sláturhúsum, kjötvinnslum og fiskvinnslum, og hefur eftirlit með rekstraraðilum þar sem vinnsla á aukaafurðum dýra fer fram, t.d. moltugerð, gerð gæludýrafóðurs og í kjötmjölsvinnslum. Um eftirlit með förgun aukaafurða dýra fer samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og annast Umhverfisstofnun eftirlit samkvæmt þeim lögum.

6.1. Eftirlitsheimsókn eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)

Í september kom eftirlitsstofnun EFTA (ESA) í úttekt til að kanna opinbert eftirlit með aukaafurðum dýra. Niðurstöður úttektarinnar leiddu í ljós að við innleiðingu Evrópureglugerðar nr. 1774/2002 í íslenska löggjöf með reglugerð nr. 108/2010 er ákvæði um að aukaafurðir dýra sem teljast úrgangur falla utan gildissviðs löggjafar um aukaafurðir dýra. Flestar athugasemdir sem ESA gerði í kjölfar úttektarinnar tengdust þessu ákvæði í innleiðingunni þar sem settum reglum um aukaafurðir dýra er ekki fylgt við förgun þeirra. Framundan er mikil vinna varðandi málaflokkinn, s.s. við gerð gæðaskjala, samræmingu leyfisveitinga og eftirlits. Ný reglugerð ESB um aukaafurðir dýra, sem hefur verið í gildi í Evrópu síðan 2011, mun væntanlega verða innleidd hér á landi innan skamms, vinna við undirbúning innleiðingar hennar er hafin samhliða vinnu við úrbætur í kjölfar úttektar ESA.



7. Alifuglar

Tafla IV.7.1: Yfirlit yfir fjölda fuglastæða á alifuglabúum 2013

Umdæmi	Varphænsn		Holdahænsn		Kalkúnar	
	Stofnfugl*	Varphænur	Stofnfugl*	Kjúklingar	Stofnfugl*	Kalkúnar
Suðvesturumdæmi	9.200	162.100	8.700	184.000	800	1.200
Vesturumdæmi	0	1.000	0	172.500	0	0
Norðvesturumdæmi	0	3.000	0	29.200	0	0
Norðausturumdæmi	0	10.200	7.900	59.800	0	0
Austurumdæmi	0	4.200	0	0	0	0
Suðurumdæmi	0	18.000	45.200	286.000	0	10.800
Samtals á landinu	9.200	198.500	61.800	731.500	800	12.000

*fullorðinn stofnfugl

7.1. Heilbrigði

7.1.1. Sjúkdómavarnir

Á árinu var leitað mótefna gegn fuglaflensu, Newcastle-veiki í alifuglum sem haldnir eru í atvinnuskyni, og mótefna gegn smitandi kverka- og barkabólgu (ILT) í frístundavarpshænsnahópum. Engin mótefni fundust.

Stofnfuglar hænsnfugla er einungis bólusettir gegn hænsnalömun, blávængjaveiki og hníslasótt. Dagsgamlar varphænur er bólusettar gegn hænsnalömun. Kalkúnaforeldrar og aðrir alifuglahópar eru ekki bólusettir.

Árið 2013 voru sjö sinnum flutt inn frjóegg til endurnýjunar á holdahænsnastofninum (Aviagen Ross 308 stofn) og tvisvar sinnum til endurnýjunar á kalkúnastofninum (British United Turkeys stofn). Þrisvar sinnum voru varphænsnastofnhópar fluttir til landsins, tveir Lohman LSL stofnhópar (hvítar varphænur) og einn Lohman LB stofnhópur (brúna varphænur). Allur innflutningur gekk mjög vel og lítið var um vanhöld meðan á sóttkví stóð. Engar grunsemdir vöknudu um smitsjúkdóm í hópnum í sóttkví.

7.1.2. Sjúkdómar

Ein tilkynning barst um að hænsnalömun (Marek's veiki) hafi greinst í hænsnaungum, en þeir voru úr hænsnahópi sem er haldinn í frístundaskyni.

Salmonella og kampýlóbakter eru algengustu sýklar í alifuglum sem valda iðrasýkingum í fólki. Sýklarnir hafa ekki teljandi áhrif á heilbrigði fuglana en geta valdið fólki miklum óþægindum og heilsutjóni. Nánar er fjallað um salmonellu og kampýlóbakter í kafla VI um *Súnur* en súnur eru sjúkdómar eða sýkingar sem geta smitast milli dýra og manna.

7.2. Velferð

7.2.1. Fyrirbyggjandi aðgerðir

Undanfarin ár hafa eftirlitsdýralæknar í alifuglasláturhúsum reglulega fylgst með dritbruna í kjúklingahópum, en dritbruni er sár sem myndast á gangþófum fuglanna vegna ófullnægjandi gæða undirburðar. Blautur, klistraður eða þjappaður undirburður eykur hættu á dritbruna. Líkt og erlendis þá hafa eftirlitsdýralæknar skráð tíðni á vægum og djúpum dritbruna með því að skoða 100 fætur úr hverjum kjúklingahópi. Mat á dritbruna krefst þjálfunar og samhæfingar, sem eftirlitsdýralæknar hafa ekki fengið enná og eru eftirlitsniðurstöður því ekki birtar og þær ekki samanburðarhæfar að sinni. Á seinna árshelmingi lækkaði þó tíðni á alvarlegum dritbruna í kjölfar þess að um sumarið sendi Matvælastofnun kjúklingaframleiðendum tilkynningu um að alvarlegur dritbruni væri of algengur og krafðist úrbóta.

Á miðju ári setti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið á laggirnar starfshóp til að endurskoða reglugerð um velferð alifugla til samræmis við ný lög um velferð dýra. Dýralæknir alifuglasjúkdóma fór með formennsku í starfshópnum en auk hans voru í hópnum fulltrúi frá Dýraverndarsambandi Íslands og einn frá Félagi eggja- og kjúklingabænda, síðar bættist við fulltrúi Félags eggjaframleiðenda sem starfaði með hópnum.

8. Fiskar

Árið 2013 reyndist fiskeldisgreinin að flestu leyti hagfellt og án nokkurra óvæntra áfalla. Flest áform um nýliðun og aukin umsvif reyndust raunsæ en hafa þó ekki öll gengið eftir sökum hnökra sem átt hafa sér stað við ferli nýrra umsókna um rekstrarleyfi. Þó gekk eftir fyrirhuguð innkoma tveggja nýrra fyrirtækja sem hófu eldi á liðnu ári, annað í eldi flúru á Reykjanesi og hitt í laxeldi á sunnanverðum Vestfjörðum. Ákveðin átök á þeim svæðum sem einna helst eru vænleg til aukningar í umfangi fiskeldis settu mark sitt á árið og má segja að flest skref séu kærð og tafir af hendi einstaklinga og félagasamtaka sem ekki hugnast uppbygging fiskeldis í sjó. Þessi glíma hefur verið óvægin að hluta og í raun óvænt því með stjórnvaldsaðgerðum árið 2004 var fiskeldi framtíðarinnar beint inn á ákveðin strandsvæði þar sem það fengi að dafna í friði í takt við leikreglur og án þess að hafa óafturkræf áhrif á viðgang og vöxt villtra laxfiska.

Á liðnu hausti skipaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra starfshóp til að taka fyrir og endurskipuleggja leyfisveitingar og eftirlit í fiskeldi. Eitt af megin hlutverkum hópsins er að leggja mat á hvornig hægt er að einfalda og hraða veitingu starfs- og rekstrarleyfa með það að markmiði að gera kerfið skilvirkt. Í drögum að frumvarpi leggur nefndin til að Matvælastofnun taki yfir hlutverk Fiskistofu á þessu sviði og fari með framkvæmd stjórnslu skv. lögnum og hafi eftirlit með því að ákvæðum þeirra sé framfylgt.

Í heildina var 51 eldisstöð í fullum rekstri árið 2013 og fóru dýralæknar fisksjúkdóma í alls 169 eftirlitsheimsóknir í þessi fyrirtæki á árinu.

Framleiðsla til slátrunar stóð nánast í stað á milli ára. Lax- og bleikjueldi jukust örflítið en samdráttur varð töluverður í eldi bæði þorsks og regnbogasilungs. Þess ber þó að geta að regnbogaeldið á töluvert inni því stærsti framleiðandinn ákvað að fresta haustslátrun fram á vor og gæti þar munað um 400 tonnum. Eldi lúðu lauk formlega á árinu og þótt slátrun sandhverfu hafi aukist um 100% á milli ára þá heyrir eldi þeirrar tegundar brátt sögunni til. Markaðsmál voru greininu afar jákvæð, ekki síst m.t.t. afurða laxa og helst afurðaverð stöðugt og hátt nánast allt árið. Alls var slátrað 6.887 tonnum af eldisfiski árið 2013 og uppskera kræklinga var um 166 tonn (þar af um 49 tonn úr hreinni ræktun).

Tafla IV.8.1: Heildarframleiðsla í eldi lagardýra, árin 2002-2013 (tonn af óslægðum fiski)

Tegund	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Lax	1.471	3.710	6.020	6.094	6.894	1.158	292	714	1.068	1.083	2.923	3.018
Bleikja	1.540	1.670	1.336	977	1.426	2.851	3.124	2.405	2.427	3.021	3.089	3.215
Regnbogi	248	180	142	50	10	11	6	75	88	226	422	113
Hekluborri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2,5	0,3	0,8
Þorskur	205	393	595	1.050	1.412	1.467	1.502	1.805	1.317	877	893	482
Lúða	120	95	123	129	141	31	39	49	72	33	13	0,2
Sandhverfa	9	32	62	115	47	70	51	68	46	20	28	58
Barri	40	76	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Ýsa	0	65	0	0	23	23	4,5	0	0	0	0	0
Sæeyra	23,6	6,5	1,5	4	0,4	0,5	0	0	0	0	0	0
Risarækja	0	0	0	0,1	0,2	0,3	0,3	0	0	0	0	0
Kræklingur	0,5	4	5	5	7	10	10	49	32	46	63	166
Samtals:	3.657	6.232	8.285	8.424	9.961	5.622	5.029	5.165	5.050	5.309	7.431	7.053

Árið 2013 var fjórum fyrirtækjum veitt heimild til innflutnings á alls 245 lítrum af regnbogasilungshrognum frá Danmörku til klaks og áframeldis. Einnig voru flutt inn 1.700 tilapiaseiði (Hekluborri) frá Kanada og 470 dýr tveggja tegunda sæeyrna frá Japan til kynbóta og áframeldis. Þá var í fyrsta sinn veitt heimild til innflutnings á ostrum til áframræktunar og komu alls 200.000 ungvíði frá Spáni sem sett voru í lokaðar grindur í Skjálfaflóa. Tilraunainnflutningi á Senegalfúruseiðum frá Spáni lauk í febrúar 2013 með innflutningi á 60.000 seiðum sem síðan var fargað og eytt eftir 14 daga sóttkví þegar sannreynt var að flutningur hefði gengið vel. Í ágúst hófst svo reglubundinn innflutningur á flúruseiðum til áframeldis til slátrunar hjá sama fyrirtæki og komu alls 877.000 seiði (0,3 gr.) í 5 sendingum það sem eftir lifði árs.

Góð heilbrigðisstaða með klakstofn án veirusýkinga tryggir innlendri kynbótastarfsemi sterka stöðu og er erfðaefni eftirsótt víða erlendis til áframeldis. Árið 2013 voru fluttir út 9.755 lítrar af laxahrognum til Chíle, Noregs, Færeyja,

Skotlands, Bandaríkjana, Danmörku og Kanada og 109 lítrar af bleikjuhognum til Austurríkis, Írlands, Kanada, Danmörku og Skotlands. Alls voru flutt út 578.200 laxaseiði (70 gr.) til Færeyja til áframeldis og auk þess 8.400 laxaseiði til Noregs í sérstaka veirurannsókn (brisdrep) í tengslum við kynbætur á sviði sjúkdómapöls. Loks voru fluttir út 70 lifandi þorskar (0,6-1,6 kg) í sædýrasafn í Portúgal.

8.1. Heilbrigði

8.1.1. Sjúkdómavarnir

Í sjúkdómaskimun ársins 2013 greindust engar sjúkdómsvaldandi veirur í þeim 11.111 fiskasýnum sem tekin voru til rannsókna í 10 eldisstöðvum. Veirugreining sýna fór nokkuð jöfnum höndum fram bæði á Keldum og í Færeyjum, en einnig í Noregi.

Áhersla er lögð á að lágmarka notkun sýklalyfja í fiskeldi og hefur vel tekist til. Engin sýklalyf voru notuð í eldi lax, silungs eða flatfiska árið 2013. Það sáralitla af sýklalyfi sem reyndist nauðsynlegt að nota fór allt í eldi þorsks. Árið 1999 hófst skipulagt og árlegt eftirlit með leifum sýklalyfja í eldisfiski og hafa öll sýni reynst hrein frá þeim tíma.

8.1.2. Sjúkdómar

Sjúkdómastaða landsins hefur ekkert breyst á milli ára og er áfram afar góð, ekki síst er varðar viðsjárverða veirusjúkdóma. Engir alvarlegir smitsjúkdómar litu dagsins ljós árið 2013 og engar umhverfisógnir á borð við þörungablóma settu strík í eldisreikninginn. Þeir smitsjúkdómar sem íslenskar fiskeldisstöðvar þurfa fyrst og fremst að kljást við eru af völdum baktería, en sníkjudýr koma þó alltaf við sögu við og við.

Tafla IV.8.2: Smitsjúkdómar af völdum baktería í íslenskum fiskeldisstöðvum árin 2002-2013

Sjúkdómur	Ný sjúkdómatilfelli pr. ár / fjöldi fiskeldisstöðva											
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Hitraveiki	0	0	0	0	0	0	0	0	1*	0	0	0
Kýlaveikibróðir	2 ^o	4 ^{o#}	6 ^{o#}	3 [#]	8 [#]	9 [#]	7 [#]	7 ^{#o}	7 [#]	6 [#]	6 [#]	7 [#]
Nýrnaveiki	1 ^o	1 ^o	3 ^{o*}	3 ^{o*}	4 ^{o*}	1 ^o	0	0	1 ^o	2 [*]	0	0
Rauðmunnaveiki	0	4 ^{o*}	0	3 ^{o#}	2 ^{o#}	1 [*]	2 [*]	1 [*]	3 ^{o*}	1 [*]	1 [*]	1 [*]
Söðulsár/sporðáta	2 ^o	1 [#]	0	0	1 [#]	1 [#]	1 [#]	1 ^o	1 ^o	2 [#]	5 ^o	9 ^o
Vetrarsár	1 [*]	2 [*]	1 [*]	1 [*]	1 [*]	0	0	0	1 [*]	1 [*]	3 [*]	2 [*]
Vibrúveiki	0	2 [#]	3 [#]	4 [#]	3 [#]	2 [#]	4 [#]	3 [#]	2 [#]	1 [#]	2 [#]	1 [#]
Þekjublaðra	0	0	1 [#]	1 [#]	1 [#]	0	0	0	0	1 [#]	0	0

* Strandeldisstöð (selta: 10 - 25%) · Sjókvíaeli (full selta) ° Klak- og seiðaeldistöð (ferskvatn) # Eldi sjávarfiska (full selta)

8.2. Lyfjaleifar

Lyfjaleifar voru mældar í fiskeldi skv. aðskotaefnaáætlun 2013. Skimað var fyrir ólöglegum lyfjum, vaxtarhvetjandi og klóramfenikól, minnst 30 sýklalyfjum, hníslalyfjum og aðskotaefnum í eldisfiski um allt land. Alls voru 83 sýni tekin og voru þau öll undir viðmiðunarmörkum.

9. Gæludýr

Á miðju ári kom í fyrsta sinn til starfa sérgreinadýralæknir gæludýra til Matvælastofnunar í tengslum við flutning dýravelferðarmála frá Umhverfisstofnun. Gæludýr er málaflokkur með mikinn fjölda dýrategunda, s.s. skrautfiska, búrfugla, nagdýr, kanínur, ketti og hunda. Gæludýrahald er algengast til afþreyingar og félagsskapar en ekki er óalgengt að gæludýr séu einnig haldin til gagns. Ýmis starfsemi sem tengist gæludýrahaldi er oft á tíðum mjög umfangsmikil og fjölbreytileg. Þjónustustarfsemi við gæludýr og eigendur þeirra svo sem gæludýrabúðir, hundaskólar, snyrtistofur, dýralæknarþjónusta ofl. hefur aukist en einnig hefur notkun og þátttaka gæludýra innan skemmtanatengdrar starfsemi svo sem við auglýsingagerð, kvikmyndir og sýningar aukist mikið undanfarin ár.

9.1. Heilbrigði

9.1.1. Sjúkdómavarnir

Bóluefni sem er í boði fyrir hunda á Íslandi er blandað bóluefni gegn smitandi lifrabólgu (HCC), smitandi hósta (kennel cough), smáveirusótt (parvo) og hundafári (canine distemper vírus). Hunda sem flytja á úr landi er einnig hægt að fá bólusetta gegn hundaeði (rabies) og leptóspírum. Ketti er hægt að fá bólusetta gegn kattafári (feline panleukopeni vírus), öndunarfæravírussykingum (rhinotrakeitt vírus og calici vírus) og smitandi augnsýkingu (*Chlamydia psittaci*). Ketti sem flytja á úr landi er einnig hægt að fá bólusetta gegn hundaeði (rabies). Samkvæmt reglugerð um hollustuvernd ber einnig að meðhöndla árlega alla hunda gegn þráð- og bandormum og alla ketti gegn bandormum.

Forskimun var gerð á *Strongyloides stercoralis* með saursýni úr örfáum hundum sem hafa áður greinst með þráðorminn í einangrunarstöðvum. Engir þráðormar fundust í þessum hundum. Allir hundar sem greindust með þráðorminn og ekki voru í einangrunarstöð voru frá sama hundabúinu. Skimun var gerð á öllum hundum á því búi eftir meðhöndlun og sóthreinsun og fundust engin jákvæð sýni. Nýtt tilfelli kom þó upp í hundi frá búinu síðar sem lýsir vel hvað þessi þráðormasýking getur verið erfið viðfangs.

Á árinu birti íslenskur dýralæknanemi í Danmörku Elísabet Hrönn Fjóludóttir mastersverkefni sitt „The prevalence of intestinal helminths and protozoa in dogs in south west Iceland“ sem byggði á rannsóknum á saursýnum úr 199 hundum og 160 útfylltum spurningareyðublöðum frá hundaeigendum. Rannsóknin var gerð á vegum dýralæknaháskólans í Kaupmannahöfn í samvinnu við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum og starfandi gæludýralækna á suðvesturhorni landsins. Rannsóknin gaf til kynna að tíðni þráð- og bandormasýkinga í hundum á suðvesturhorni landsins er frekar lág eða undir 1 %. Einfrumungar komu hinsvegar mun oftast fyrir í saursýnum eða í rúmlega 11 % sýnanna. Þörf er á frekari skimunum á snýkjudyrum í gæludýrum í framtíðinni.

Innfluttir hundar og kettir eru haldnir í sértækum einangrunarstöðvum í 4 vikur þar sem tekin eru sýni til skimunar á snýkjudyrum bæði við komu og fyrir brottför. Önnur innflutt gæludýr eru haldin í heimasóttkví undir eftirliti. Á árinu voru fluttir inn 167 hundar og 36 kettir. Einnig voru fluttir inn 4 búrfuglar og 1 kanína. Á árinu var gefið út 41 leyfi fyrir innflutningi skrautfiska og annarra vatnadýra fyrir sjö gæludýraverslanir, eina snyrtistofu, eina rannsóknastofu með dýratilraunir og þrjá einstaklinga. Nánar er fjallað um innflutning dýra í kafla V.4.

9.1.2. Sjúkdómar

Engir alvarlegir smitsjúkdómar hafa komið upp hjá gæludýrum á árinu. Ný tilfelli af þráðorminum *Strongyloides stercoralis* greindust hinsvegar, bæði í innfluttum hundum á einangrunarstöðvum landsins en einnig í sama hundabúi og greinst hefur í áður. Enn standa vonir til að geta hindrað að þessi þráðormur verði landlægur hér á landi og hefur verið gripið til meðhöndlunar, eftirfylgni og forvarna hjá viðkomandi aðilum.

9.2. Velferð

9.2.1. Fyrirbyggjandi aðgerðir

Vinnuhópur með fulltrúum frá Hundarættarfélagi Íslands, Dýraverndunarsambandi Íslands, Dýrahjálpi og Kattavinafélaginu ásamt dýralækni gæludýra frá Matvælastofnun unnu á haustmánuðum að drögum um reglugerð um velferð gæludýra. Fundaði hópurinn vikulega frá byrjun september til lok nóvembers þegar drögnum var skilað til ráðuneytisins.

9.2.2. Ill meðferð

Reglubundið eftirlit hefur verið með gæludýraverslunum, hundabúum og þar sem sýningar gæludýra eru haldnar. Að öðru leyti byggðist eftirlit með velferð gæludýra að mestu á eftirliti með gæludýrahaldi þar sem borist hefur ábending um mögulega illa meðferð á dýrum. Á árinu komu inn 160 ábendingar er vörðuðu gæludýr, þar af 118 um hunda, 21 um ketti og 21 um önnur gæludýr. Oftast en ekki áttu ábendingarnar ekki við rök að styðjast.

10. Hross

Tafla IV.10.1: Yfirlit yfir fjölda hrossa og eftirlit 2013

Umdæmi	Fjöldi hrossa	Fædd 2013
Suðvesturumdæmi	8.978	303
Vesturumdæmi	10.902	831
Norðvesturumdæmi	18.497	1.491
Norðausturumdæmi	7.470	540
Austurumdæmi	3.240	154
Suðurumdæmi	28.330	2.921
Samtals á landinu	77.417	6.240

Alls voru flutt út 1.236 hross. Til Þýskalands fóru flest hross eða 552 en til Norðurlandanna voru flutt út alls 382 hross. Nánari upplýsingar um útflutning hrossa má nálgast í kafla V.6.1.

10.1. Heilbrigði

10.1.1. Sjúkdómavarnir

Tilgangur skimana er að afla reglubundið gagna sem eru lýsandi fyrir stöðu smitsjúkdóma í íslenska hrossastofninum. Sýnatökuáætlun var gerð vegna skimunar fyrir þremur smitsjúkdómum í hrossastofninum fyrir árið 2013: hestainflúensu (EI), herpes týpu 1 (EHV-1) og smitandi slagæðabólgu (EAV). Ekki hefur áður verið skimað fyrir síðastnefnda sjúkdómnum en hann getur verið mjög lúmskur og berist hann til landsins mun það hafa mikil áhrif á útflutning hrossa. Á móti kom að ekki var skimað fyrir smitandi blóðleysi á árinu. Skoðuð voru sýni úr 50 stóðhestum víðsvegar að af landinu, sem hver um sig hafði sannanlega haft nán samskipti við a.m.k. 100 hross mánuðina fyrir sýnatökuna. Sýnin voru valin úr lífsýnabanka íslenska hestsins. Öll sýnin reyndust neikvæð.

Upplýsingum um reglur um smitvarnir var haldið á lofti með rafrænum auglýsingum með hjálp félagasamtaka hestamennskunnar auk þess sem bæklingar hafa verið gefnir út fyrir ferðapjónustuaðila. Hestamenn sem ferðast milli landa geta nýtt sér hreinsunarþjónustu fyrir reiðfatnað á Keflavíkurlugvelli en þjónustan er þó mun minna nýtt en áætlað hafði verið. Því verður enn að líta svo á að tíðar ferðir atvinnumanna í hestamennsku milli landa feli í sér mesta hættu á að nýir smitsjúkdómar berist í hrossastofninn.


Eftirlit tollvarða með innflutningi á notuðum reiðtyggjum, óhreinum hestafatnaði og öðru sem getur borið með sér smit er stöðugt í gangi. Matvælastofnun kærir hvers kyns tilraunir til smygls á slíkum varningi til lögreglu. Ein ábending um smyglaðan búnað var rannsökuð á árinu en ekki kom til ákæru þar sem viðkomandi var af landi brott áður en rannsókn lauk.

Dýralæknir hrossasjúkdóma vinnur í samvinnu við Bændasamtök Íslands að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn spatti í íslenska hrossastofninum. Frá árinu 2005 hefur verið gerð sú krafa til allra stóðhesta sem koma til kynbótadóms 5 vetra og eldri að þeir hafi verið röntgenmyndaðir m.t.t. sjúkdómsins og niðurstaða þeirrar greiningar gerð opinber í gagnabankanum Veraldarfeng (WF). Dýralæknir hrossasjúkdóma sér um samræmdan aflestur röntgenmyndanna og skráningu niðurstaðna í WF og hefur auk þess yfirumsjón með aflestri og skráningu sjúkdómsins í öðrum aðildarlöndum FEIF. Árlega berast myndir af um 200 stóðhestum til aflestrar í þessum tilgangi.

Matvælastofnun, í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands, Dýralæknadeild Landbúnaðarháskóla Svíþjóðar og Dýralæknaskólann í Alfort í Frakklandi tók þátt í áframhaldandi rannsóknum á spatti sem hafa það að markmiði að auka skilning á orsökum sjúkdómsins og flýta erfðafrámförum.

Niðurstöður rannsókna á mótefni gegn Bornaveiru í íslenskum hrossum voru birtar í Acta Veterinaria Scandinavica á árinu. Mótefni gegn veirunni hefur ekki greinst áður á Íslandi.

Mynd IV.14.1: Dreifing hrossa um landið



Enn var unnið að fræðslu á mögulegum áhrifum flúormengunar frá álverinu á Reyðarfirði. Flúor getur haft skaðleg áhrif á glerungsmýndun tanna fram að 5 vetra aldri og langan tíma getur tekið áður en hugsanlegar glerungsskemmdir verða sýnilegar í hrossum. Engin einkenni bráðaeitrunar hafa komið fram í hrossum á svæðinu né vísbendingar um eitrunaráhrif á beinvef.

Dýralæknir hrossasjúkdóma situr í verkefnisstjórn sumarexemsrannsókna. Rannsóknirnar eru unnar í samstarfi við fjölda erlendra rannsóknahópa og hafa skilað umtalsverðum árangri. Á árinu var fram haldið þróun aðferða til afnæmingar og/eða bólusetningar gegn sjúkdómnum. Dýralæknir hrossasjúkdóma á einnig aðild að nýju verkefni á þessu sviði sem unnið er í samvinnu við Cornell háskólann í Bandaríkjunum og Tilraunastöðina á Keldum. Í því verkefni verður prófuð kenningin um að mótefni í broddmjólk hryssna, sem þegar hafa verið stungnar af smámýi *Culicoides* spp., verji afkvæmi þeirra gegn sumarexemi.

10.1.2. Sjúkdómar

Engir nýir smitsjúkdómar komu upp í hrossum á árinu. Nokkuð bar þó á einkennum smitandi hósta í folöldum og trippum eins og vænta mátti. Áfram var unnið að rannsóknum á þeim sjúkdómi.

10.2 Velferð

10.2.1. Fyrirbyggjandi aðgerðir

Dýralæknir hrossasjúkdóma fór fyrir vinnuhópi á vegum Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins sem gerði tillögu að nýrri reglugerð um velferð hrossa. Með honum í hópnum var einn fulltrúi frá Dýraverndarsambandi Íslands og einn fulltrúi frá Landsambandi hestamannafélaga. Tillögu að nýrri reglugerð um velferð hrossa var skilað til ráðuneytisins á árinu. Dýralæknir hrossasjúkdóma fór fyrir vinnuhópi á vegum Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins sem gerði tillögu að nýrri reglugerð um velferð hrossa. Með honum í hópnum var einn fulltrúi frá Dýraverndarsambandi Íslands og einn fulltrúi frá Landsambandi hestamannafélaga.

Eftirlit með fódrun og aðbúnaði hrossa fór fram skv. lögum um búfjárhald. Áhersla var lögð á heildstætt mat á velferð hrossa hvort heldur á útigangi eða í húsvist og hafa verklagsreglur þar að lútandi verið kynntar. Dýralæknir hrossasjúkdóma veitti ráðgjöf og var héraðsdýralæknum til aðstoðar við eftirfylgni á málum þar sem þess var óskað. Offita og hreyfingarleysi fá nú aukna athygli út frá dýravelferðarsjónarmiði vegna tengsla við langvinna hófsperru sem veldur hrossum mikilli vanlíðan.

Unnið var úr niðurstöðum eftirlits með velferð keppnishesta samkvæmt fyrirkomulaginu "Klár í keppni" á Landsmóti Hestamanna í Reykjavík 2012 og á Íslandsmóti í hestaþróttum á Vindheimamelum sama ár. Grein um niðurstöðurnar var send til ritryningar í Acta Veterinaria Scandinavica í árslok.

Fræðsla er einn mikilvægasti þátturinn í bættu heilbrigði og meðferð keppnishesta og hefur dýralæknir hrossasjúkdóma einbeitt sér að fræðslu um særindi í munnni hesta sem eiga rætur sínar að rekja til beislisbúnaðar og notkunar hans auk vandamála tengdum tönnum. Unnið var í slíku fræðsluefni á árinu.

10.2.2. III meðferð

Óhóflegar tannraspanir og óhestvænar tamningaáðferðir voru meðal ábendinga sem teknar voru til sérstakrar skoðunar og urðu tilefni opinberra yfirlýsinga frá Matvælastofnun.



11. Loðdýr

Árið 2013 voru starfrækt 27 minkabú í landinu, með um 44.265 paraðar læður skv. upplýsingum frá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins. Fjölgað hefur um fjögur minkabú frá árinu áður og mun þeim einnig fjölga um á árinu 2014, ef fer sem horfir.

Tafla IV.11.1: Fjöldi loðdýrabúa og loðdýra á landinu árið 2013*

Umdæmi	Fjöldi búa	Minkar		Kanínur
		Læður	Högnar	Feld-, angóra- og kjötkanínur
Suðvesturumdæmi	2	2.501	601	84
Vesturumdæmi	0	0	0	8
Norðvesturumdæmi	10	15.805	2.500	10
Norðausturumdæmi	2	3.828	500	47
Austurumdæmi	4	5.178	780	101
Suðurumdæmi	10	15.940	2.400	22
Samtals á landinu:	28**	43.252	6.781	272

* Skv. upplýsingum úr gagnagrunninum, Bústofni. ** 27 minkabú, auk eins kanínubús í Suðvesturumdæmi

Sem fyrr er ekkert refabú starfrækt á landinu, einu refirnir sem haldnir eru innan girðinga, ef svo má segja, er refapar í Húsdýragarðinum í Reykjavík.

Samkvæmt upplýsingum úr Bústofni eru tæplega 300 kanínur haldnar sem hluti af búfénaði á Íslandi við lok árs 2013. Eitt stærra kanínubú er á landinu og nokkuð er um að einstaklingar haldi nokkrar kanínur, ýmist af angóra-, holda- eða feldkyni, sem gæludýr eða til heimanotkunar. Sláturhús KVH á Hvammstanga fékk í lok árs 2013 leyfi til að slátra kaninum og má því búast við að fjölgun verði í kjötkanínustofni landsins.

Staða minkaræktunar í landinu er góð enda er verð á minkaskinum á mörkuðum hátt, þó talsverð lækkun hafi orðið á síðustu uppboðum. Mikill árangur hefur náðst í ræktunarstarfi minkabænda í kjölfarið á innflutningi kynbótadýra. Það hefur skilað sér í stærra dýrum og betri feldgæðum.

Líkt og fyrri ár voru fluttir inn kynbótaminkar á vegum Sambands íslenskra loðdýrabænda. Í Norðvesturumdæmi er starfrækt eitt einangrunarbú fyrir innflutta minka. Þann 8. maí komu þangað 1055 kynbótahögnar frá dönskum ræktunarbúum. Högnarnir voru fluttir með flugi til Keflavíkur og keyrðir á flutningabíl í einangrunaraðstöðu í Skagafirði. Þar voru þeir í einangrun í rúma 6 mánuði.

11.1. Heilbrigði

11.1.1. Sjúkdómavarnir

Allar blóðprufur sem teknar voru á minkabúum landsins vegna reglubundins eftirlits með A-sjúkdómnum plasmacytosis reyndust neikvæðar í ár.

11.1.2. Sjúkdómar

Hér verður eingöngu fjallað um sjúkdómastöðu aliminka sem Matvælastofnun hefur fengið upplýsingar um frá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins og dýralæknum á meinafræðideild Keldna.

Tíðni algengustu sjúkdóma var svipuð og undanfarin ár. Í nóvember, á sama tíma og árið áður, kom upp eitt tilfelli af B-sjúkdómnum lungnafári af völdum bakteríunnar *Pseudomonas aeruginosa* á búi í Suðurumdæmi. Var hluti

dýranna meðhöndlaður með sýklalyfjum, og hluti þeirra bólusettur. Þetta var eina staðfesta tilfelli lungnafárs árið 2013.

Hvolpadauði er enn vandamál sem bændur glíma við, ásamt almennum vanhöldum á vaxtarskeiði. Ekki hefur fundist nein ein ástæða fyrir þessu og ástandið virðist ekki fara batnandi, þrátt fyrir átaksverkefni meðal fódurstöðva og bænda í fódurgerð og fleiri þáttum því tengdu. Vera má að stækkun dýranna (sbr. tölur frá uppboðshúsi Kopenhagen Fur) geri þau viðkvæmari fyrir sveiflum í fódurgæðum, en nokkuð ljóst er að vandinn er margþættur.

Þónokkur munur er á frjósemi milli landshluta, þar sem sunnlenskir minkar (sem fá fóður frá Fódurstöð Suðurlands) koma best út með meðaltalið 5,4 hvolpa á læðu. Munar rúmlega heilum hvolpi á þeim með hæstu og lægstu frjóseminu. Landsmeðaltalið árið 2013 var 4,9 sem er hækkun um 0,1 frá fyrra ári. Byggjast þessar tölur á upplýsingum um frjósemi, skipt eftir fódurstöðvunum þremur á Vopnafirði, Selfossi og Sauðárkróki. Örfáir bændur blanda eigið fóður og eru því fyrir utan þetta meðaltal.

Smitandi fótasár (e. Pododermatitis, footandface rot) greindist fyrst árið 2011 á Íslandi. Þar sem sjúkdómssvaldur smitandi fótasárs er enn óþekktur, er sjúkdómurinn greindur út frá einkennum. Sjúkdómssdreifing hefur staðið í stað. Margir þeirra bænda sem fengu sjúkdóminn fyrst á sín búi, bæði á Suðurlandi og Austurlandi, eru enn að glíma við hann og hafa reynt af mætti að nota þær baráttuaðferðir sem viðurkenndar eru, s.s. að meðhöndla um leið og einkenni sjást eða aflífa veik dýr. Þetta virðist þó ekki bera fullan árangur, því sjúkdómurinn kemur upp á ný. Öll innflutt dýr í einangrun eru skoðuð sérstaklega með tilliti til fótasára, en talið er að sjúkdómurinn hafi borist til landsins með innfluttum kynbótadýrum. Rannsóknarvinna sem hafin er í Danmörku hefur ekki leitt til endanlegrar niðurstöðu en vandamálið er farið að vekja athygli innan heims dýralæknisvísinda á Norðurlöndum.

11.2. Velferð

11.2.1. Fyrirbyggjandi aðgerðir


Í tengslum við ný lög um dýravelferð var unnið að nýrri reglugerð um aðbúnað og velferð minka á árinu, en reglugerðin tekur gildi árið 2014. Í framhaldi af því verður útbúið skoðunarhandbók fyrir starfsmenn í dýraeftirliti. Fyrirmyndir að slíkum handbókum má finna hjá nágrannalöndum okkar Danmörku og Noregi, en markmiðið með þeim er að gera eftirlitið samræmt og skilvirkara.

11.2.2. Ill meðferð

Tvær ábendingar bárust Matvælastofnun á árinu er sneru að aðbúnaði og velferð minka. Annað málið var látið falla niður eftir athugun héraðsdýralæknis og í hinu tilfellinu var orðið við tilmælum um úrbætur.

Loðdýrabændur fengu til sín úttektaraðila á vegum ráðgjafapjónustu í loðdýraheilbrigði frá Danmörku. Mjög góð þátttaka var frá íslenskum bændum og voru búin tekin út í samræmi við þarlandar kröfur um aðbúnað og velferð. Hver og einn bóndi fékk skýrslu með niðurstöðum eftirlits á sínu búi. Var margt skoðað, m.a. ástand dýranna, búrastærðir, þrif og umgengni.

Mynd IV.14.1: Dreifing minkaræktar um landið



12. Nautgripir

Tafla IV.12.1: Fjöldi nautgripa á landinu árið 2013

Umdæmi	Heildar-fjöldi	Mjólkur-kýr	Holdakýr til undan-eldis	Kelfdar kvígur	Geldneyti eldri en 1 árs	Kvígur-kálfar yngri en 1 árs	Nautkálfar yngri en 1 árs	Bú með mjólkur-kýr	Bú með holdakýr og ekki mjólkurkýr	Bú með geldneyti og engar kýr
Suðvesturumdæmi	1.260	328	219	124	270	233	86	10	3	0
Vesturumdæmi	10.770	3.854	238	968	2.704	1.608	1.398	131	8	12
Norðvesturumdæmi	10.853	3.722	410	1.000	2.608	1.717	1.396	110	24	15
Norðausturumdæmi	16.315	5.987	226	1.660	4.032	2.521	1.889	162	13	11
Austurumdæmi	4.638	1.525	33	320	1.288	719	753	49	8	13
Suðurumdæmi	27.677	9.345	593	2.703	7.588	3.953	3.495	244	27	24
Samtals á landinu:	71.513	24.761	1.719	6.775	18.490	10.751	9.017	706*	83	75

* Í lok árs voru 109 bú af 706 með mjaltþjóna

12.1. Heilbrigði

12.1.1. Sjúkdómavarnir

Sýnatökum vegna smitandi barkabólgu í nautgripum á Egilsstaðabúinu og Fljótsbakka á Héraði lauk á árinu. Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum reyndi að einangra smitefnið í sýnum úr 17 gripum sem var slátrað og tókst að finna vísbendingar um smitefnið, en ennþá hefur ekki tekist að greina það fullkomlega.

Tekin voru 78 blóðsýni á Fljótsbakka í ágúst og 151 sýni á Egilsstaðabúinu í september. Ekki mældust mótefni gegn IBR/IPV í þessum sýnum og í kjölfar þess var öllum hömlum aflétt af búunum.

Ekki er ljóst hvernig þessi sýking hefur borist inn í landið. Sýkingin var eingöngu á Egilsstaðabúinu nema ein kýr á Fljótsbakka sem hafði komið nokkrum mánuðum áður frá Egilsstaðabúinu. Ýmislegt bendir til þess að smitið hafi komið inn á Egilsstaðabúinu um eða fyrir 2007. Eftir það hafi sýkingin haldist við. Allar kýrnar sem voru fæddar fyrir 2008 og voru enn á lífi mældust með mótefni og yngsta kýrin með mótefni var fædd 2010. Hins vegar lífur út fyrir að sýkingin hafi ekki verið mjög smitandi eftir að hún kom að Egilsstöðum og greinilega barst hún ekki með fólki á milli búa.

Á árinu 2012 var skimað eftir smitandi barkabólgu IBR/IPV á öllum búum með mjólkurframleiðslu á landinu og nokkrum búum sem eingöngu eru með nautakjörsframleiðslu, engin mótefni mældust fyrir utan sýnanna sem að ofan greinir. Á árinu 2013 var skimað eftir sýkingunni á sjö kjötframleiðslubúum í viðbót og ekkert þeirra mældist með mótefni.

Á árinu var skimað eftir smitandi hvítblæði, Salmonella Dublin og Q-hitastótt á 70 búum, smitandi fósturláti (B. abortus) og smitandi barkabólgu í 36 kúm á 7 kjötframleiðslubúum. Rannsókuð voru sýni úr 77 kúm á 38 búum í leit að kúariðu, sjá niðurstöður í kafla IV.3 um smitsjúkdóma.

12.1.2. Sjúkdómar

Við rannsókn á blóðsýnum úr 69 kúm á einu búi vegna fyrirhugaðrar sölu reyndust 13 vera jákvæðar með tilliti til garnaveiki. Öllum kúnum var slátrað vegna þess að verið var að leggja af búskap á jörðinni og ekki var leyfð sala á kúnum vegna niðurstöðu blóðsýnanna. Þegar garnirnar úr þessum 69 kúm voru rannsakaðar á Keldum eftir slátrun fundust engar vísbendingar um garnaveiki í þeim. Þetta vekur spurningar um áreiðanleika þeirra prófa sem notuð eru til að skima eftir garnaveiki.

Á einu búi var tilkynnt um torkennileg útbrot á spenum og júgri. Svo virtist sem um eins konar faraldur væri að ræða og olli kúnum verulegum óþægindum. Hins vegar gekk þetta yfir á hálfum mánuði og nákvæm sýnataka og sýklaleit á Keldum bar engan árangur. Fyrirspurnir um hvort svona hafi sést á öðrum búum bentu til þess að svo hefði ekki verið.

12.2. Velferð

12.2.1. Fyrirbyggjandi aðgerðir

Sérgreinadýralæknir nautgripasjúkdóma var formaður starfshóps á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem vann að nýrri aðbúnaðarreglugerð fyrir nautgripi. Með honum í starfshópnum var einn fulltrúi frá Dýraverndarsambandi Íslands og einn fulltrúi frá Landssambandi kúabænda. Tillögu að nýrri reglugerð um velferð nautgripa hefur verið skilað til ráðuneytisins.

12.2.2. III meðferð

Viðhorf til aðbúnaðar og velferðar nautgripa og búfjár yfirleitt hefur breyst á undanförunum misserum. Í nýjum fjósum er undantekningarlaust gert ráð fyrir að kýrnar gangi lausar og að þær hafi legurými. Líklegt er að ný reglugerð um aðbúnað kveði á um að allar kýr verði í lausagöngufjósum eftir einhvern tiltekinn árafjölda. Þá þykir einnig sjálfsagt í nýjum fjósum að kvígur í uppeldi hafi aðgang að sérstöku legusvæði.

Helstu vandamál vegna velferðar nautgripa í fjósum eru af þrennum toga. Ennþá eru mörg básafjós með innréttingar sem standast ekki ákvæði gildandi reglugerðar, sem þó er áratuga gömul. Helst er að jötugrindur og bindingar eru þannig gerðar að kýrnar geta ekki hreyft sig á viðunandi hátt, jötukantur er of hár og herðakambslá er of lág. Þá eru básar of stuttir í mörgum fjósum.

Klaufhirðu nautgripa er á tíðum ábótavant, en það hefur þó færst í betra horf með tilkomu sérstakra klaufskurðarmanna sem fara á milli búa með góðan útbúnað til klaufskurðar.

Vandamál vegna velferðar nautgripa er einnig varðandi aðbúnað við kjötframleiðslu. Á árinu 2010 rannsakaði nemandi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri nokkur bú og niðurstöður hennar voru að á 22 búum stóðust aðeins 60% af stíunum mál varðandi rými á gripum og aðeins 54% af stíunum voru með viðunandi brynningu. Undantekning var að gripirnir hefðu aðgang að sérstöku leguplássi. (Anna Lóa Sveinsdóttir, Aðbúnaður og vöxtur nautgripa til kjötframleiðslu, MS-ritgerð, Landbúnaðarháskóli Íslands, Auðlindadeild, 2010). Hætt er við að með meiri ásetningi kálfa til kjötframleiðslu aukist enn þrengslin í uppeldi og því ástæða til að hafa vakandi augu með þessum þætti.

13. Sauðfé

Sauðfé hefur fjölgað samtals um 1.597 kindur frá vorskýrslum 2012. Ásettum gimbrum fjölgaði um 533 og ásettum lambhrútum fækkaði um 426. Geitum fjölgaði um 39 og geitaeigendum um 13.

Tafla IV.13.1: Fjöldi sauð- og geitfjár á landinu 2013

Umdæmi	Heildar-fjöldi	Ær	Hrútar og sauðir	Lamb-gimbrar	Lambhrútar og geldingar	Bú með ær	Geitur og lifkið	Bú með geitur
Suðvesturumdæmi	4.889	3.678	186	883	142	102	35	5
Vesturumdæmi	118.586	92.844	2.672	20.945	2.125	648	310	14
Norðvesturumdæmi	114.436	91.476	2.641	18.674	1.645	474	162	23
Norðausturumdæmi	76.697	59.968	1.779	13.375	1.575	480	154	18
Austurumdæmi	79.306	63.269	1.850	12.474	1.713	319	117	13
Suðurumdæmi	82.415	64.040	2.230	14.477	1.668	626	79	16
Samtals á landinu	476.329	375.275	11.358	80.828	8.868	2.649	857	89


13.1. Heilbrigði

13.1.1. Sjúkdómavarnir


Aukið fé fékkst til viðhalds sauðfjárveikivarnargirðinga á árinu og var það fyrst og fremst nýtt til þess að bæta ástand girðinga á Vesturlandi og Reyðarfjarðarlínu.

Nokkrir upplýsingafundir voru haldnir vegna flúormælinga út frá álveri Alcoa í Reyðarfirði. Voru það fundir með starfsmönnum álversins og Umhverfisstofnunar. Þrátt fyrir aukna vöktun og betri

Mynd IV.14.1: Dreifing nautgripa um landið



Mynd IV.14.1: Dreifing sauðfjár um landið



hreinsun lækkaði flúorinnihald gróðurs í umhverfi álversins ekki að ráði. Er talið að það hafi verið vegna þess að veður var bæði stillt og þurr í Reyðarfirði sumarið 2013. Flest sýni voru þó undir leyfilegu hámarki, en ætlunin er að bæta vöktunina enn frekar.

Líklega eru lungnasjúkdómar mest sjúkdómavandinn í íslenski sauðfjárrækt. Haustið 2013 skoðaði Guðríður Eva Þórarinsdóttir dýralæknanemi lungu úr kindum í sláturhúsi SS á Selfossi. Er það rannsókn fyrir lokaverkefni hennar við Háskólann í Kaupmannahöfn. Hún skoðaði fyrst og fremst útbreiðslu á kregðu. Í ljós kom að lömb, á einhverjum búum, í öllum varnahólfum frá Örfum og vestur í Dali eru með einkenni þess að hafa sýkt af kregðu. Áhugavert verður að fylgjast með úrvinnslu hennar gögnunum og kynna sér niðurstöður þegar þær liggja fyrir.

Tilraunastöðin á Keldum hefur fengið styrki til þess að rannsaka lungnasjúkdóma í sauðfé nánar og er verið að vinna úr sýnum úr ofangreindri rannsókn. Þá eru hugmyndir um að reyna að þróa bóluefni gegn kregðu, en ljóst er að slík vinna tekur langan tíma. Á undanförunum misserum hefur Ólöf Sigurðardóttir, dýralæknir og sérfræðingur á Tilraunastöðinni á Keldum orðið þess áskynja að barkakýlisbólga er talsvert útbreidd í kindum víða um land og veldur dauða. Sýklalyf virðast koma að litlum notum. Ekki er ólíklega að barkabólgunni hafi verið ruglað saman við grun um lungnabólgu. Barkabólgan hafi því íðulega ekki verið staðfest vegna þess að barkakýlið hefur ekki fylgt með öndunarlíffærunum sem send hafa verið til rannsókna á Keldum. Ástæða barkabólgunnar er ekki kunn en sjúkdómurinn virðist skjóta sér niður sem stök tifelli og lítið sem bendir til þess að um sé að ræða smitsjúkdóm.

Á árinu hefur Tilraunastöðin á Keldum kallað eftir brjóstholslíffærum úr kindum sem hafa drepist eða verið lógað án þess að hafa fengið sýklalyf. Þannig standa vonir til að fá betri þekkingu á þeim sýklum sem valda meinum í öndunarfærum kinda á öllum aldri.

13.1.2. Sjúkdómar

Í janúar greindist garnaveiki í sauðfé á Félagsbúinu Gautlöndum í Mývatnssveit. Við nánari skoðun var greinilegt að sjúkdómurinn hafði verið að búa um sig í að minnsta kosti eitt eða tvö ár. Garnaveiki hefur aldrei greinst í Mývatnssveit áður svo vitað sé. Í kjölfarið voru tekin blóðsýni úr sauðfé á bæjum sem eru í nánnum samgangi við Gautlönd. Þá voru rannsökuð garnasýni úr sauðfé frá þó nokkrum bæjum í varnahólfinu. Garnaveiki hefur ekki greinst á öðrum búum í sveitinni eða annarsstaðar í Skjálfandahólfi.

Sérgreinadýralæknir sauðfjársjúkdóma og héraðsdýralæknir héldu fund með bændum, dýralæknum og ráðunautum í hólfinu og gerðu grein fyrir garnaveiki almennt og ræddu um mögulegar aðgerðir vegna þessarar greiningar. Annar fundur var svo haldinn í júlí með fulltrúum sauðfjárbænda, dýralæknum og ráðunaut. Í kjölfar þess fundar var ákveðið að hefja bólusetningu við garnaveiki í Skútustaðahreppi og efla eftirlit í sláturhúsinu á Húsavík.

Ekki hefur fengist nein skýring á því hvernig garnaveikin barst að Gautlöndum. Garnaveikisýkillinn er mjög lífseigur og berst með saur, þannig að mögulega getur hann borist með óhreinum tækjum og tólum.

Rannsökuð voru 3.664 sýni frá 155 búum í leit að riðu. Tuttugu sýni voru úr línubrjótum og tvö voru vegna gruns um riðu. Ekki fannst hefðbundin riða í neinu sýnanna, en NOR98 fannst í tveimur sýnum sem komu frá sláturhúsum. Sýnin voru frá Krossi á Berufjarðarströnd og Bergsstöðum í Svartárdal í A-Húnavatnssýslu. NOR98 er ekki talinn smitast á milli kinda og því ekki lengur talin þörf á að skera niður fé á bæjum þar sem sjúkdómurinn greinist.

13.2. Velferð

13.2.1. Fyrirbyggjandi aðgerðir

Sérgreinadýralæknir sauðfjársjúkdóma var formaður starfshóps á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem vann að nýrri reglugerð um velferð sauðfjár og geitfjár. Með honum í starfshópnum var einn fulltrúi frá Dýraverndarsambandi Íslands og einn fulltrúi frá Landssambandi sauðfjárbænda. Tillögu að nýrri reglugerð um velferð sauðfjár og geitfjár hefur verið skilað til ráðuneytisins.

13.2.2. III meðferð

Eitt helsta vandamálið varðandi velferð sauðfjár virðist vera sinnuleysi og vanþekking eigenda. Algengast er að fé sé vanfóðrað. Það gerist jafnt í stórum hjörðum sem á litlum frístundabúum. Oft reynist erfitt að fást við þessi mál því svo virðist sem eigendur dýranna hafi hvorki skilning á því að kindurnar séu vanfóðraðar né vilja til að fækka fénu og þannig auka arðsemina með bættum aðbúnaði. Þessu fylgir oft að húsakostur er óviðunandi.

14. Svín

Litlar breytingar hafa verið í svínaræktinni á árinu. Á landinu eru starfandi 11 svínaframleiðendur sem reka 20 svínabú/ starfsstöðvar víðsvegar um landið. Færst hefur í aukana að einstaklingar kaupir sér eitt eða nokkur svín til uppeldis, þá helst yfir sumartímann. Alls eru tæp 29.000 svín á landinu auk smágrísa. *Tafla IV.14.1* sýnir yfirlit yfir fjölda svína og svínabúa skipt eftir umdæmum.

*Tafla IV.14.1: Yfirlit yfir fjölda svína og svínabúa 2013**

Umdæmi	Fjöldi búa	Geltir	Gyltur	Eldisgrísir	Samtals í umdæmi
Suðvesturumdæmi	4	21	1.435	4.329	5.785
Vesturumdæmi	3	11	105	11.566	11.682
Norðvesturumdæmi	2	2	18	885	905
Norðausturumdæmi	3	10	491	4.473	4.974
Austurumdæmi	1	2	8	81	91
Suðurumdæmi	7	20	1.048	4.478	5.546
Samtals á landinu	20	60	3.105	25.812	28.983

*Tölur fengnar úr Bústofni eða beint frá framleiðendum. Í töfluna vantar fjölda smágrísa.

14.1 Heilbrigði

14.1.1. Sjúkdómavarnir

Á árinu voru tekin sýni til skimunar á svínainflúensu H1N1, svínainflúensu H3N3, PRRS-veiki og smitandi maga- og garnabólgu (TGE). Mótefni gegn svínainflúensu H1N1 greindist á einu svínabúi við skimun en engin svín á búinu sýndu einkenni sjúkdómsins. Mótefni gegn svínainflúensu H1N1 hefur áður greinst á búinu. Nánari upplýsingar um sjúkdómaskimun er að finna í kafla *IV.3*.

Smitálag vegna salmonellu jókst á flestum svínabúum á árinu. Ekki tókst að finna sameiginlegan orsakavald, mismunandi salmonellustofnar greindust á búunum og í öllum tilfellum sá stofn sem var áður þekktur á hverju búi. Samhlíða auknu smitálagi á svínabúum er sýnatökum í sláturhúsum fjölgað og eru allir salmonellu jákvæðir skrokkar hitameðhöndlaðir áður en þeim er dreift frá sláturhúsum. Nánari umfjöllun um vöktun og varnir gegn salmonellu er í kafla *VI.2*.

Á árinu var tvisvar sinnum flutt inn djúpfryst svínasæði frá Noregi, alls 201 skammtar (sem samsvarar 804 stráum en að jafnaði eru notuð tvö strá í tvígang á hverja gyltu). Sæðið er úr tegundunum Duroc, Yorkshire og Landrace og er notað til kynbóta á flestum svínabúum landsins. Sæðið er flutt inn til notkunar beint á svínabúunum og gekk allur innflutningur vel. Engar grunsemdir vöknudu á árinu um að smitsjúkdómar hefðu borist með innfluttu sæði til landsins.

14.1.2. Sjúkdómar

Sjúkdómastaða á svínabúum var nokkuð góð á árinu. Meðal þeirra sjúkdóma sem koma reglulega upp eru skita hjá smágrísum og fráfarugrísam, auk brjósthimnubólgu, lungnabólgu, liðabólgu o.fl. Engir alvarlegir sjúkdómar komu upp á árinu.

Í sláturhúsum fer fram sjúkdómaeftirlit. Svínin eru skoðuð af héraðs- eða eftirlitsdýralækni fyrir og eftir aflifun, þ.e. líffæri og skrokkar eru heilbrigðisskoðaðir. Við heilbrigðisskoðun í sláturhúsum ber mest á kregðu, langvinnri brjósthimnubólgu og langvinnri gollurhússbólgu.

11.2. Velferð

Héraðs- og eftirlitsdýralæknar fara með eftirlit með heilbrigði og velferð svína, þ.m.t. eftirlit með lyfjanotkun. Á árinu voru engin alvarleg frávik skráð vegna dýravelferðar við eftirlit á svínabúum landsins.

Sérgreinadýralæknir svínasjúkdóma var formaður starfshóps á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem vann að nýrri reglugerð um velferð svína. Með honum í starfshópnum var einn fulltrúi frá Dýraverndarsambandi Íslands og einn fulltrúi frá Svínaræktarfélagi Íslands. Tillögu að nýrri reglugerð um velferð svína hefur verið skilað til ráðuneytisins.

1. Um inn- og útflutning

Meginverkefni inn- og útflutningsskrifstofu Matvælastofnunar er að hafa eftirlit með inn- og útflutningi afurða úr dýraríkinu. Innflutningseftirlitið er í megindrættum tvíþætt, annars vegar eftirlit með innflutningi frá ríkjum utan EES og hins vegar eftirlit sem snýr að sérstökum ákvæðum í íslenski löggjöf. Gildir þá einu hvort uppruni afurðanna er innan EES eða ekki.

Eftir breytingar á matvælalöggjöfinni hér á landi seint á árinu 2011, hefur mynstur innflutnings breyst nokkuð. Fyrst um sinn fækkaði sendingum nokkuð. Á þessu ári, aftur á móti, varð óveruleg aukning í fjölda sendinga beint frá ríkjum utan EES. Er aukningin einkum til komin vagna aukins innflutnings á unnum mjólkurafurðum. Vinna við eftirlit með innflutningi beint frá þriðju ríkjum er talsvert umfangsmeiri en frá ríkjum innan EES, þar eð kröfur innleiddrar löggjafar kveða á um umfangsmeira landamæraeftirlit en tíðkaðist fyrir breytingar. Svo virðist sem innflytjendur hafi aðlagast þessum breytingum með því að sækja þriðju ríkja vöru til ríkja innan EES. Það vill segja þá hafa vörurnar verið skoðaðar á landamærastöðvum annars staðar í Evrópu og eru þá þegar í „frjálsu flæði“ innan svæðisins og geta komið hingað til lands án sérstaks landamæraeftirlits.

Eftirlit með innflutningi afurða frá þriðju ríkjum er samræmt innan evrópska efnahagssvæðisins (EES). Þannig á það að vera einsleitt sama hvar afurðirnar koma inn á svæðið, enda byggir það á samræmdri löggjöf. Meginatriðið er að afurðirnar komi á sérstaka landamærastöð sem samþykkt hefur verið til móttöku þeirra. Landamærastöðvar eru samþykktar fyrir mismunandi afurðaflokka.

Samstarf við tollayfirvöld hefur verið styrkt til muna, einkum vegna sendinga er innihalda dýraafurðir sem eru að koma beint frá þriðju ríkjum. Einnig hefur verið fylgst með að sendingar komi á réttar landamærastöðvar og séu ekki fluttar milli tollhafna án landamæraaskoðunar. Þá hafa verið gerðar breytingar innan tollskrár til að gera eftirlitið markvissara. Meðal þeirra breytinga eru þétting síunets innan tollskrárinnar. Þess utan hefur verið unnið að nákvæmari texta tengdum hverju tollskrárnúmeri. Þannig ætti að vera auðveldara fyrir innflytjendur að tollflokka vörur sínar.

Reynt hefur verið að opna nýja markaði erlendis fyrir íslenskar afurðir. Í því sambandi var mikið unnið að samræmingu heilbrigðiskrafna vegna útflutnings búfjárafurða til Hong Kong. Eftirlitsaðilar þaðan komu til landsins í nóvember og var farið á nokkur býli og fáeinar afurðastöðvar, aðallega sláturhús. Veittar voru upplýsingar um dýraheilbrigði í landinu og farið yfir skyldur Matvælastofnunar sem og eftirlitshlutverk stofnunarinnar. Ekki höfðu fengist leyfi til útflutnings til Hong Kong í lok ársins, en vonast er til að flytja megi dýraafurðir þangað fljótlega. Útflutningur sjávarafurða er og hefur verið opin til Hong Kong og Kína um langt árabil. Breytingar hafa verið varðandi viðskiptatæknileg atriði vegna útflutnings sjávarafurða til Kóreu og Brasilíu. Þær breytingar hafa aftur á móti ekki hindrað útflutning að neinu marki.

Aukning varð á innflutningi á kjöti frá fyrra ári. Munar þar mest um aukinn innflutning á kjúklingakjöti og svínakjöti. Þessar afurðir koma nær eingöngu frá ríkjum innan EES.

Vöktun hraðviðvörðunarkerfis Evrópu um matvæli og fóður (Rapid Alert System for Food and Feed - RASFF) er eitt af hlutverkum inn- og útflutningsskrifstofu Matvælastofnunar. Tilkynningar árið 2013 í gegnum hraðviðvörðunarkerfið voru samtals 8.363. RASFF tilkynningar um innflutt matvæli til Íslands voru tíu þar af ein sem Ísland tilkynnti inn í kerfið. Nýlunda er það að fylgst er með efnunum og hlutum í snertingu við matvæli. Hefur þetta leitt til nokkra tilkynninga er varða Ísland. Sýnir þetta mikilvægi þess að eftirlit sé haft með þessum hlutum til að koma í veg fyrir mögulega eitrun eða mengun í matvælum.

Matvælastofnanir Norðurlandanna vöruðu við neyslu á frosnum berjum, einkum frosnum jarðaberjum, á árinu vegna hættu á lifrabólgu A smiti.

2. Innflutningur áburðar, plantna og fódurs

Fjallað er um innflutning á áburði, fódri og plöntum í kafla IV.2, IV.3 og IV.4.

3. Innflutningur matvæla

3.1. Viðvörðunarkerfi ESB og EFTA

Matvælastofnun fer með eftirlit með innflutningi matvæla og fódurs og er framkvæmdin í nánú samstarfi við heilbrigðiseftirlit sveitafélaga.

Matvælastofnun er tengiliður Íslands við viðvörðunarkerfi ESB og EFTA ríkja (Rapid Alert System for Food and Feed – RASFF) og hefur kerfið verið við lýði síðan árið 1979. Heildarfjöldi RASFF tilkynninga á árinu voru 8363. Langfestar tilkynningar eru um hafnanir á vörum við eftirlit á landamærum EES ríkjanna. Næst algengustu tilkynningar eru um vörur sem eru innkallaðar af markaði. Oftast eru það neytendur sem tilkynna um vörur á markaði. Í kjölfar innra eftirlits hjá matvælafyrirtækjum eru sendar tilkynningar um innkallanir á matvælum sem hefur verið dreift til annarra landa. Alls voru tíu RASFF tilkynningar um vörur sem höfðu borist til Íslands. Um var að ræða þrjár tilkynningar um of mikið flæði efna úr glösum, plasttöngum og steikarpönnum sem voru framleidd í Kína. Tvær tilkynningar voru um aðskotahluti í matvælum en það fannst m.a. glerbrot í jarðarberjum frá Hollandi og trébiti í orkustykki frá Bretlandi. Ein tilkynning varðaði salmonella í gæludýrafóðri frá Bandaríkjunum. Tvær tilkynningar voru um innkallanir á hráefnum til fóðurgerðar vegna díoxíns og ólöglegra fitusýra (sjá *Töflu VI.3.1*).

Tafla V.3.1: RASFF-tilkynningar 2013 er varða Ísland

Matvæli	Ástæða	Upprunaland
1 Plasttöng	Flæði efna (hringlaga amin)	Kína
2 Glerglas	Flæði efna (króm)	Kína/NL
3 Sælgætishlaup	E- 406	Víetnam
4 Steikarpanna	Innri húð flagnar af	Kína
5 Möndlur	Oktratoxín myglueitur	Spánn
6 Hráefni til fóðurgerðar-fiskiolla	Ólöglegar fitusýrur	Danmörk
7 Hráefni og aukefni til fóðurgerðar	Dioxín	Kína/Belgía
8 Jarðarber	Glerbrot	Holland
9 Orkustykki	Aðskotahlutur-trébiti	Bretland
10 Gæludýrafóður	Salmonella*	Bandaríkin

* RASFF-tilkynning frá Íslandi

3.2. Aukið innflutningseftirlit með matvælum sem eru ekki af dýrauppruna

Afgreiddar voru 14 umsóknir vegna takmarkana á innflutningi, samkvæmt reglugerð nr. 835/2010 um aukið eftirlit með innflutningi á matvælum sem ekki eru af dýrauppruna. Ákveðnar sendingar eru skoðaðar og eru tekin sýni samkvæmt sýnatökutíðni í viðauka 1 reglugerðarinnar eða í öðrum tengdum reglugerðum. Sýni voru tekin í innflutningseftirliti af gráflkjum frá Tyrklandi vegna aflatoxíns og tei frá Kína m.t.t. varnarefnaleifa. Bæði voru undir leyfilegum mörkum.

Á síðasta ári heimilaði innflutningseftirlitið ekki innflutning á ýmsum vörum, aðallega vegna skorts á heilbrigðisvottorðum fyrir matvæli af dýrauppruna.

3.3. Innkallanir

Um 30 tilkynningar um innlend og erlend matvæli voru sendar til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um aðgerðir og innköllun á markaði. Flestar innkallanir voru vegna vanmerkingar ofnæmis- og ópolsvalda eða í níu tilfella. Hrossakjöt sem var notað í staðinn fyrir nautakjöt var tilefni til innkallana á tveimur erlendum kjötvörum. Við athugun á því hvort hrossakjöt væri í matvælum hér á markaði án þess að vera tilgreint í innihaldslýsingum kom í ljós að í einni tegund af nautakjötsböku fannst ekkert kjöt. Innkallanir voru nokkrar vegna örverumengunar þ.a.m tvær um fóður. Heilbrigðiseftirlitssvæðin fara með eftirlit á matvælum á markaði og tilkynna til Matvælastofnunar ef þörf er á aðgerðum.

3.4. Dýraafurðir

Í þessum kafla er eingöngu fjallað um innflutning á dýraafurðum beint frá ríkjum utan EES. Skrifstofa inn- og útflutnings annast rekstur landamærastöðva og eftirlit með innflutningi dýraafurða til landsins frá þriðju ríkjum og þar með inn á Evrópska efnahagssvæðið (EES), skv. reglugerð nr. 1044/2011. Innflutningseftirlit með dýraafurðum tekur til hvers kyns afurða úr dýraríkinu, sem dæmi má nefna; matvæli, fiskimjöl og fóður, lýsi, dýrafeiti, býflugnavax, hunang, óunnin skinn, ull og veiðiminjar.

Eftirlitið felst í skoðun skjala sem þurfa að fylgja vörunni, auðkenningu vörunnar, þ.e. hvort merkingar séu réttar samkvæmt meðfylgjandi skjölum og heilnæmisskoðun sem felur meðal annars í sér hitastigsmælingar, skynmat og sýnatöku til rannsókna.

Á landinu eru starfræktar átta landamærastöðvar til eftirlits með innflutningi dýraafurða. Landamærastöðvarnar eru staðsettar í Hafnarfirði, á Keflavíkurlflugvelli, Þorlákshöfn, Akureyri, Húsavík, Ísafirði og tvær í Reykjavík (Eimskip og Samskip). Heimilt er að taka til eftirlits fiskafurðir á öllum landamærastöðvum, en Eimskip Reykjavík og Keflavíkurlflugvöllur eru einu stöðvarnar sem geta tekið á móti öllum dýraafurðum.

Stærsti hluti innflutnings á dýraafurðum frá löndum utan EES fór fram á landamærastöðvunum á höfuðborgarsvæðinu (*Tafla V.3.2*). Fiskafurðir voru stærsti hluti sendinga frá löndum utan EES á síðasta ári og þar af var iðnaðarrækja í mestu magni, hvortveggi í þyngd og fjölda sendinga. Innflutningur á dýraafurðum til mannelis var einkum mjólkurafurðir (mysuprótein og ostahlíðstæða) og einungis tvær sendingar bárust af kjötafurðum (kjúklingaréttir). Aðrar dýraafurðir voru einkum gæludýrafóður. Sendingum með fiskafurðum fækkaði um 20% frá fyrra ári, en aftur á móti fjölgaði sendingum af dýraafurðum til mannelis um 60% og af öðrum dýraafurðum um 30%. Heildarfjöldi sendinga af dýraafurðum dróst saman um 9% milli ára, en heildarþyngd jókst á sama tíma um 9%.

Tafla V.3.2: Innfluttar dýraafurðir frá þriðju ríkjum eftir landamærastöðvum árið 2013

Landamærastöð	Fiskafurðir Fjöldi sendinga	Dýraafurðir* Fjöldi sendinga	Aðrar dýraafurðir** Fjöldi sendinga	Heildarfjöldi sendinga	Heildarþyngd (kg nettó)
Reykjavík (Eimskip)	181	34	13	228	11.277.323
Hafnarfjörður	32	0	0	32	8.543.723
Reykjavík (Samskip)	27	0	0	27	6.604.129
Keflavíkurlflugvöllur	20	0	3	23	18.931
Akureyri	0	0	0	0	0
Ísafjörður	0	0	0	0	0
Húsavík	0	0	0	0	0
Þorlákshöfn	0	0	0	0	0
Samtals	260	34	16	310	24.711.778

*Dýraafurðir til mannelis, aðrar en fiskafurðir. ** Dýraafurðir ekki til mannelis.


Ellefu sendingum af dýraafurðum sem komu frá löndum utan EES þurfti að vísa frá við landamæraeftirlit. Algengasta frávisunarástæða var að samþykkisnúmer starfsstöðvar vantaði á umbúðir vöru og heilbrigðisvottorð vantaði með sendingu.

Beituinnflutningur frá þriðju ríkjum var 3.014.692 kg í 34 sendingum. Fjöldi sýnishorna af dýraafurðum frá þriðju ríkjum sem ætluð voru til rannsóknar eða kynningar var 30 og vóg samtals 660 kg. Alls voru flutt inn 25.439.874 kg af dýraafurðum frá ríkjum utan EES, sem er álíka mikið magn og árið áður.

3.5. Hrátt kjöt

Bann er við innflutningi á hráu kjöti til landsins en samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 448/2012 getur ráðherra veitt innflutningsleyfi eftir umsögn Matvælastofnunar. Hráar kjötafurðir sem fluttar eru til landsins skulu vera sannanlega lausar við salmonellu og hafa verið frystar í einn mánuð fyrir tollafgreiðslu. Kjötafurðir skulu hafa verið framleiddar í vinnslustöð sem viðurkennd er af ESB. Að auki eru gerðar fleiri kröfur til afurða sem fluttar eru inn frá þriðju ríkjum. Þeim skulu fylgja uppruna- og heilbrigðisvottorð og þær eru háðar innflutningseftirliti skv. reglugerð nr. 1044/2011.

Mynd V.3.1: Magn innfluttra hrárra kjötafurða (tollflokkur 02) eftir tegundum árið 2013, samtals 1.620 tonn




Heildarinnflutningur á hráum kjötafurðum var 1.620 tonn árið 2013 og jókst því milli ára um 1.100 tonn. Enn var mest flutt inn af kjúklingakjöti (794 tonn), þá svínakjöti (405 tonn) og nautakjöti (255 tonn).

3.6. Mjólkurafurðir

Í þessum kafla er eingöngu fjallað um innflutning á dýraafurðum beint frá ríkjum utan EES. Heimilt er að flytja inn afurðir sem unnar eru úr gerilsneyddri mjólk eða hafa hlotið viðeigandi meðferð samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 448/2012. Árið 2013 voru flutt inn 654 tonn af unnum mjólkurafurðum.

Mynd V.3.2: Magn innfluttra osta og annarra unninna mjólkurafurða (tollflokkur 04) eftir löndum árið 2013, samtals 654 tonn




4. Innflutningur dýra

Meðal hlutverka inn- og útflutningsskrifstofu Matvælastofnunar er að hafa eftirlit með inn- og útflutningi lifandi dýra, afurða þeirra sem ætlaðar eru til mannelis og dýraafurðum sem ekki eru ætlaðar til mannelis. Þá er henni ætlað að hafa eftirlit með innflutningi á notuðum tækjum sem hafa verið notuð í eða við landbúnað.

4.1. Hundar og kettir

Á árinu 2013 voru fluttir inn 167 hundar og 36 kettir. Fluttar voru inn 64 hundategundir frá 26 löndum og 8 kattategundir frá 9 löndum. Auk þess var flutt inn sæði úr einum hundi.

Mynd V.4.1: Innflutingur hunda og katta 2003-2012



Tafla V.4.2: Innfluttar hunda-/kattategundir

Hundategund	Fjöldi
Blendingar	18
Labrador Retriever	12
Chihuahua	10
Dverg Schnauzer	7
Pug	7
Franskur Bolabítur	6
Þýskur Fjárhundur	5
Golden Retriever	3
Enskur Cocker Spaniel	3
Stóri Dani	2

Tafla V.4.3: Upprunaland innfl. katta

Kattategund	Fjöldi	Upprunaland	Fjöldi
Heimilisköttur	25	Danmörk	9
Main Coon	4	Noregur	7
Russian Blue	2	Bretland	6
Abyssinian	1	Þýskaland	5
Bengal	1	Bandaríkin	3
Cornish Rex	1	Spánn	3
Persian	1	Finnland	1
Siamese	1	Svíþjóð	1
		Ungverjaland	1

Innflutt gæludýr eru ýmist vistuð í einangrunarstöð gæludýra í Hrísey eða í einangrunarstöðinni í Reykjanesbæ. Gæludýrin eru skoðuð af eftirlitsdýralæknum við komuna til landsins og fyrir útskrift úr einangrun, auk þess sem farið er í óboðaðar heimsóknir í einangrunarstöðvarnar.

Árið 2013 voru gefin út 184 útflutningsvottorð fyrir hunda og 57 fyrir ketti, og voru því fleiri hundar og kettir flutt út en voru flutt til landsins 2013.

4.2. Önnur gæludýr

Árið 2013 var gefið út 41 leyfi fyrir innflutningi skrautfiska og annarra vatnadýra fyrir sjö gæludýraverslanir, eina snyrtistofu, eina rannsóknastofu með dýratilraunir og þrjú einstaklinga. Einnig voru fluttir inn 4 búfluglar og 1 kanína.

4.3. Fiskar

Árið 2013 var fjórum fyrirtækjum veitt heimild til innflutnings á alls 245 lítrum af regnbogasilungshrognum frá Danmörku til klaks og áframeldis. Einnig voru flutt inn 1.700 tilapiaseiði (Hekluborri) frá Kanada og 470 dýr tveggja tegunda sæeyrna frá Japan til kynbóta og áframeldis. Þá var í fyrsta sinn veitt heimild til innflutnings á ostrum til áframræktunar og komu alls 200.000 ungvíði frá Spáni sem sett voru í lokaðar grindur í Skjálfaflóa. Tilraunainnflutningi á Senegalflúruseiðum frá Spáni lauk í febrúar 2013 með innflutningi á 60.000 seiðum sem síðan var fargað og eytt eftir 14 daga sóttkví þegar sannreynt var að flutningur hefði gengið vel. Í ágúst hófst svo reglubundinn innflutningur á flúruseiðum til áframeldis til slátrunar hjá sama fyrirtæki og komu alls 877.000 seiði (0,3 gr.) í 5 sendingum það sem eftir lifði árs.

Tafla V.4.1:

Upprunaland innfluttra hunda

Upprunaland	Fjöldi
Danmörk	23
Noregur	23
Bandaríkin	22
Svíþjóð	18
Bretland	15
Spánn	14
Pólland	9
Finnland	6
Belgía	4
Tékkland	4
Ungverjaland	4
Þýskaland	4
Kanada	3
Rússland	3
Grikkland	2
Ítalía	2
Lettland	2
Austurríki	1
Chile	1
Frakkland	1
Kasakstan	1
Króatía	1
Serbía	1
Slóvakía	1
Suður Afrika	1
Sviss	1

4.4. Frjóegg

Árlega eru flutt inn frjóegg á vegum alifuglaræktenda. Árið 2013 voru flutt inn 4.000 frjó kalkúnaegg frá Bretlandi og 155.860 frjó hænsnaegg frá Svíþjóð og Noregi.

4.5. Hunangsflugur

Býflugnaræktendur fluttu inn 48 býpakka og 15 drottningar á árinu 2013 til hunangsframleiðslu.

4.6. Minkar

Í maí 2013 voru fluttir inn 1.055 minkahögnar á vegum Sambands Íslenskra loðdýrabænda frá 3 ræktunarbúum í Danmörku. Nánar er fjallað um minka og loðdýrarækt í kafla IV.11.

4.7. Svínasæði

Á árinu var tvisvar sinnum flutt inn djúpfryst svínasæði frá Noregi, alls 201 skammtar (804 strá). Sjá kafla IV.14.1.1.


5. Útflutningur matvæla

Matvæli frá Íslandi eru flutt út til margra landa víðs vegar um heim, einkum til Evrópu. Meðal verkefna Matvælastofnunar er að gefa út heilbrigðisvottorð fyrir sjávar- og búfjárafurðir sem fluttar eru út. Upplýsingar á heilbrigðisvottorðum eru háðar kröfum móttökulands. Ekki er krafist heilbrigðisvottorða innan Evrópska efnahagssvæðisins fyrir dýraafurðir sem framleiddar eru samkvæmt kröfum matvælalöggjafar Evrópusambandsins og hefur útgefnum heilbrigðisvottorðum því fækkað frá 1. nóvember 2011 þegar innleiðing matvælalöggjafarinnar hófst fyrir landbúnaðarafurðir.


5.1. Kjöt

Á árinu 2013 voru gefin út heilbrigðisvottorð vegna útflutnings á 4.314 tonnum af kjöti. Mest var gefið út af vottorðum vegna lamba- og kindakjöts (2.872 tonn), því næst hrossakjöts (753 tonn), hvalkjöts (453 tonn) og svínakjöts (156 tonn). Allt útflutt svínakjöt fór til Hong Kong, fyrir utan 2 kg til Færeyja.

Mynd V.5.1: Útflutningur hrossakjöts í tonnum til þriðju ríkja 2013




Mynd V.5.2: Útflutningur lambakjöts í tonnum til þriðju ríkja árið 2013, alls 2.872 tonn



5.2. Mjólkurafurðir


Mynd V.5.3 sýnir útflutning á mjólkurafurðum frá Íslandi til þriðju ríkja árið 2013 eftir löndum.

Mynd V.5.3: Útflutningur mjólkurafurða í tonnnum til þriðju ríkja árið 2013, alls 224 tonn



Mynd V.5.4 sýnir þróun í útgáfu heilbrigðisvottorða vegna útflutnings á lambakjöti, hrossakjöti og mjólkurafurða milli ára. Mikil aukning hefur orðið í sölu hrossakjöts en það sem virðist vera gífurlegur samdráttur í útflutningi lambakjöts og mjólkurafurða er í raun vegna þess að frá lok árs 2011 eru útfluttar afurðir í frjálsu flæði innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og þurfa því ekki heilbrigðisvottorð frá Matvælastofnun. Allt að þriðjungur útfluttra afurða fer til landa innan EES.

Mynd V.5.4: Útfluttar afurðir (tonn) sem gefin voru út heilbrigðisvottorð fyrir 2009-2013



5.3. Sjávarafurðir

Matvælastofnun gefur út heilbrigðisvottorð með sjávarafurðum til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins. Vottorðin staðfesta að afurðirnar séu unnar, geymdar og fluttar við aðstæður sem uppfylla opinberar kröfur um vinnslu sjávarafurða. Á vottorðinu kemur m.a. fram samþykkisnúmer framleiðanda, en án þess er óheimilt að framleiða sjávarafurðir til útflutnings.

Á síðast liðnu ári voru gefin út ríflega fimm þúsund útflutningsvottorð vegna sjávarafurða (Tafla V.5.1). Um fjórðungur vottorðanna voru almenn útflutningsvottorð og annar fjórðungur var vottorð til Rússlands, en sautján aðrar vottorðagerðir voru gefnar út með fiskafurðum til mismunandi landa. Heildarfjöldi vottorða vegna útflutnings á sjávarafurðum jókst um 10% frá fyrra ári.

Tafla V.5.1: Skipting útflutningsvottorða vegna sjávarafurða til ríkja utan EES árið 2013

Ríki utan EES	Fjöldi vottorða
Almennt	1.414
Rússland, Hvítarússland og Kasakstan	1.361
Úkraína	1.050
Kína	740
Moldavía	202
Bandaríkin	133
Brasilía	86
Forvottorð (pre-export)	316
Önnur lönd	94
Samtals:	5.396

Matvælastofnun gefur eingöngu út útflutningsvottorð með sjávarafurðum til landa utan EES, þar sem frítt flæði er á sjávarafurðum innan EES. Tölur um útflutning sjávarafurða er að finna hjá Hagstofu Íslands.

Tafla V.6.1: Fjöldi útfluttra hrossa 2013 eftir löndum

Útflutningsland	Fjöldi
Þýskaland	552
Svíþjóð	142
Danmörk	106
Austurríki	86
Sviss	77
Noregur	73
Finnland	40
Bandaríkin	37
Holland	33
Frakkland	32
Önnur lönd	58


6. Útflutningur dýra

Meðal hlutverka Matvælastofnunar er að gefa út heilbrigðisvottorð með dýrum og dýraafurðum sem flutt eru út frá Íslandi. Yfirlýsingar í heilbrigðisvottorðum eru háðar kröfum móttökulands.

6.1. Hross

Útflutningur hrossa var heldur minni en á árinu 2012. Alls voru flutt út 1.236 hross, flest voru send í flugi til Liege í Belgíu og var þeim dreift þaðan til hinna ýmsu Evrópulanda. Til Þýskalands fóru flest hross eða 552, til Norðurlandanna alls 382 og til Bandaríkjanna 37 hross.

Mynd VI.6.1: Fjöldi útfluttra hrossa 1988-2013



6.2. Fiskar

Góð heilbrigðisstaða með klakstofn án veirusýkinga tryggir innlendri kynbótastarfsemi sterka stöðu og er erfðaefni eftirsótt víða erlendis til áframeldis. Árið 2013 voru fluttir út 9.755 lítrar af laxahrognum til Chíle, Noregs, Færeyja, Skotlands, Bandaríkjanna, Danmörku og Kanada og 109 lítrar af bleikjuhrognum til Austurríkis, Írlands, Kanada, Danmörku og Skotlands. Alls voru flutt út 578.200 laxaseiði (70 gr.) til Færeyja til áframeldis og auk þess 8.400 laxaseiði til Noregs í sérstaka veirurannsókn (brisdrep) í tengslum við kynbætur á sviði sjúkdómapöls. Loks voru fluttir út 70 lifandi þorskar (0,6-1,6 kg) í sædýrasafn í Portúgal.

1. Um súnur og súnvalda

Súna er skilgreind sem allar tegundir sjúkdóma og/eða sýkinga sem beint eða óbeint geta smitast náttúrulega milli dýra og manna. Súnvaldur veldur súnu og er hann skilgreindur sem allar tegundir veira, baktería, sveppa, sníkla eða annarra líffræðilegra eininga sem líkur eru á að valdi súnu.

Hér á landi er í gildi reglugerð nr. 1048/2011 um vöktun súna og súnvalda. Þessi reglugerð byggir á tilskipun Evrópusambandsins (Directive 2003/99) um sama efni. Tilgangur reglugerðarinnar er að sjá til þess að súnur og súnvaldar og tengt þol þeirra gegn sýklalyfjum sé vakt á réttan hátt og tilhlýðileg faraldsfræðileg rannsókn fari fram þegar matarbornir sjúkdómar koma upp. Rannsóknin er gerð í þeim tilgangi að safna upplýsingum sem eru nauðsynlegar til þess að finna uppruna súnvaldsins sem olli sýkingunni og meta leitni sýkinga yfir tíma. Árið 2011 tók einnig gildi reglugerð nr. 1011/2011 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma (súnum) sem berast með matvælum. Þessi reglugerð innleiðir reglugerð Evrópusambandsins nr. 2160/2003 um sama efni auk þess sem hún inniheldur nokkur séríslensk ákvæði.

Upplýsingum, sem hér eru birtar, hefur verið safnað á grundvelli ofangreindrar reglugerðar um súnur auk niðurstaðna rannsókna úr opinberu eftirliti.

2. Salmonella

Hér verður fjallað um salmonellu í fólki, matvælum, dýrum, fóðri og fiskimjöli. Upplýsingar um fjölda salmonellutilfella í fólki eru fengnar frá embætti sóttvarnalæknis og frá sýklafræðideild Landspítalans. Tölur um salmonellu í dýrum eru unnar úr gögnum Matvælastofnunar vegna eftirlits með salmonellu. Tölur um salmonellu í fóðri og fiskimjöli eru annars vegar unnar úr gögnum sem fóðurverksmiðjurnar og fiskimjölverksmiðjurnar senda stofnuninni mánaðarlega vegna innra eftirlits þeirra og hins vegar úr gögnum Matvælastofnunar vegna eftirlits með framleiðslunni. Ræktun á salmonellu úr sýnum úr dýrum, dýraafurðum, fóðri og fiskimjöli fer fram á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, hjá Rannsóknþjónustunni Sýni ehf, hjá Matís ohf. og hjá Rannsóknþjónustunni ProMat Akureyri ehf. Ræktun á salmonellu úr sýnum úr fólki fer fram á sýklafræðideild Landspítalans. Staðfesting salmonellu í öllum sýnum, sermisgreining og lyfjapólspróf fer fram á sýklafræðideild Landspítalans. Í örfáum tilfellum hefur sermisgreining farið fram í Bretlandi.

Eftirlit með salmonellu í alifuglum fer samkvæmt landsáætlun um varnir og viðbrögð á Íslandi. Eftirlit með salmonellu í svínum fer samkvæmt skoðunarhandbók um salmonellu í svínum. Landsáætlunina og skoðunarhandbókina er að finna á vef Matvælastofnunar, www.mast.is undir *Dýraheilbrigði - Eftirlit - Alifuglarækt*.


2.1. Salmonella í fólki

Uppruna salmonellusýkinga í fólki má oft rekja til dýra. Algengast er að dýr smitist af salmonellu sé hún til staðar í umhverfi þeirra, fóðrinu sem þau éta eða vatninu sem þau drekka. Dýrin geta smitað hvert annað og smitalagið eykst. Smitist búfé af salmonellu er hætt á að hún geti borist í fólk með afurðum þeirra. Af þessum sökum er mikilvægt að skoða hvort samhengi sé á milli salmonellu í fólki og dýrum. Sé það tilfellið ætti að koma í ljós samhengi á milli sermisgerða sem greinast í fólki og dýrum og að aukin tíðni í dýrum leiddi af sé auknar sýkingar í fólki á svipuðum tíma. En fyrst ber að líta á sýkingar í fólki þ.e. hvort þær séu af innlendum eða erlendum uppruna. Samkvæmt upplýsingum frá embætti sóttvarnalæknis telst það smit af erlendum uppruna ef sjúklingur hefur dvalið erlendis innan viku frá upphafi einkenna. Stundum er ekki vitað um uppruna smits.

Á árinu greindust 49 salmonellutilfelli í fólki.

- *Salmonella* Enteritidis og *Salmonella* Typhimurium voru algengastar en þær greindust í 26 af 49 tilfellum.
- Sýkingar af völdum *Salmonella* Enteritidis voru í 19 af 21 tilfellum af erlendum uppruna.
- Sýkingar af völdum *Salmonella* Typhimurium voru í 4 af 5 tilfellum af innlendum uppruna.

Mynd VII.2.1: Fjöldi salmonellutilfella í fólki eftir uppruna og árum



2.2. Salmonella í matvælum

Matvælastofnun skipulagði eftirlitsverkefni um athugun á hökkuðu svínakjöti á markaði á árinu. Tekin voru sýni úr 12 framleiðslulotum samtals 39 sýni til greiningar á salmonellu og voru þau öll neikvæð.

2.2.1. Salmonella í alifuglum við slátrun

Við slátrun kjúklinga eru reglulega tekin sýni úr hálsaskinni til rannsókna á salmonellu. Ef *Salmonella* greinist við slátrun er dreifing stöðvuð og ef afurðir hafa farið á markað eru þær innkallaðar. Heimilt er að hitameðhöndla afurðirnar til að tryggja matvælaöryggi. Ef heimild til hitameðhöndlunar er ekki nýtt skal farga afurðum. Á árinu greindist *Salmonella* í 2 af 715 slátruhópum sem svarar til 0,3% tíðni. *Salmonella* Agona greindist í báðum tilfellum og voru hóparnir frá sama búi.

Á árinu greindist enginn af 59 slátruhópum kalkúna jákvæður m.t.t. salmonellu.

Tafla VII.2.1: Yfirlit yfir fjölda slátruhópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. salmonellu

Ár	Fjöldi slátruhópa	Fjöldi jákvæðra slátruhópa	Hlutfall
2005	635	0	0,0%
2006	730	0	0,0%
2007	777	0	0,0%
2008	706	1	0,1%
2009	702	1	0,1%
2010	668	24	3,6%
2011	695	8	1,2%
2012	715	2	0,3%
2013	715	2	0,3%

2.2.2. Salmonella á svínaskrokkum við slátrun

Við slátrun svína eru reglulega tekin stroksýni af svínaskrokkunum til rannsókna á salmonellu. Notast er við svokölluð hraðpróf sem gefa jákvæða eða neikvæða svör. Niðurstaða úr hraðprófinu er endanleg niðurstaða, þó svo að það takist ekki að rækta salmonellu úr stroksýninu. Sýnin eru tekin frá öllum slátruhópum og fer fjöldi sýna eftir fjölda svína í hverjum hópi. Ef bú eru í 2. eða 3. flokki í kjötsafaprófi (sjá nánar í kafla VII:2.3.2.) eru tekin stroksýni af öllum svínaskrokkum frá því tiltekna búi. Jákvæðir skrokkar fara í hitameðhöndlun til að tryggja matvælaöryggi.

Á árinu greindist *Salmonella* í 26 af 2.878 sýnum sem svarar til 0,9% tíðni. Tíðni fór hæst í 1,8 % í febrúar. *Salmonella* greindist ekki í stroksýnum í 5 af 12 mánuðum ársins.

- *Salmonella* Worthington greindist í 2 sýnum.
- *Salmonella* Unnamed I Rough : i : - greindist í 1 sýni.
- *Salmonella* Brandenburg greindist í 6 sýnum.
- *Salmonella* Infantis greindist í 1 sýni.
- *Salmonella* ræktaðist ekki úr 16 af 26 jákvæðum stroksýnum.

Tafla VII.2.2: Yfirlit yfir hlutfall stroksýna sem greindust jákvæð fyrir salmonellu

Ár	Fjöldi sýna	Fjöldi jákvæðra sýna	Hlutfall jákvæðra stroksýna
2006	1.005	11	1,1%
2007	1.937	10	0,5%
2008	2.481	34	1,4%
2009	3.495	392	11,2%
2010	3.302	89	2,7%
2011	2.522	32	1,3%
2012	2.171	7	0,3%
2013	2.878	26	0,9%

2.3. Salmonella í dýrum

Fylgst er reglulega með salmonellu í eldi alifugla og svína. Ekki er fylgst reglulega með salmonellu við eldi annarra dýra. Sýni eru tekin úr nautgripum, sauðfé, hrossum eða öðrum dýrum við grun um salmonellu eða við eftirlitsverkefni sem eru framkvæmd til þess að fá nánari vitneskju um útbreiðslu salmonellu í öðrum dýrategundum en alifuglum og svínum. Slík eftirlitsverkefni voru ekki framkvæmd á árinu.

2.3.1. Alifuglar

Sýni eru reglulega tekin úr öllum eldshópum alifugla. Hópar sem greinast með salmonellu í eldi er fargað. Á árinu greindist *Salmonella* í 15 af 641 eldshópi kjúklinga sem svarar til 2,3% tíðni. Markmiðið er að tíðni salmonellu í eldshópum kjúklinga sé ekki hærra en 1%.

- *Salmonella* Agona greindist í fimm eldshópum kjúklinga á tveimur mismunandi búum. Líklega er ekki um nýsmit að ræða þar sem sermisgerðin hefur áður greinst á þessum búum.
- *Salmonella* Corvallis greindist í einum eldshópi. Líklega er ekki um nýsmit að ræða þar sem sermisgerðin hefur áður greinst á þessu búi.
- *Salmonella* Infantis greindist í fjórum eldshópum frá einu búi. Líklega er ekki um nýsmit að ræða þar sem sermisgerðin hefur áður greinst á þessu búi.
- *Salmonella* Worthington greindist í fimm hópum á fjórum mismunandi búum. Líklegt er að smitið hafi borist með fóðri inn á búin þar sem þetta var nýsmit og voru stofnarnir og stofn úr fóðurverksmiðju óaðgreinanlegir við stofnagreiningu (Pulsed-Field Gel Electrophoresis eða PFGE).

Á árinu greindist *Salmonella* í 2 af 43 eldshópum kalkúna sem svarar til 4,7% tíðni. *Salmonella* Worthington greindist í báðum tilfellum á tveimur mismunandi búum. Líklegt er að smitið hafi borist inn á annað búið með fóðri þar sem þetta var nýsmit og var stofninn og stofn úr fóðurverksmiðju óaðgreinanlegir við stofnagreiningu (PFGE). Á hinu búinu er ekki hægt að útiloka endursmit þar sem sermisgerðin hefur áður fundist á því búi en stofninn var þó óaðgreinanlegur frá stofni úr fóðurverksmiðju við stofnagreiningu (PFGE).

Tafla VII.2.3: Yfirlit yfir eldshópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. salmonellu

Ár	Fjöldi eldshópa	Fjöldi jákvæðra eldshópa	Hlutfall
2005	575	0	0,0%
2006	616	0	0,0%
2007	667	0	0,0%
2008	609	6	1,0%
2009	599	5	0,8%
2010	616	32	5,2%
2011	637	14	2,2%
2012	638	10	1,6%
2013	641	15	2,3%

2.3.2. Svín

Eftirlit með salmonellu í svínum er með þrennum hætti:

- Með kjötsafasýnum í sláturhúsum
- Með stroksýnum af svínaskrokkum í sláturhúsum
- Með saursýnatökum á svínabúum

Mótefni salmonellu eru mæld í kjötsafasýnum og gefa vísbendingu um smítalagið á hverju svínabúi. Á grundvelli kjötsafaprófs er svínabúum raðað í þrjá flokka. Röðunin byggir á útreikningi salmonellustuðuls, en þess hærra sem hann er því fleiri sýni hafa verið jákvæð í kjötsafaprófi á ákveðnu tímabili. Svínabú í 1. flokki eru með engan eða mjög lágan salmonellustuðul, en falla í 2. flokk og síðan í 3. flokk eftir því sem stuðullinn hækkar. Fyrri hluta árs voru flest búin í 1. flokki, en þó einstaka sem féllu í 2. flokk. Seinni hluta sumars fór þó stuðullinn hækkandi hjá mörgum svínabúum og varð svo að rúmlega helmingur svínabúa voru komin í 2. flokk og eitt bú í 3. flokk í lok árs. Ekki var hægt að finna sameiginlegan orsakavald þar sem mismunandi salmonellustofnar greindust á búunum og í öllum tilfellum sá stofn sem var áður þekktur á hverju búi.

Stroksýnin eru tekin til að fylgjast með salmonellumengun svínaskrokka við slátrun (sjá nánar í kafla VII:2.2.2.)

Saursýni eru tekin annarsvegar til að skima eftir sermisgerðum sem hugsanlega hafa smitað búin og hinsvegar að kanna hvort ný sermisgerð hafi borist inn á þau. Á árinu voru tekin saursýni á níu bæjum og greindist *Salmonella* á sex þeirra, eða í 66,7 % tilfella. Við þessu má búast miðað við þá fóðurtækni og fóðuraðferðir sem viðhafðar eru í svínaeldi hér á landi. Hráefni til fóðurgerðar eru oftast ómeðhöndluð þegar svínabændur fá þau til sín og getur því *Salmonella* borist með þeim inn á búin.

- *Salmonella* Typhimurium greindist á einu búi. Sermisgerðin hefur áður greinst á búinu.
- *Salmonella* Brandenburg greindist á tveimur mismunandi búum. Sermisgerðin hefur áður greinst á báðum búunum.
- *Salmonella* Infantis greindist á einu búi. Sermisgerðin hefur áður greinst á búinu.
- *Salmonella* Kedougou greindist á einu búi. Sermisgerðin hefur áður greinst á búinu.
- *Salmonella* Worthington greindist á einu búi. Sermisgerðin hefur áður greinst á búinu.

2.3.3. Nautgripir

Á árinu var leitað að mótefnum gegn *Salmonella* Dublin í mjólkursýnum frá 70 búum á landinu. Öll sýnin reyndust neikvæð.

2.3.4. Sauðfé

Salmonella greindist ekki í sauðfé á árinu.

2.3.5. Hross

Salmonella greindist ekki í hrossum á árinu.

2.4. Salmonella í fóðri

Fyrirtæki sem framleiða fóður og fiskimjöl taka reglulega sýni í þeim tilgangi að fylgjast með salmonellu. Sýnin eru tekin úr fóðurefnum til fóðurgerðar, við framleiðslu fóðurs og úr tilbúnu fóðri. Sýnataka er framkvæmd samkvæmt innra eftirliti fyrirtækjanna. Starfsmenn þeirra senda í hverjum mánuði yfirlit yfir sýnafjölda og niðurstöður rannsókna til Matvælastofnunar. Starfsmenn Matvælastofnunar taka nú árlega opinber sýni í fóðurverksmiðjum en í fiskimjölverksmiðjum þegar þörf er talin á. Sýni úr fóðurefnum til fóðurgerðar reynast oftár jákvæð m.t.t. salmonellu en úr fiskimjöli. Á árinu voru 29 opinber sýni tekin úr fóðurverksmiðjum og reyndist eitt þeirra jákvætt.

Tafla VII.2.4: Yfirlit yfir sýni úr fóðri og fiskimjöli vegna innra eftirlits fyrirtækjanna og greiningu þeirra m.t.t. salmonellu

	Fóður			Fiskimjöl		
	Fjöldi sýna	Jákvæð	Hlutfall	Fjöldi sýna	Jákvæð	Hlutfall
2009	480	6	1,3%	242	2	0,8%
2010	430	9	2,1%	547	1	0,2%
2011	359	7	1,9%	609	2	0,3%
2012	329	4	1,2%	899*	7	0,8%
2013	654	22	3,4%	814	0	0,0%

Tafla VII.2.5: Yfirlit yfir opinber sýni úr fóðri og fiskimjöli og greiningu þeirra m.t.t. salmonellu

	Fóður			Fiskimjöl		
	Fjöldi sýna	Jákvæð	Hlutfall	Fjöldi sýna	Jákvæð	Hlutfall
2012	0	0	0,0%	3	0	0,0%
2013	29	1	3,4%	0	0	0,0%

2.5. Yfirlit yfir salmonellu í dýrum og fóðri

Í neðangreindri töflu eru taldir upp stofnar sem greindust í sýnum sem tekin voru á árinu.

Tafla VII.2.5: Yfirlit yfir sermisgerðir salmonellu sem greindust í fólki, dýrum og fóðri á árinu 2013

Sermisgerð	Alifuglar	Svín	Fóðurhræfni	Fóður	Fólk*
<i>Salmonella</i> Agona	X				
<i>Salmonella</i> Brandenburg		X			
<i>Salmonella</i> Corvallis	X				
<i>Salmonella</i> Durban					X
<i>Salmonella</i> Enteritidis					X
<i>Salmonella</i> Infantis	X	X			X
<i>Salmonella</i> Kedougou		X			
<i>Salmonella</i> Newport			X		
<i>Salmonella</i> Saintpaul					X
<i>Salmonella</i> Typhimurium		X			X
<i>Salmonella</i> Worthington	X	X		X	
<i>Salmonella</i> Unnamed I Rough : i : -		X			
<i>Salmonella</i> spp.			X		X
<i>Salmonella enterica</i> subsp. <i>salamae</i>					X

*Salmonella af innlendum uppruna í fólki

2.6. Faraldsfræði og rannsóknir

Um mitt árið komu upp nokkur tilfelli af *Salmonella* Typhimurium í fólki. Þar sem það hafði fyrr á árinu greinst *Salmonella* Typhimurium á einu svínabúi var ákveðið að bera þann stofn við þá stofna sem fundust í fólki og þar með sjá hvort smitið hafði borist þaðan með afurðum. Niðurstaða stofnagreiningarinnar (PFGE) sýndi þó fram á að mjög ólíklegt væri um sama stofn að ræða og því ekki hægt að álykta um uppruna þessara tilfella.

3. Kampýlóbakter

Hér verður fjallað um kampýlóbakter í fólki, matvælum og alifuglum. Upplýsingar um fjölda kampýlóbaktertilfella í fólki eru fengnar frá embætti sóttvarnalæknis og frá sýklafræðideild Landspítalans. Tölur um kampýlóbakter í alifuglum eru unnar úr gögnum Matvælastofnunar vegna eftirlits með kampýlóbakter. Ræktun á kampýlóbakter úr sýnum úr dýrum og dýraafurðum fer fram á Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum og hjá Matís ohf. Ræktun á kampýlóbakter úr sýnum úr fólki fer fram á sýklafræðideild Landspítalans.


Eftirlit með kampýlóbakter í alifuglum fer samkvæmt áætlun Matvælastofnunar. Áætlunina er að finna á vef stofnunarinnar, www.mast.is, undir *Dýraheilbrigði - Eftirlit - Alifuglarækt*.

3.1 Kampýlóbakter í fólki

Uppruni kampýlóbakttersýkinga í fólki er oftast rakin til neyslu á kjúklingakjöti, neyslu ógerilsneyddrar mjólkur eða mengaðs drykkjarvatns. Algengast er að alifuglar smitist af kampýlóbakter í umhverfi þeirra. Fuglarnir geta smitað hverja aðra og smítalagið eykst. Smitist alifuglar af kampýlóbakter er hættu á að sýkillinn berist í fólk með afurðum þeirra.

Á árum áður var samhengi á milli neyslu ferskra kjúklingaafurða og sýkinga í fólki. Nú hefur tekist að lækka tíðni kampýlóbakter í eldshópum kjúklinga verulega og hefur tilfellum af innlendum uppruna í fólki fækkað að sama skapi. Á árinu 2011 fjölga hins vegar tilfellum af innlendum uppruna í fólki og verður að fara aftur til ársins 2005 til þess að finna fleiri tilfelli en það ár. Á árinu 2013 fjölga tilfellum í fólki aftur frá fyrra ári þrátt fyrir að tíðni kampýlóbakter í eldshópum hafi aldrei mælst lægri. Sem kunnugt getur fólk smitast af kampýlóbakter með öðrum hætti en við neyslu kjúklinga eins og nefnt er hér ofar.

Mynd VII.3.1: Fjöldi kampýlóbaktertilfella í fólki eftir uppruna og árum



3.2. Kampýlóbakter í alifuglum

Sýni eru tekin úr hverjum eldshópi tveimur til fimm dögum fyrir slátrun allt árið. Hópar sem greinast með kampýlóbakter í eldi eru frystir strax eftir slátrun. Þetta dregur úr líkum á að kampýlóbaktermengað alifuglakjöt fari á markað. Ef kampýlóbakter greinist ekki við eldi alifuglanna en greinist síðar við slátrun þeirra er sá hluti þeirra frystur sem ekki hefur verið sendur í verslanir.

Við slátrun eru tekin sýni úr botnlöngum kjúklinganna til rannsókna á kampýlóbakter. Engin sýni eru tekin úr sláturhópum m.t.t. kampýlóbakter yfir vetrarmánuðina, eða í janúar, febrúar, mars, nóvember og desember, þar sem líkur á jákvæðum hópum er hverfandi á þessum árstíma.

3.2.1. Kampýlóbakter í kjúklingum við slátrun

Á árinu greindist kampýlóbakter í 8 af 429 sláturhópum sem svarar til 1,9% tíðni, og hefur ekki greinst jafn lág síðan eftirlit hófst árið 2001.


Tafla VII.3.1: Yfirlit yfir fjölda sláturhópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. kampýlóbakter

Ár	Fjöldi sláturhópa	Fjöldi jákvæðra sláturhópa	Hlutfall
2005	636	66	10,4%
2006	730	90	12,3%
2007	777	69	8,9%
2008	706	82	11,6%
2009	702	53	7,5%
2010	668	88	13,2%
2011	695	60	8,6%
2012*	354	13	3,7%
2012*	229	7	3,1%
2013	429	8	1,9%

*Um miðvik ársins 2012 breyttist áætlun um eftirlit með kampýlóbakter við slátrun þannig að ekki eru tekin sýni á vetrarmánuðum og ekki frá þeim hópum sem eru þegar jákvæðir í eldi. Því er erfitt að bera saman niðurstöður frá seinni hluta árs 2012 og ársins 2013 við niðurstöður fyrri ára. Niðurstöður frá árinu 2012 koma því tvisvar fyrir í töflunni, fyrri hluti árs samkvæmt formerkjum fyrri ára og seinni hluti árs samkvæmt formerkjum breyttrar eftirlitsáætlunar.

3.2.2. Kampýlóbakter í eldi kjúklinga

Á árinu greindist kampýlóbakter í 9 af 637 eldishópum sem svarar til 1,4% tíðni. Það hefur aldrei áður mælst jafn lág tíðni síðan reglubundið eftirlit hófst árið 2001. Mynd VII.3.2. sýnir leitni í eldishópum kjúklinga sem greinast með kampýlóbakter eftir árum. Þessi góði árangur er fyrst og fremst rakinn til strangra smitvarna á búum.



Tafla VII.3.2: Yfirlit yfir fjölda eldishópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. kampýlóbakter

Ár	Fjöldi eldishópa	Fjöldi jákvæðra eldishópa	Hlutfall
2005	575	26	4,5%
2006	610	58	9,5%
2007	671	42	6,3%
2008	609	52	8,5%
2009	625	26	4,2%
2010	586	41	7,0%
2011	628	33	5,3%
2012	624	23	3,7%
2013	637	9	1,4%

3.2.3. Kampýlóbakter í eldi kalkúna

Á árinu greindist kampýlóbakter í 3 af 34 eldishópum kalkúna sem svarar til 8,8% tíðni.

3.3. Faraldsfræði og rannsóknir

Í kjölfar þess að tíðni kampýlóbakttersýkinga af innlendum uppruna í fólki jókst á árinu 2011, á sama tíma og tíðni kampýlóbakter í kjúklingum fór lækkandi var leitað skýringa á árinu 2013. Árið 2011 greindust 64 einstaklingar með kampýlóbakttersýkingu sem svarar til 20 tilfella/100.000 íbúa. En til samanburðar var á árunum 2006 til 2010 tíðnin hæst 13 tilfelli/100.000 íbúa á ári af kampýlóbakttersýkingum af innlendum uppruna.

Eduardo Taboada og hans hópur á kanadískri rannsóknarstofu fyrir matarbornar súnur (Laboratory for Foodborne Zoonoses (Lethbridge Unit)) hjá Public Health Agency of Canada, í samvinnu við kanadíska faraldsfræðinginn Ruff Lowmann, bauð fram aðstoð sína til að bera saman stofna úr fólki og kjúklingum frá árinu 2011. Á árinu voru því 34 stofnar úr fólki og 10 stofnar úr kjúklingum sem greindust á árinu 2011 send til Kanada og var það gert í samvinnu við sýklafræðideild Landspítalans og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Stofnarnir voru greindir m.t.t. skyldleika með CGF40 aðferð með 40 genasett (Comparative Genomic Fingerprinting Method) og bærust niðurstöðurnar í október 2013. Í samtals 44 stofnum greindust 15 mismunandi erfðafræðileg mynstur.

- Úr fólki voru 17 af 34 stofnum með eitt og sama mynstrið sem tákna að líklegt sé að uppruni sýkinga í fólki sé sameiginlegur. Enginn stofn úr kjúklingi sýndi sama mynstur og þessir 17.
- Í þremur mynstrum voru stofnar bæði frá fólki og úr kjúklingum. Stofnar þessir voru úr sláturhópum kjúklinga sem voru neikvæðir í eldi en jákvæðir við slátrun og því hafði afurðum þeirra verið dreift öfrosnum á markað, þ.e. kampýlóbaktermenguðum.
- Önnur mynstur (11) innihéldu annaðhvort stofna einungis úr fólki eða einungis úr kjúklingum.

Ekki voru allir jákvæðir stofnar ársins 2011 sendir til greiningar, m.a. vegna þess að ekki var hægt að rækta þá upp aftur. Því er þessi greining einungis vísbending um að aukning á tíðni kampýlóbakter af innlendum uppruna í fólki árið 2011 sé að litlu leyti hægt að rekja til neyslu innlendra kjúklinga. Eins og áður hefur komið fram er einnig hægt að rekja uppruna kampýlóbakttersýkinga í fólki til annars en neyslu á kjúklingakjöti, t.d. neyslu ógerilsneyddrar mjólkur eða mengaðs drykkjarvatns. Á árinu 2011 var flutt inn tvöfalt meira magn af hráu frosnu kjúklingakjöti en á árunum 2010 og 2012. Ekki hafa verið tekin sýni úr innfluttu kjúklingakjöti eða öðrum mögulegum orsakavöldum m.t.t. kampýlóbakter og því ekki vitað um kampýlóbakterstofna sem í þeim kynnu að greinast.


4. E. coli 0157

4.1. E. coli (VTEC/EHEC) 0157 í fólki

Sumir stofnar *E. coli* bakteríunnar geta valdið sjúkdómum í fólki. Einn af þeim er svokallaður EHEC eða VTEC en hann veldur niðurgangi og í sumum tilvikum alvarlegum skemmdum í nýrum. Þessi stofn er stundum nefndur „hamborgarabakterían“ því hann greindist fyrst í hamburgurum.

Hjá embætti sóttvarnalæknis voru þrjú tilfelli af *E. coli* 0157 skráð í fólki á árinu og voru þau öll af innlendum uppruna. Eins og sést á Mynd VII.4.1 greinast hér á landi reglulega mismörg tilfelli af *E. coli* 0157 af innlendum uppruna í fólki. Erfitt getur verið að skýra út hver sé uppruni sýkinga í fólki nema frekari rannsóknir komi til. Árið 2007 þegar átta tilfelli greindust í fólki barst grunur að pökkuðu jöklasalati frá Hollandi.

Mynd VII.4.1: Fjöldi tilfella af *E. coli* 0157 í fólki eftir uppruna og árum



4.2. E. coli (VTEC/EHEC) 0157 í dýrum og matvælum

E. coli 0157 hefur aldrei greinst í búfé hér á landi svo vitað sé en erlendis er algengast að finna hann í nautgripum og sauðfé. Í samráði við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum lét Matvælastofnun kanna árið 2010 hvort finna mætti þennan tiltekna stofn á nautgripabúum hér á landi en stofninn greindist ekki. Engar rannsóknir á vegum Matvælastofnunar fóru fram á sýnum úr dýrum eða matvælum á árinu m.t.t. *E.coli* 0157.

5. Listería

5.1. Listería í fólki

Listeria monocytogenes er fyrst og fremst sú sermisgerð sem er sjúkdómsvaldandi í fólki. Á vef Landlæknis má finna upplýsingar um sýkingar af völdum *Listeria monocytogenes*. Þar kemur m.a. fram að það séu helst nýfædd börn og fóstur í móðurkviði sem eru í hættu þegar sýking á sér stað því hún getur leitt til fósturláts eða dauða. Eldra fólki virðist einnig hættara við að veikjast samanborið við fullfrískt ungt fólk sem veikist nánast aldrei.

Hjá Embætti landlæknis er skráð eitt tilfalli af *Listeria monocytogenes* í fólki á árinu og var það af innlendum uppruna.

5.2. Listería í matvælum

Engar rannsóknir á vegum Matvælastofnunar fóru fram á sýnum úr matvælum á árinu m.t.t. *Listeria monocytogenes*.

6. Hvísótt (Q-fever)

Á árinu var leitað að mótefnum gegn hvísóttarbakteríunni í mjólkursýnum frá 70 búum á landinu. Öll sýnin reyndust neikvæð m.t.t. mótefna gegn bakteríunni.

Tafla VII.5.1: Fjöldi *Listeria monocytogenes* í fólki eftir árum. Öll tilfallin eru af innlendum uppruna.

Ár	Fjöldi tilfella
2007	4
2008	0
2009	0
2010	1
2011	1
2012	4*
2013	1

*Þrjú tilfalli af óþekktum uppruna

7. Sýklalyfjapól

Mikilvægt er að safna upplýsingum um sýklalyfjapól sýnuvalda. Sýnuvaldar sem eru þólnir gegn mörgum sýklalyfjum geta reynst fólki hættulegir. Smiti fjölþólnir sýnuvaldar fólk getur það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér ef fá eða engin sýklalyf eru tiltæk til meðhöndlunar við þeim sýkingum.

7.1. Sýklalyfjapólsprófanir á salmonellu

Sýklalyfjapól (klínísk þröskuldsgildi) var mælt í öllum salmonellustofnum sem greindust á árinu eða 17 sýnum úr alifuglum og alifuglaafurðum, 16 sýnum úr svínnum og svínaafurðum og 12 úr fódri og fódurhræfnum. Þau sýklalyf sem salmonellustofnarnir voru prófaðir fyrir eru eftirfarandi:

- Ampicillin (AMP)
- Ceftriaxone (CEFT)
- Choramphenicol (CHL)
- Trimethoprim/Sulfamethoxazole (TMP/SULFA)
- Ciprofloxacin (CIPRO)

Af þeim 45 salmonellustofnum sem voru prófaðir reyndust 41 þeirra næmir fyrir öllum prófuðum sýklalyfjum. Í fjórum stofnum mældist þol gegn sýklalyfjum og voru þeir allir úr svínnum eða svínaafurðum.

- Á tveimur mismunandi svínabúum greindist *Salmonella* Brandenburg í saursýnum og mældist þol í báðum stofnum gegn AMP og TMP/SULFA.
- Á einu svínabúi greindist *Salmonella* Kedougou í saursýni og mældist þol gegn AMP og TMP/SULFA.
- Í einu stroksýni greindist *Salmonella* Unnamed I Rough : i : - og mældist þol gegn AMP.

Tafla VII.7.1: Yfirlit yfir sermisgerðir salmonellu sem mældist þol gegn sýklalyfjum á árinu 2013

Sermisgerðir	Uppruni	AMP	CEFT	CHL	TMP/SULFA	CIPRO
<i>Salmonella</i> Brandenburg	Svín/Saursýni	R	S	S	R	S
<i>Salmonella</i> Brandenburg	Svín/Saursýni	R	S	S	R	S
<i>Salmonella</i> Kedougou	Svín/Saursýni	R	S	S	R	S
<i>Salmonella</i> Unnamed I Rough : i : -	Svín/Stroksýni	R	S	S	S	S

S (sensitive) = næmi fyrir viðkomandi lyfi. R (resistant) = þol gegn viðkomandi lyfi.

7.2. Sýklalyfjapólsprófanir á kampýlobakter

Sýklalyfjapól var mælt í 16 af 17 kampýlobakterstofnum sem greindust í kjúklingum á árinu. Þau sýklalyf sem kampýlobakterstofnarnir eru prófaðir fyrir eru eftirfarandi:

- Erythromycin
- Ciprofloxacin
- Tetracyclin
- Streptomycin
- Gentamicin

Af þeim 16 kampýlobakterstofnum sem voru prófaðir reyndust 15 þeirra næmir fyrir öllum prófuðum sýklalyfjum. Í einum stofni mældist þol gegn tetracyclin.



1. Starfsmannalisti*

Jón Gíslason, forstjóri
Sigurður Guðmundsson, gæðastjóri

1.1. Dýraheilbrigðisvið

Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir
Auður Lilja Arnþórsdóttir, sérgreinadýralæknir
Brigitte Brugger, sérgreinadýralæknir
Gísli Jónsson, sérgreinadýralæknir
Guðrún Lind Rúnarsdóttir, sérfræðingur
Sigríður Björnsdóttir, sérgreinadýralæknir
Sigríður Gíslasdóttir, sérgreinadýralæknir
Vigdís Tryggvadóttir, sérgreinadýralæknir
Þorsteinn Ólafsson, sérgreinadýralæknir
Þóra J Jónasdóttir, sérgreinadýralæknir

1.2. Matvælaöryggis- og neytendamálasvið

Sigurður Örn Hansson, forstöðumaður
Ásgeir Ragnarsson, sérfræðingur
Dóra Sigrún Gunnarsdóttir, fagsviðsstjóri
Eiríkur Þórkelsson, sérfræðingur
Garðar Sverrisson, fagsviðsstjóri
Halldór Pétur Þorsteinsson, sérfræðingur
Héðinn Friðjónsson, sérfræðingur
Ísleifur Arnarson, sérfræðingur
Jón Ágúst Gunnlaugsson, sérfræðingur
Kjartan Hreinsson, sérgreinadýralæknir
Margrét Björk Sigurðardóttir, fagsviðsstjóri
Rikard Thorstensen, sérfræðingur
Sigrún Ólafsdóttir, sérfræðingur
Stefán Vilhjálmsson, fagsviðsstjóri
Valgeir Bjarnason, sérfræðingur
Þór Gunnarsson, fagsviðsstjóri

1.3. Rekstrar- og mannauðssvið

Stefán Guðmundsson, forstöðumaður
Anna Dóra Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri
Dalla Rannveig Jónsdóttir, skrifstofumaður
Elín Eir Jóhannesdóttir, skrifstofumaður
Hjalti Andrason, fræðslustjóri
Ingunn Ólafsdóttir, skrifstofumaður
María Ragna Lúðvígsdóttir, kerfisstjóri
Ragnheiður Ingibjörg Jónsdóttir, skrifstofumaður
Sveinn Ólafsson, skjalastjóri

1.4. Stjórnsýslusvið

Viktor Stefán Pálsson, forstöðumaður
Ástfríður M Sigurðardóttir, fagsviðsstjóri
Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir, lögfræðingur
Helga Margrét Pálsdóttir, sérfræðingur
Ingibjörg Jónsdóttir, sérfræðingur
Jónína Þrúður Stefánsdóttir, fagsviðsstjóri
Katrín Guðjónsdóttir, sérfræðingur

Steinþór Arnarson, lögfræðingur
Sverrir Þ Sverrisson, sérfræðingur
Zulema Clara Sullca Porta, sérfræðingur

1.5. Inn- og útflutningsskrifstofa

Þorvaldur H Þórðarson, framkvæmdastjóri
Charlotta Oddsdóttir, sérgreinadýralæknir
Haukur Bragason, sérfræðingur
Helga Ösp Jónsdóttir, fagsviðsstjóri
Herdís Guðjónsdóttir, sérfræðingur
Jón Guðmundsson, sérfræðingur
Margrét Bragadóttir, fagsviðsstjóri
Sigmar Julian Halldórsson, sérfræðingur
Valgerður H. Hauksdóttir, skrifstofumaður

1.6. Suðvesturumdæmi

Konráð Konráðsson, héraðsdýralæknir
Aðalsteinn Sveinsson, eftirlitsdýralæknir
Fidel Canosa Rodrigues, eftirlitsdýralæknir
Maríanna Bergsteinsdóttir, eftirlitsdýralæknir
Pia Gunni Vestergaard, eftirlitsdýralæknir
Sonja Hrund Steinarsdóttir, eftirlitsdýralæknir

1.7. Vesturumdæmi

Flora-Josephine Hagen Liste, héraðsdýralæknir

1.8. Norðvesturumdæmi

Björn Steinbjörnsson, héraðsdýralæknir
Einar Otti Guðmundsson, eftirlitsdýralæknir

1.9. Norðausturumdæmi

Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir
Ármann Gunnarsson, eftirlitsdýralæknir
Eva Cárdenes Armas, eftirlitsdýralæknir
Freydís Dana Sigurðardóttir, eftirlitsdýralæknir
Oddgeir Sigurjónsson, sérfræðingur
Sif Sigurðardóttir, eftirlitsdýralæknir

1.10. Austurumdæmi

Eyrún Arnardóttir, héraðsdýralæknir

1.11. Suðurumdæmi

Gunnar Þorkelsson, héraðsdýralæknir
Sigrún Bjarnadóttir, eftirlitsdýralæknir
Svetlana Ponkratova, eftirlitsdýralæknir

* Starfsmenn í lok árs 2013

2. Lagabreytingar

2.1. Lög

Nr. 20/2013
Lög um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994 (lyfjablandað fóður).
Nr. 38/2013
Lög um búfjárhald.

2.2. Matvælastofnun

Nr. 59/2013
Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 567/2012 um gjaldskrá fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar.

2.3. Stjórnsýslufyrirmæli vegna matvælaöryggis og neytendamála

2.3.1. Hollustuhátta- og eftirlitsgerðir

Nr. 41/2013
Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 580/2012 um framleiðslu og markaðssetningu aðila undir smáræðismörkum á matvælum og afhendingu frumframleiðenda á litlu magni matvæla beint til neytenda og staðbundinna smásölufyrirtækja.

Nr. 352/2013
Reglugerð um (8.) breytingu á reglugerð nr. 104/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.

Nr. 366/2013
Reglugerð um (6.) breytingu á reglugerð nr. 105/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til mannelis (EB gerð 739/2011).

Nr. 369/2013
Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 136/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 2075/2005 um sértækar reglur um opinbert eftirlit með tríkínu í kjöti (EB gerð 1109/2011).

Nr. 370/2013
Reglugerð um (8.) breytingu á reglugerð nr. 104/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.

2.3.2. Innflutningur

Nr. 162/2013
Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 284/2011 um gildistöku reglugerðar EB nr. 1152/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína og um að fella úr gildi ákvörðun 2006/504/EB.

Nr. 349/2013
Reglugerð um gildistöku reglugerðar EB nr. 996/2012 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fóðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 284/2012.

Nr. 55/2013
Lög um um velferð dýra.
Nr. 143/2013
Lög um um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (eftirlit, verkaskipting, gjaldskrárheimild).

Nr. 67/2013
Reglugerð um brottfall reglugerðar nr. 782/1999 um embætti yfirdýralæknis.

Nr. 518/2013
Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 835/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 669/2009 um framkvæmd reglugerðar EB nr. 882/2004 að því er varðar auknið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fóðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu

Nr. 519/2013
Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 284/2011 um gildistöku reglugerðar EB nr. 1152/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína og um að fella úr gildi ákvörðun 2006/504/EB.

2.3.3. Aukefni, bragðefni, ensím

Nr. 397/2013
Reglugerð um gildistöku reglugerðar ESB nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð EB nr. 1333/2008.

Nr. 398/2013
Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 978/2011 um gildistöku reglugerðar EB nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum.
Nr. 404/2013

Reglugerð um gildistöku reglugerðar ESB nr. 873/2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð EB nr. 1334/2008.

Nr. 499/2013
Reglugerð um (5.) breytingu á reglugerð nr. 978/2011 um gildistöku reglugerðar EB nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum.
Nr. 406/2013

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 873/2012 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 234/2011 um framkvæmd reglugerðar EB nr. 1331/2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum.

Nr. 408/2013
Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 980/2011 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli.

Nr. 872/2013

Reglugerð um (6.) breytingu á reglugerð nr. 978/2011 um gildistöku reglugerðar EB nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum

2.3.4. Aðskotaefni (þ.m.t. varnarefni)**Nr. 399/2013**

Reglugerð um (19.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk.

Nr. 400/2013

Reglugerð um (13.) breytingu á reglugerð nr. 672/2008 um hámarksgildi varnarefnaleifa í matvælum og fóðri.

Nr. 403/2013

Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 265/2010 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum.

Nr. 405/2013

Reglugerð um gildistöku reglugerðar ESB nr. 252/2012 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi díoxína, díoxínlíkra PCB-efna og ódíoxínlíkra PCB-efna í tilteknum matvælum og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1883/2006.

Nr. 871/2013

Reglugerð um (14.) breytingu á reglugerð nr. 672/2008 um hámarksgildi varnarefnaleifa í matvælum og fóðri.

Nr. 1109/2013

Reglugerð um (15.) breytingu á reglugerð nr. 672/2008 um hámarksgildi varnarefnaleifa í matvælum og fóðri.

Nr. 1137/2013

Reglugerð um samræmda eftirlitsáætlun fyrir árin 2013, 2014 og 2015 vegna hámarksgilda varnarefnaleifa og mats á þeim váhrifum sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu.

2.3.5. Fullyrðingar og íblöndun**Nr. 402/2013**

Reglugerð um leyfi eða synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu.

Nr. 407/2013

Reglugerð um gildistöku reglugerðar ESB nr. 307/2012 um framkvæmdarreglur vegna beitingar 8. gr. reglugerðar EB nr. 1925/2006 um að bæta vítamínum og steinefnum og tilteknum öðrum efnum við í matvæli.

Nr. 873/2013

Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 406/2010 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli.

Nr. 1110/2013

Reglugerð um gildistöku reglugerðar ESB nr. 489/2012 um framkvæmdarreglur vegna beitingar 16. gr. reglugerðar EB nr. 1925/2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli.

2.3.6. Fóður, áburður, sáðvara**Nr. 105/2013**

Reglugerð um (7) breytingu á reglugerð nr. 630/2007 um ólífrænan áburð.

Nr. 368/2013

Reglugerð um (65.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri

Nr. 375/2013

Reglugerð um (24.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

Nr. 395/2013

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 107/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 183/2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður.

Nr. 607/2013

Reglugerð um framleiðslu og dreifingu lyfjablandaðs fóðurs handa dýrum.

Nr. 608/2013

Reglugerð um framleiðslu og dreifingu lyfjablandaðs fóðurs handa fiski, krabbadýrum og lindýrum.

Nr. 946/2013

Reglugerð um (25.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

Nr. 951/2013

Reglugerð um (26.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

Nr. 1069/2013

Reglugerð um (65.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

2.3.7. Annað - Matvæli**Nr. 396/2013**

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 568/2008 um góða framleiðsluhætti að því er varðar efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli.

Nr. 975/2013

Reglugerð um manneldiskröfur varðandi aldinsafa og sambærilegar vörur.

Nr. 999/2013

Reglugerð um notkun Skráargatsins við markaðssetningu matvæla.

Nr. 1010/2013

Reglugerð um veiðar á ígulkerum.

Nr. 1011/2013

Reglugerð um veiðar á kúfiskel.

Nr. 1012/2013

Reglugerð um veiðar á beitukóngi í gildrur.

Nr. 1013/2013

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 795/2013 um veiðar á sæbjúgum.

2.43. Stjórnsýslufyrirmæli vegna heilbrigðis og velferðar dýra**2.4.1. Fiskeldi****Nr. 220/2013**

Reglugerð um ráðstafanir til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum.

Nr. 221/2013

Reglugerð um framkvæmd tilskipunar 2006/88/EB að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu ríkja, svæða og hólfa.

Nr. 271/2013

Reglugerð um rafrænt aðgengi að upplýsingum um lagareldisfyrirtæki og viðurkenndar vinnslustöðvar.

Nr. 272/2013

Reglugerð um viðmiðunarreglur fyrir áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2006/88/EB.

Nr. 273/2013

Reglugerð um kröfur varðandi sóttkví fyrir lagareldisdýr.

Nr. 367/2013

Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1254/2008 um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum, með síðari breytingum.

Nr. 517/2013

Reglugerð um brottfall reglugerðar nr. 311/2011 um gildistöku reglugerðar EB nr. 601/2008 um verndarráðstafanir sem gilda um tilteknar lagarafurðir sem eru fluttar inn frá Gabon og eru ætlaðar til manneldis.

2.4.2. Dýrasjúkdómar**Nr. 371/2013**

Reglugerð um gildistöku reglugerðar ESB nr. 233/2012 um framkvæmd reglugerðar ESB nr. 999/2001 að því er varðar samþykkt breyttrar landsáætlunar um varnir gegn riðuveiki.

Nr. 372/2013

Reglugerð um gildistöku reglugerðar ESB nr. 200/2012 varðandi það markmið Sambandsins að draga úr Salmonella enteritidis og Salmonella typhimurium í hópum holdakjúklinga, eins og kveðið er á um í reglugerð EB nr. 2160/2003.

Nr. 996/2013

Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 911/2011 um garnaveiki og varnir gegn henni.

Nr. 1124/2013

Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 41/2012 um gildistöku reglugerðar EB nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrórnunar.

2.4.3. Dýraheilbrigði - annað**Nr. 1160/2013**

Reglugerð um gæðastýrða sauðfjáramleiðslu.

Nr. 1187/2013

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1037/2013 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2014.



3. Vöktun aðskotaefna

Tafla VII.3.1: Mæling aðskotaefna 2013

Lyfjaflokkur	Dýrategund/-afurð										Yfir mörkum	Rannsóknastofa
	Alifuglar	Hross	Nautgripir	Sauðfé	Svín	Egg	Mjók	Eldisfiskur	Hreindýr			
A Ólögleg lyf	60	30	54	60	15	30	100	27	0	0		
A1 Stilbenes	10	4	10	10	3			9		0	SLV/FVST	
A2 Thyrostats	10	4	8	10	2					0	SLV	
A3 Sterar	10	4	10	10	3			9		0	SLV/FVST	
A4 Zeranol	10	4	10	10	3					0	SLV	
A5 Beta-agonistar	10	4	8	10	2					0	SLV	
A6 Klórampfenicol	10	10	8	10	2	30	100	9		0	SLV/FVST	
B Efni/lyf (MRL)*	58	53	35	233	25	120	285	56	5	0		
B1 Sýklalyf	10	12	13	93	7	60	180	20	0	0		
30 sýklalyf	10	12	13	93	7			20		0	SLV	
Tetracyclines, beta-lactams							90			0	SLV	
Macrolides, kinol, sulfonam.							90			0	SLV	
Tetracyclines						30				0	SLV	
Sulfonamides						30				0	SLV	
B2 Önnur lyf	38	31	14	102	14	30	60	7	0	0		
B2a Benzimidazoles	20	12	4	70	4		30	7		0	SLV/FVST	
B2b Anticoccidials	10	2	2	20	4	30				0	SLV	
B2c Carbamates	4	4	2	4	1					0	SLV	
B2d Sedatives		6	2	4	1					0	SLV	
B2e NSAIDs	4	7	3	4	4		20			0	SLV	
B2f Corticosteroids			1				10			0	SLV	
B3 Aðskotaefni	10	10	8	38	4	30	45	29	5	0		
B3a Klórlífræn efni	4	2	2	5	1	10	10	7		0	Eurofins	
B3b Fosfórsambönd		2	1	5	1		5			0	Eurofins	
B3c Blý, kadmín	4	4	3	25	1	20	20		5	0	Matis	
Blý, kadmín og kvikasilfur								11		0	Matis	
B3d Mycotoxin	2	2	2	3	1		10	3		0	SLV	
B3e Malakít grænt								8		0	FVST	
Heildarfjöldi sýna	118	83	89	293	40	150	385	83	5	0	Alls: 1246	

*Lyf og aðskotaefni með hámarksgildi leifa (MRL = Maximum Residue Limit)

SLV = Livsmedelsverket (Svíþjóð)

FVST = Fødevarestyrelset (Danmörku)

Eurofins = Eurofins Lidkjöping (Svíþjóð)

Matis ohf (Reykjavík)

4. Niðurstöður kjötmats

Yfirlit yfir yfirkjötmát er að finna í kafla III.8.2.1. Hér að neðan eru helstu niðurstöður kjötmats 2013:

Mynd VIII.3.1: Flokkun diilka 2013 (alls innvegið 8.660.020 kg, meðalvigt 15,98 kg)

Fjöldi	1	2	3	3+	4	5	Samtals
E	0	1.000	4.238	2.267	463	59	8.027
	0,00%	0,18%	0,78%	0,42%	0,09%	0,01%	1,48%
U	69	30.381	68.020	22.371	3.493	202	124.536
	0,01%	5,61%	12,55%	4,13%	0,64%	0,04%	22,98%
R	4.991	203.477	135.499	17.506	1.452	52	362.977
	0,92%	37,55%	25,00%	3,23%	0,27%	0,01%	66,98%
O	9.879	33.390	851	5	0	0	44.125
	1,82%	6,16%	0,16%	0,00%	0,00%	0,00%	8,14%
P	2.057	168	3	0	0		2.228
	0,38%	0,03%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,41%
Samtals	16.996	268.416	208.611	42.149	5.408	313	541.893
	3,14%	49,53%	38,50%	7,78%	1,00%	0,06%	100,00%

Mynd VIII.3.2: Flokkun ungnautakjöts 2013

Flokkur	Fjöldi	Vigt (kg)	% af fjölda	Meðalvigt
UN ÚRV. M	27	7.013	0,25	259,7
UN ÚRV. A	939	266.078	8,85	283,4
UN ÚRV. B	71	17.739	0,67	249,8
UN ÚRV. C	16	4.321	0,15	270,1
UN I M	137	22.276	1,29	162,6
UN I M+	1035	203.033	9,75	196,2
UN I A	7409	1.707.787	69,82	230,5
UN I B	385	83.522	3,63	216,9
UN I C	116	27.121	1,09	233,8
UN II M	163	18.282	1,54	112,2
UN II M+	116	15.857	1,09	136,7
UN II A	198	27.766	1,87	140,2
UN II B	0	0	0,00	0,0
UN II C	0	0	0,00	0,0
Samtals	10.612	2.400.795	100,00	226,2
N (bolakjöt)	51	12.752		250,0

Mynd VIII.3.3: Flokkun kýrkjöts 2013

Flokkur	Fjöldi	Vigt (kg)	% af fjölda	Meðalvigt
K I U A	1202	221.998	14,84	184,7
K I U B	392	82.579	4,84	210,7
K I U C	157	38.767	1,94	246,9
K I A	3166	610.153	39,10	192,7
K I B	1491	330.836	18,41	221,9
K I C	610	155.613	7,53	255,1
K II	874	137.839	10,79	157,7
K III	206	29.258	2,54	142,0
Samtals	8.098	1.607.043	100,00	198,4

Mynd VIII.3.4: Flokkun grísakjöts 2013 (svínakjöt alls 76.688 stk. 6.338.502 kg)

Flokkur	Fjöldi	% af fjölda	Vigt (kg)	% af þunga	Meðalvigt
GRÍS ÚRVAL	7.866	10,51	660.265	10,82	83,94
GRÍS IA (m. X & XX)	66.371	88,68	5.386.315	88,26	81,15
GRÍS IB	420	0,56	40.512	0,66	96,46
GRÍS IC	77	0,10	7.899	0,13	102,58
GRÍS II	2	0,00	144	0,00	72,00
GRÍS IV	81	0,11	6.505	0,11	80,31
UNGGRÍS	29	0,04	1.072	0,02	36,97
Samtals	74.846	100,00	6.102.712	100,0	81,54

Mynd VIII.3.5: Fjöldi skrokka hrossakjöts 2013 (hrossakjöt alls 9.758 stk. 1.293.119 kg)

Folöld		Tryppi		Eldri hross	
UFO I	5	TR I A	269	HR I A	4823
FO I A	4232	TR I B	0	HR I B	49
FO I B	62	TR II	3	HR II	113
FO II	50			UH I	152
Alls stk.	4349	Alls stk.	272	Alls stk.	5137
Innvegið kg	337.974	Innvegið kg	34.253	Innvegið kg	920.892
Meðalvigt	77,7	Meðalvigt	125,9	Meðalvigt	179,3

Allir flokkar skráðir án hupps og síðu (pístóluskorið)

...frá heilbrigði til hollustu